

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1129

frá 14. júní 2017

um lýsingu sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þessi reglugerð er mikilvægt skref í átt að því að koma á fjármagnsmarkaðabandalagi (e. Capital Markets Union) eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 2015, sem ber titilinn „Aðgerðaáætlun um að koma fót fjármagnsmarkaðabandalagi“. Markmiðið með fjármagnsmarkaðabandalaginu er að hjálpa fyrirtækjum að sækja í fjölbreyttari uppsprettur fjármagns hvaðanæva úr Evrópusambandinu („Sambandið“), gera markaði skilvirkari og bjóða fjárfestum og sparfjáreigendum fleiri valkosti til að ávaxta peningana sína, til að auka vöxt og skapa störf.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB ⁽⁴⁾ mælir fyrir um samræmdar meginreglur og reglur um lýsingu sem skal semja, samþykka og birta við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði. Í ljósi þróunar á löggjöf og markaði frá gildistöku hennar ætti að fella þá tilskipun úr gildi og þessi reglugerð að koma í hennar stað.
- 3) Birting upplýsinga um útboð á verðbréfum á almennum markaði eða skráningu verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er mikilvæg til að vernda fjárfesta með því að koma í veg fyrir ósamræmi í upplýsingum milli þeirra og útgefanda. Samræming slíkrar birtingar gerir það kleift að koma á vegabréfafyrirkomulagi yfir landamæri sem gerir skilvirka starfsemi innri markaðarins mögulega að því er varðar margs konar verðbréf.
- 4) Mismunandi nálgun myndi hafa í för með sér uppskiptingu innri markaðarins þar sem útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði myndu falla undir mismunandi reglur í mismunandi aðildarríkjum og það gæti komið í veg fyrir að lýsingar sem samþykktar hafa verið í einu aðildarríki gætu verið notaðar í öðrum aðildarríkjum. Ef ekki er um að ræða samræmdan ramma til að tryggja einsleitni upplýsingagjafar og virkni Evrópupassans í Sambandinu er líklegt að mismunur á lögum aðildarríkja myndi skapa hindranir á snurðulausri starfsemi innri markaðarins með verðbréf. Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og bæta skilyrði fyrir virkni hans, einkum að því er varðar fjármagnsmarkaði, og til að tryggja öflugan vernd neytenda og fjárfesta, þykir því rétt að mæla fyrir um regluramma um lýsingar á vettvangi Sambandsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 195, 2.6.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 177, 18.5.2016, bls. 9.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 5. apríl 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 16. maí 2017.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- 5) Rétt og nauðsynlegt þykir að reglurnar um birtingu upplýsinga, þegar verðbréf eru boðin út á almennum markaði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, séu á lagalegu formi reglugerðar til að tryggja að ákvæðum, sem leggja með beinum hætti skyldur á aðila sem taka þátt í útboði á verðbréfum á almennum markaði og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sé beitt með samræmdum hætti um gervallt Sambandið. Þar sem lagarammi um gerð lýsinga felur óhjákvæmilega í sér ráðstafanir sem tilgreina nákvæmar kröfur varðandi alla mismunandi þætti lýsinga gæti jafnvel lítið frávik frá nálgun að því er varðar þessa þætti haft í för með sér verulegar hindranir fyrir útboð á verðbréfum yfir landamæri, fyrir skráningar á marga skipulega verðbréfamarkaði og fyrir reglur Sambandsins um neytendavernd. Því ætti beiting reglugerðar, sem gildir án frekari lögfestingar í landslög, að draga úr líkunum á að mismunandi ráðstöfunum sé beitt á landsvísu og ætti að tryggja samræmda nálgun, aukna réttarvissu og koma í veg fyrir slíkar verulegar hindranir. Beiting reglugerðar mun einnig efla tiltrú á gagnsæi markaða um gervallt Sambandið og einfalda reglur auk þess að draga úr leitar- og hlítarkostnaði fyrirtækja.
- 6) Matið á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB ⁽¹⁾ hefur leitt í ljós að markmiðunum með tilteknum breytingum sem innleiddar voru með þeirri tilskipun hefur ekki verið náð og að frekari breytingar á fyrirkomulagi lýsinga í Sambandinu eru nauðsynlegar til að einfalda og bæta beitingu hennar, auka skilvirkni hennar og alþjóðlega samkeppnishæfni Sambandsins og stuðla þannig að því að draga úr stjórnsýsluálagi.
- 7) Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja vernd fjárfesta og skilvirkni markaða samhliða því að bæta innri markaðinn með fjármagn. Tilhögun upplýsingamiðlunar, sem samkvæmt eðli útgefanda og verðbréfa er nauðsynleg til að gera fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun, tryggir, ásamt reglum um viðskiptahætti, vernd fjárfesta. Ennfremur eru slíkar upplýsingar vel til þess fallnar að auka tiltrú almennings á verðbréfum og stuðla þannig að eðlilegri starfsemi og þróun verðbréfamarkaða. Í því skyni að koma þeim upplýsingum á framfæri er viðeigandi að birta lýsingu.
- 8) Kröfur um upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð koma ekki í veg fyrir að aðildarríki, lögbært yfirvald eða kauphöll setji, samkvæmt reglum sínum, aðrar sérstakar kröfur í tengslum við skráningu verðbréfa á skipulegan markað, einkum að því er varðar stjórnarhætti fyrirtækja. Slíkar kröfur ættu ekki, beint eða óbeint, að takmarka samningu, innihald og dreifingu lýsingar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.
- 9) Verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, gefin út af aðildarríki, svæðis- eða staðaryfirvaldi aðildarríkis, opinberri, alþjóðlegri stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum aðildarríkjanna, ættu ekki að falla undir þessa reglugerð og þessi reglugerð ætti þar með ekki að hafa áhrif á þau.
- 10) Skyldan að birta lýsingu ætti að gilda um bæði hlutabréfatengd verðbréf og verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem boðin eru út á almennum markaði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum til að tryggja vernd fjárfesta. Sum verðbréf, sem falla undir þessa reglugerð, veita handhafa rétt til að kaupa framseljanleg verðbréf eða fá uppgjör í reiðufé við uppgreiðslu sammings sem ákvarðast af vísun til annarra þátta, einkum framseljanlegra verðbréfa, gjaldmiðla, vaxta eða ávöxtunarkröfu, hrávöru eða annarra vísitalna eða mælikvarða. Þessi reglugerð nær einkum yfir áskriftarrétt, varinn áskriftarrétt, skírteini, innláns skírteini og breytanlegar skuldaviðurkenningar, s.s. verðbréf sem breytanleg eru að ósk fjárfestis.
- 11) Til að tryggja að lýsingin verði samþykkt og fái Evrópuþessa og að eftirlit sé með því að farið sé að þessari reglugerð skal tilgreina lögbært yfirvald fyrir hverja lýsingu. Þar af leiðandi ætti reglugerðin með skýrum hætti að ákvarða heimaaðildarríkið sem er best til þess fallið að samþykkja lýsinguna.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samþæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað (Stjtið. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- 12) Fyrir útboð verðbréfa á almennum markaði sem eru samtals að andvirði undir 1 000 000 evrum er líklegt að kostnaðurinn við að útbúa lýsingu í samræmi við þessa reglugerð sé ekki í réttu hlutfalli við fyrirhugaðan ávinning af útboðinu. Því er viðeigandi að skyldan að gera lýsingu samkvæmt þessari reglugerð gildi ekki um tilboð af þeirri stærðargráðu. Aðildarríki ættu ekki að rýmka skylduna um að gera lýsingu í samræmi við þessa reglugerð til að hún nái yfir útboð á verðbréfum á almennum markaði sem ná samtals ekki þeirri viðmiðunarfrjárhæð. Þó ættu aðildarríki að geta sett aðrar kröfur um upplýsingagjöf á landsvísu að því marki sem slíkar kröfur fela ekki í sér óhóflegt eða óþarfa álag í tengslum við slík útboð verðbréfa.
- 13) Í ljósi mismunandi stærðar fjármálamarkaða innan Sambandsins þykir því rétt að gefa aðildarríkjunum kost á að undanskilja útboð á verðbréfum á almennum markaði, sem eru ekki umfram 8 000 000 evrum, frá skyldunni til að birta lýsingu eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Einkum ættu aðildarríkjunum að vera frjálst að mæla fyrir um viðmiðunarfrjárhæð í landslögum sínum, sem er á bilinu 1 000 000 evrum til 8 000 000 evrum fyrir heildarfrjárhæð útboðsins í Sambandinu yfir 12 mánaða tímabil, en undanþágan ætti að gilda fyrir útboð undir þeirri frjárhæð, að teknu tilliti til umfangs innlendirar verndar fjárfesta sem þau telja viðeigandi. Slík undanþegin útboð á verðbréfum á almennum markaði ættu þó ekki að hafa hag af fyrirkomulaginu um Evrópuþingsmál samkvæmt þessari reglugerð. Undir þeirri viðmiðunarfrjárhæð ættu aðildarríki að geta sett aðrar kröfur um upplýsingagjöf á landsvísu að því marki sem slíkar kröfur fela ekki í sér óhóflega eða óþarfa álag í tengslum við slík undanþegin útboð verðbréfa. Ekkert í þessari reglugerð ætti að koma í veg fyrir að þessi aðildarríki innleiði reglur á landsvísu sem gera rekstraraðilum markaðstorga fjármálagerninga (MTFs) kleift að ákvarða inntak gagna um skráningu sem úttefandi skal leggja fram þegar verðbréf hans eru fyrst tekin til viðskipta eða fyrirkomulag endurskoðunar þeirra.
- 14) Það eitt að skrá verðbréf til viðskipta á markaðstorg fjármálagerninga eða birta tilboðs- og útboðsverð telst í sjálfu sér ekki vera útboð á verðbréfum á almennum markað og fellur þar af leiðandi ekki undir skylduna um að gera lýsingu samkvæmt þessari reglugerð. Lýsingu skal aðeins krafist ef við þessar aðstæður fylgir orðsending sem felur í sér „útboð á verðbréfum á almennum markað“ eins og það er skilgreint í þessari reglugerð.
- 15) Ef útboði verðbréfa er eingöngu beint að tilteknum hópi fjárfesta sem eru ekki hæfir fjárfestar er gerð lýsingar óhófleg byrði í ljósi lítils fjölda aðila sem útboðinu er beint að og þar af leiðandi þarf ekki að krefjast lýsingar. Þetta myndi t.d. gilda um tilvik þar sem útboði er beint að takmörkuðum fjölda skyldmenna eða persónulegra kunningja stjórnenda fyrirtækis.
- 16) Þessa reglugerð ætti að túlka á þann hátt sem samræmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB ⁽¹⁾, eftir atvikum, í tengslum við yfirtökutilboð, samrunaviðskipti og önnur viðskipti sem hafa áhrif á eignarhald á eða yfirráð yfir fyrirtækjum.
- 17) Hvatning til stjórnenda og starfsfólks til að eiga verðbréf í eigin fyrirtæki getur haft jákvæð áhrif á stjórnunarhætti fyrirtækja og skapað virði til langs tíma með því að stuðla að hollustu og tilfinningu fyrir hlutdeild, með því að samræma hagsmuni hluthafa og starfsfólks, og með því að veita þeim síðarnefndu fjárfestingartækifæri. Þátttaka starfsmanna í eignarhaldi á fyrirtæki sínu er einkum mikilvæg fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þar sem hver einstakur starfsmaður gegnir líklega stóru hlutverki í árangri fyrirtækisins. Því ætti ekki að vera skylda til að birta lýsingu vegna útboða í tengslum við hlutaáætlun fyrir starfsmenn innan Sambandsins, að því tilskildu að skjal sé gert aðgengilegt með upplýsingum um fjölda og eðli verðbréfa og ástæðum fyrir og nánari upplýsingum um útboðið eða úthlutunina, til að tryggja vernd fjárfesta. Til að tryggja jafnt aðgengi allra stjórnenda og starfsfólks að hlutaáætlun fyrir starfsmenn, óháð því hvort starfsmaður hafi staðfestu innan eða utan Sambandsins, ætti ekki lengur að krefjast jafngildisákvörðunar um markaði þriðja lands, svo lengi sem slíkt upplýsingaskjal er gert aðgengilegt. Því munu allir þátttakendur í hlutaáætlun fyrir starfsmenn hafa hag af jafnri meðferð og upplýsingum.
- 18) Þynnandi útgáfur á hlutabréfum eða verðbréf, sem veita aðgengi að hlutabréfum, benda oft til þess að viðskiptin hafi veruleg áhrif á fjármagnsuppbyggingu útgefandans, horfur hans og fjárhagsstöðu, en þess vegna eru upplýsingarnar í lýsingunni nauðsynlegar. Ef, á hinn bóginn, hlutabréf útgefanda hafa þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtið. EB L 142, 30.4.2004, bls. 12).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

ætti ekki að krefjast lýsingar fyrir síðari útgáfur hlutabréfa í sama flokki á sama skipulega verðbréfamarkaði, þ.m.t. ef slík hlutabréf eru til komin vegna breytinga eða skipta á öðrum verðbréfum eða vegna beitingar réttinda sem felast í öðrum verðbréfum, að því tilskildu að þau verðbréf, sem nýlega voru tekin til viðskipta, séu aðeins lítil hluti hlutabréfa í sama flokki sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði, nema þau hafi verið tekin til viðskipta í tengslum við útboð á verðbréfum á almennum markaði sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar. Sama meginregla ætti að gilda með almennari hætti um verðbréf sem skiptanleg eru fyrir verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

- 19) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á lög og stjórnslufyrirmæli sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ⁽¹⁾ í tengslum við skilameðferð lánastofnana, einkum 53. gr. (2. mgr.), 59. gr. (2. mgr.) og 63. gr. (1. og 2. mgr.), í tilvikum þegar ekki er skylda að birta lýsingu.
- 20) Það ætti að vera unnt að blanda saman undanþágum frá skyldu til að birta lýsingu samkvæmt þessari reglugerð vegna útboðs á verðbréfum á almennum markað og/eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkað, ef skilyrðin fyrir slíkum undanþágum eru uppfyllt á sama tíma. Sem dæmi má nefna að ef útboði er beint samtímis að hæfum fjárfestum, fjárfestum sem ekki eru hæfir en skuldbinda sig til að fjárfesta a.m.k. 100 000 evrur hver um sig, starfsfólki útgefanda og, þar að auki, að takmörkuðum fjölda fjárfesta sem ekki eru hæfir, en sem eru ekki fleiri en fjöldinn sem settur er fram í þessari reglugerð, skal það tilboð undanþegið skyldu til að birta lýsingu.
- 21) Til að tryggja eðlilega starfsemi heildsölumarkaðar fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og auka seljanleika á markaði er mikilvægt að setja fram aðgreinda, mildari meðhöndlun á verðbréfum sem ekki eru hlutabréfatengd, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og ætluð eru hæfum fjárfestum. Slík mildari meðhöndlun ætti að fela í sér lágmarks upplýsingakröfur sem eru minna íþyngjandi en þær sem gilda um verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem boðin eru almennum fjárfestum, engar kröfur um að hafa samantekt í lýsingunni og sveigjanlegri kröfur um tungumál. Mildari meðhöndlunin ætti í fyrsta lagi að gilda um verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, án tillits til nafnverðs, sem viðskipti eru aðeins með á skipulegum verðbréfamarkaði, eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf og, í öðru lagi, um verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem eru að nafnverði a.m.k. 100 000 evrur á einingu, sem endurspeglar meiri fjárfestingargetu hlutaðeigandi fjárfesta sem lýsingin varðar. Ekki ætti að heimila endursölu til fjárfesta sem ekki eru hæfir á verðbréfum sem ekki eru hlutabréfatengd, sem aðeins eru viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf, nema lýsing sé gerð í samræmi við þessa reglugerð sem þykir viðeigandi fyrir fjárfesta sem ekki eru hæfir. Í því skyni er mikilvægt að þegar rekstraraðilar markaða koma á fót slíkum skipulegum verðbréfamörkuðum eða tilteknum hluta þeirra, heimili þeir hvorki beinan né óbeinan aðgang fjárfesta sem ekki eru hæfir að þeim skipulega verðbréfamarkaði eða tilteknum hluta hans.
- 22) Ef verðbréfum er úthlutað án þess að viðtakandinn hafi val um það, þ.m.t. úthlutun verðbréfa þar sem enginn réttur er til að afþakka úthlutun eða ef úthlutun er sjálfvirk eftir ákvörðun réttar, s.s. úthlutun verðbréfa til núverandi lánardrottna við ógjaldfærimeðferð, telst slík úthlutun ekki vera útboð á verðbréfum á almennum markaði.
- 23) Útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar, sem óska eftir að skrá verðbréf á skipulegan markað, sem ekki þarf að birta lýsingu fyrir, ættu að njóta góðs af Evrópuþassa ef þeir velja að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar af fúsum og frjálsum vilja.
- 24) Í ljósi sértækis mismunandi tegunda verðbréfa, útgefenda, tilboðsgjafa og skráninga mælir þessi reglugerð fyrir um reglur um mismunandi tegundir lýsinga — staðlaða lýsingu, heildsölulýsingu fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, grunnlýsingu, einfaldaða lýsingu fyrir síðari útgáfur og ESB-vaxtarlýsingu. Því skal skilja allar tilvísanir í „lýsingu“ samkvæmt þessari reglugerð sem tilvísun í allar þessar tegundir lýsinga, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EEB og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjútúð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- 25) Ekki ætti að vera nauðsynlegt að birta upplýsingar í gegnum lýsingu vegna útboða verðbréfa á almennan markað sem takmarkast við hæfa fjárfesta. Á hinn bóginn er gerð krafa um birtingu lýsingar ef um er að ræða endursölu til almennings eða almenn viðskipti eftir skráningu á skipulegan markað.
- 26) Fullnægjandi lýsing, sem gerð er af útgefanda eða aðila sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar og er aðgengileg almenningi við endanlegt útboð verðbréfa fyrir milligöngu fjármálamilliliða eða við síðari endursölu verðbréfa, veitir nægilegar upplýsingar til að fjárfestar geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Því skulu fjármálamilliliðir sem setja verðbréf á markað eða endurselja verðbréf eiga rétt á að reida sig á upphaflega lýsingu sem útgefandi eða aðili sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar birtir, svo fremi sem hún sé í gildi og með viðeigandi viðauka og að útgefandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar gefi samþykki sitt fyrir notkun hennar. Útgefandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar skal geta bundið samþykki sitt slíkum skilyrðum. Samþykkið um að nota lýsinguna, þ.m.t. öll skilyrði bundin því, skal gefið með skriflegu samkomulagi, sem gerir viðkomandi aðilum kleift að meta hvort endursala eða endanlegt útboð verðbréfa fylgi samkomulaginu. Hafi samþykki til að nota lýsinguna verið veitt, skal útgefandi eða aðilinn, sem ber ábyrgð á gerð upphaflegrar lýsingar, vera ábyrgur fyrir upplýsingunum sem settar eru fram í henni og, ef um er að ræða grunnlýsingu, að setja og skrá endanlega skilmála og ekki skal krefjast annarrar lýsingar. Hinsvegar, ef útgefandi eða aðilinn sem ber ábyrgð á að semja þess háttar upphaflega lýsingu gefur ekki samþykki sitt fyrir notkun hennar, skal fjármálamilliliður krafinn um birtingu nýrrar lýsingar. Í því tilviki skal fjármálamilliliðurinn vera ábyrgur fyrir upplýsingum í lýsingunni, þ.m.t. öllum upplýsingum sem felldar eru inn með tilvísun og, ef um er að ræða grunnlýsingu, endanlega skilmála.
- 27) Samræming upplýsinga í lýsingunni ætti að veita fjárfestum á vettvangi Sambandsins jafngilda vernd. Til að gera fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun ættu þessar upplýsingar að vera fullnægjandi og hlutlægar og auk þess vera skriflegar og settar fram á auðgreinanlegan, hnitmiðaðan og auðskilinn hátt. Upplýsingarnar sem er að finna í lýsingunni ætti að aðlaga að tegund lýsingar, eðli og aðstæðum útgefanda, tegund verðbréfa og hvort fjárfestarnir sem útboðið er ætlað séu eingöngu hæfir fjárfestar. Lýsing ætti ekki að innihalda upplýsingar sem eru ekki mikilvægar eða sértækar fyrir útgefandann og hlutaðeigandi verðbréf, þar sem það gæti gert upplýsingarnar sem varða fjárfestingarákvörðunina óskýrar og þar með grafið undan vernd fjárfesta.
- 28) Samantekt lýsingar ætti að vera gagnleg uppspretta upplýsinga fyrir fjárfesta, einkum almenna fjárfesta. Hún ætti að vera sjálfstæður hluti lýsingarinnar og ætti að beina sjónum sínum að lykilupplýsingum sem fjárfestar þarfnast til að geta ákveðið hvaða tilboð og töku verðbréfa til viðskipta þeir eiga að taka til frekari athugunar með því að skoða nánar lýsinguna í heild sinni til að taka ákvörðun. Slíkar lykilupplýsingar skulu gefa til kynna mikilvæg einkenni útgefanda, ábyrgðaraðila og verðbréfa, sem boðin eru eða tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði, og áhættu sem tengist þeim. Hún ætti einnig að lýsa almennum skilmálum og skilyrðum tilboðsins.
- 29) Í samantektinni ætti framsetning áhættuþátta að innihalda takmarkaðan fjöldi sértækra áhættuþátta sem útgefandinn telur skipta mestu máli fyrir fjárfestinn þegar hann tekur fjárfestingarákvörðun. Lýsingin á áhættuþáttum í samantektinni ætti að skipta máli fyrir tiltekið útboð og ætti aðeins að vera sett fram með hag fjárfesta í huga en hvorki ætti að setja fram almennar yfirlýsingar um fjárfestingaráhættu né takmarka ábyrgð útgefanda, tilboðsgjafa eða annarra aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd. Þessir áhættuþættir ættu, eftir atvikum, að draga fram áhættu, einkum fyrir almenna fjárfesta, í þeim tilvikum sem verðbréf eru gefin út af lánastofnunum sem falla undir eftirgjöf samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.
- 30) Samantekt lýsingar ætti að vera stutt, einföld og auðskiljanleg fjárfestum. Hún skal orðuð á eðlilegu máli, sem ekki er tæknilegt, og upplýsingar í henni settar fram á aðgengilegan hátt. Hún ætti ekki aðeins að vera samantekt útdráttá úr lýsingunni. Rétt þykir að setja hámarks lengd að því er varðar samantektina til að tryggja að fjárfestar séu ekki lattir til að lesa hana og til að hvetja útgefendur til að velja upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir fjárfesta. Við tiltekna aðstæður, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ætti að auka hámarks lengd samantektarinnar.
- 31) Til að tryggja samræmda uppbyggingu á samantekt lýsingar ætti að setja fram almenna þætti og undirliði með vísbendingu um innihald sem útgefandinn ætti að fylla inn í með stuttri lýsingu í samfelldu máli, þ.m.t. tölur eftir því sem við á. Svo lengi sem þeir setja þær fram á sanngjarnan og jafnan hátt ættu útgefendur að fá að velja sjálfir upplýsingarnar sem þeir telja mikilvægar og mikilsverðar.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- 32) Samantekt lýsingarinnar ætti að byggjast eins mikið og mögulegt er á lykilupplýsingaskjalinu sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ⁽¹⁾. Ef verðbréf falla undir gildissvið bæði þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 myndi endurnotkun innihalds lykilupplýsingaskjals í heild sinni í samantektinni lágmarka hlítarkostnað og stjórnsluþyrði útgefanda og þessi reglugerð stuðlar því að slíkri endurnotkun. Ekki ætti þó að falla frá kröfum um að gera samantekt þar sem lykilupplýsingaskjal er krafist þar sem hið síðarnefnda inniheldur ekki lykilupplýsingar um útgefandann og útboð hlutaðeigandi verðbréfa á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað.
- 33) Engin einkaréttarábyrgð ætti að falla á neinn aðila eingöngu á grundvelli samantektarinnar, þ.m.t. þýðing hennar, nema hún sé villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingarinnar, eða að hún veiti ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir ihuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum. Samantektin skal innihalda skýra viðvörðun þess efnis.
- 34) Útgefendur sem sækja sér endurtekið fjármögnun á fjármagnsmarkaði ættu að fá sérstök snið útgáfulýsinga og lýsinga, auk sértækrar málsmeðferðar vegna innlagningar og samþykkis, til að veita þeim meiri sveigjanleika og gera þeim kleift að nýta markaðsglugga. Þessi snið og málsmeðferðarreglur ættu í öllum tilvikum að vera valkvæð fyrir útgefendur.
- 35) Útgefendum ætti að vera heimilt að gera lýsingu í formi grunnlýsingar vegna verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. þeirra sem gefin eru út samfelld eða endurtekið eða sem hluti af útboðsáætlun.
- 36) Rétt þykir að skýra að endanlegir skilmálar við grunnlýsingu skulu einungis innihalda upplýsingar er varða verðbréfalýsingu sem á einungis við um einstaka útgáfu og sem einungis er hægt að ákvarða á tíma hvernar útgáfu. Slíkar upplýsingar gætu t.d. tekið til alþjóðlegs auðkennisnúmers verðbréfa (ISIN), útgáfuverðs, gjalddaga, allra arðmiða, nýtingardags, nýtingarverðs, innlausnarverðs og annarra skilmála sem ekki eru þekktir þegar lýsingin er samin. Ef endanlegir skilmálar eru ekki í grunnlýsingunni ætti lögbært yfirvald ekki að samþykkja þá heldur ætti aðeins að leggja þá fram til yfirvaldsins. Aðrar nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á mat á útgefanda og verðbréfum skulu fylgja með í viðauka við grunnlýsinguna. Hvorki skal nota endanlega skilmála né viðauka til að bæta við tegund verðbréfa sem ekki er nú þegar lýst í grunnlýsingunni.
- 37) Samkvæmt grunnlýsingunni ætti útgefandinn aðeins að gera samantekt í tengslum við hverja og eina útgáfu til að draga úr stjórnsluþyrði og til að auka læsileika fyrir fjárfesta. Þessari samantekt tiltekkinnar útgáfu ætti að bæta við endanlega skilmála og lögbært yfirvald ætti aðeins að samþykkja hana ef endanlegu skilmálarnir eru í grunnlýsingunni eða í viðauka við hana.
- 38) Til að auka sveigjanleika og kostnaðarhagkvæmni grunnlýsingarinnar ætti útgefandi að hafa heimild til að gera grunnlýsingu í formi sérstaks skjals.
- 39) Hvetja ætti tíða útgefendur til að gera lýsingu sína í sérstöku skjali þar sem það getur dregið úr kostnaði þeirra við að hlíta þessari reglugerð og gert þeim kleift að bregðast skjótt við gluggum á markaði. Því ættu útgefendur, ef verðbréf þeirra hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum eða markaðstorgum fjármálagerninga, að hafa val, en ekki vera skyldugir til, að gera og birta á hverju fjárhagsári almenna útgefandalýsingu sem inniheldur lagalegar upplýsingar, viðskiptaupplýsingar, fjárhagsupplýsingar, reikningsskilaupplýsingar og hlutafjárupplýsingar og með lýsingu á útgefandanum að því er varðar viðkomandi fjárhagsár. Með því skilyrði að útgefandi uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð ætti útgefandinn að teljast vera tíður útgefandi frá og með þeirri stundu sem hann leggur fram almenna útgefandalýsingu til samþykktar hjá lögbæru yfirvaldi. Gerð almenningar útgefandalýsingar ætti að gera útgefandanum kleift að hafa upplýsingarnar nýuppfærðar og að gera lýsingu þegar markaðsskilyrðin eru hagfelld fyrir útboð verðbréfa á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað með því að bæta við verðbréfalýsingu og samantekt. Almenna útgefandalýsingin ætti að vera fjölnotað að því marki sem innihald hennar ætti að vera hið sama án tillits til þess hvort

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarvörur fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stj.tíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

útfandinn noti hana síðar vegna útboðs á verðbréfum á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað með hlutabréf eða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd. Því ættu birtingarstaðlar fyrir almenna útfandalýsingu að byggjast á þessum hlutabréfatengdu verðbréfum Almenna útfandalýsingin ætti að þjóna sem heimild um útfandann og veita fjárfestum og greinendum lágmarksupplýsingar sem þarf til að taka upplýsta ákvörðun um starfsemi fyrirtækis, fjárhagsstöðu, tekjur og horfur, stjórnunarhætti og hlutafjáreign.

- 40) Útfandi sem hefur lagt fram og fengið almenna útfandalýsingu samþykkt tvö ár í röð getur talist vera vel þekktur af lögbæra yfirvaldinu. Því ætti að vera leyfilegt að leggja fram, án fyrirframsamþykkis, allar síðari almennar útfandalýsingar og allar breytingar á þeim og lögbært yfirvald ætti að skoða þær eftir á ef viðkomandi lögbært yfirvald telur þörf á því. Hvert og eitt lögbært yfirvald ætti að ákvarða tíðni slíkrar skoðunar t.d. með tilliti til mats þess á áhættu útfanda, gæðum fyrri upplýsingabirtingar eða tímans frá því að slík almenn útfandalýsing var síðast skoðuð.
- 41) Svo lengi sem almenna útfandalýsingin er ekki orðin hluti af samþykktri lýsingu ætti að vera mögulegt að breyta henni, annað hvort af fúsum og frjálsum vilja af útfandanum — t.d. ef um er að ræða verulega breytingu á skipulagi eða fjárhagsstöðu útfandans — eða samkvæmt beiðni lögbærs yfirvalds í tengslum við eftiráskoðun ef talið er að staðlar um heildstæðni, skiljanleika og samræmi séu ekki uppfylltir. Slíkar breytingar ætti að birta samkvæmt sama fyrirkomulagi og gildir um almennu útfandalýsinguna. Einkum skal útfandinn, þegar lögbært yfirvald sér að upplýsingum hefur verið sleppt eða finnur efnisleg mistök eða ónákvæmni, breyta almennu útfandalýsingunni og birta þá breytingu opinberlega án ástæðulausrar tafar. Þar sem hvorki útboð á almennum markaði né viðskipti með verðbréf fara fram, ætti málsmeðferð við breytingu almennrar útfandalýsingar að vera aðskilin frá málsmeðferð við að bæta við lýsingu, sem ætti að eins að gilda eftir að lýsing hefur verið samþykkt.
- 42) Ef útfandi gerir lýsingu sem samanstendur af aðskildum skjölum ættu allir hlutar lýsingarinnar að þurfa samþykki, þ.m.t., eftir atvikum, almenna útfandalýsingin og allar breytingar á henni, ef hún hefur verið lögð fram til lögbæra yfirvaldsins en ekki hlotið samþykki. Lögbært yfirvald ætti ekki að þurfa að samþykkja breytingar á almennu útfandalýsingunni á þeim tíma sem þær eru lagðar fram heldur ætti aðeins að samþykkja þær þegar allir hlutar lýsingarinnar eru lagðir fram til samþykkis.
- 43) Til að hraða ferlinu við gerð lýsingar og til að auðvelda aðgengi að fjármagnsmörkuðum á kostnaðarhagkvæman hátt ættu tíðir útfendur, sem gera almenna útfandalýsingu, að njóta hagræðis af hraðara samþykkisferli þar sem meginhluti lýsingar hefur annað hvort verið samþykktur áður eða er þegar aðgengilegur til skoðunar fyrir lögbæra yfirvaldið. Af þeim sökum ætti að stytta tímann sem þarf til að fá lýsinguna samþykkt af útfandalýsingin er í formi almennrar útfandalýsingar.
- 44) Tíðir útfendur ættu að mega nota almenna útfandalýsingu og allar breytingar á því sem hluta grunnlýsingar. Ef tíður útfandi er hæfur til að gera ESB-vaxtarlýsingu, einfaldaða lýsingu, samkvæmt einfaldaða birtingarfyrirkomulaginu fyrir síðari útgáfu, eða heildsölu lýsingu fyrir verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, ætti hann að mega nota almenna útfandalýsingu og allar breytingar á því sem einn hluta allra slíkra lýsinga, í staðinn fyrir sértæka útfandalýsingu sem krafist er samkvæmt hverju birtingarfyrirkomulagi.
- 45) Að því tilskildu að útfandi fylgi málsmeðferðinni um innlagningu, miðlun og varðveislu upplýsinga sem reglur kveða á um og frestunum sem settir eru fram í 4. og 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ⁽¹⁾ ætti hann að hafa heimild til að birta árs- og hálfársreikningsskil, eins og krafist er í tilskipun 2004/109/EB, sem hluta af almenna skráningarskjalinu, nema heimaaðildarríki útfandans sé annað að því er varðar þessa reglugerð en tilskipun 2004/109/EB og nema tungumál almenna

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útfendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

skráningarskjalsins uppfylli ekki skilyrðin í 20. gr. tilskipunar 2004/109/EB. Þetta ætti að draga úr stjórnsýslubyrði í tengslum við að leggja gögn oft inn, án þess að hafa áhrif á upplýsingarnar sem aðgengilegar eru almenningi eða eftirlit með þessum skýrslum skv. 2004/109/EB.

- 46) Tilgreina ber skýrt og greinilega gildistíma lýsingar til að koma í veg fyrir að fjárfestingarákvarðanir séu byggðar á úreltum upplýsingum. Til að bæta réttarvissu skal gildistími lýsingar hefjast við samþykki hennar, en þá tímasetningu er auðvelt fyrir lögbært yfirvald að sannreyna. Útboð á verðbréfum á almennum markaði samkvæmt grunnlýsingu ætti aðeins að framlengja fram yfir gildistíma grunnlýsingarinnar ef grunnlýsingin sem tekur við er samþykkt og birt áður en slíkur gildistími rennur út og nær yfir áframhaldandi útboð.
- 47) Upplýsingar um skattlagningu tekna af verðbréfum í lýsingum geta í eðli sínu aðeins verið almennar og hafa lítið upplýsingagildi fyrir einstaka fjárfesta. Þar sem slíkar upplýsingar eiga ekki aðeins að ná yfir aðsetursland skráðrar skrifstofu útgefandans heldur einnig lönd þar sem útboðið fer fram eða þar sem óskað er eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, er kostnaðarsamt að fá þær fram, ef notaður er Evrópupassi fyrir lýsingu, og gæti það hamlað útboði yfir landamæri. Því ætti lýsing aðeins að innihalda viðvörðun um að skattalög aðildarríkis fjárfestisins og aðildarríkisins þar sem útgefandi var stofnsettur gætu haft áhrif á tekjurnar af verðbréfunum. Þrátt fyrir það ætti lýsingin áfram að innihalda viðeigandi upplýsingar um skattlagningu ef fyrirhuguð fjárfesting hefur í för með sér sértækt skattakerfi, til dæmis ef fjárfestingar í verðbréfum veita fjárfestum hagfellda skattalega meðhöndlun.
- 48) Þegar flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fá fjárfestar áfram upplýsingar frá útgefanda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ⁽¹⁾ og tilskipun 2004/109/EB. Þörf fyrir fulla lýsingu er því ekki eins brýn ef um er að ræða síðari útboð viðkomandi útgefanda á almennum markaði eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Því ætti sérstök einfölduð lýsing að vera aðgengileg til notkunar ef um er að ræða síðari útgáfur og innihald hennar ætti að vera minna í samanburði við hefðbundna fyrirkomulagið, að teknu tilliti til upplýsinganna sem þegar hafa verið birtar. Þó ætti áfram að veita fjárfestum samsteyptar og vel uppbyggðar upplýsingar, einkum ef ekki er krafist birtingar slíkra upplýsinga með viðvarandi hætti skv. reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og tilskipun 2004/109/EB.
- 49) Einfaldaða birtingarfyrirkomulagið fyrir síðari útgáfur ætti að vera aðgengilegt fyrir útboð útgefanda verðbréfa, sem viðskipti eru með á vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, á almennum markaði þar sem þess er krafist samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽²⁾ að rekstraraðilar þeirra komi á og beiti reglum sem tryggja viðvarandi birtingu upplýsinga.
- 50) Einfaldaða birtingarfyrirkomulagið fyrir síðari útgáfur ætti aðeins að vera hægt að nota eftir að lágmarkstími er liðinn frá því að verðbréfaflokkur útgefanda var upphaflega tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Átján mánaða seinkun ætti að tryggja að útgefandi hafi a.m.k. einu sinni uppfyllt skyldu sína um að birta árleg reikningskil samkvæmt tilskipun 2004/109/EB eða samkvæmt reglum rekstraraðila vaxtarmarkaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 51) Eitt af meginmarkmiðunum með sambandi fjármagnsmarkaða er að auðvelda aðgengi að fjármögnun á fjármagnsmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Sambandinu. Rétt þykir að rýmka skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2014/65/ESB til að tryggja samræmi milli þessarar reglugerðar og tilskipunar 2014/65/ESB. Þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki þurfa venjulega að afla hlutfallslega lægri fjárhæða en aðrir útgefendur, getur kostnaður við gerð staðlaðrar lýsingar verið óhóflega hár og getur latt þau frá því að bjóða út verðbréf sín á almennum markaði. Vegna stærðar þeirra og mögulega skemmmri sögu getu lítil og meðalstór fyrirtæki á sama tíma haft í för með sér sértæka fjárfestingaráhættu í samanburði við stærri útgefendur og ættu að birta nægar upplýsingar til að fjárfestar geti tekið fjárfestingarákvörðun. Til að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að nota fjármögnun á fjármagnsmarkaði ætti þessi reglugerð einnig að tryggja að sérstaklega sé tekið tillit til

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtið. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

vaxtarmarkaða, en þeir eru vænleg tæki til að gera minni, vaxandi fyrirtækjum kleift að afla fjármagns. Árangur slíkra vettvanga er þó háður getu þeirra til að sinna fjármögnunarþörf vaxandi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að sama skapi myndu tiltekin fyrirtæki sem bjóða út verðbréf á almennum markaði í Sambandinu, sem eru samtals ekki umfram 20 000 000 evrur, hafa hag af auðveldara aðgengi að fjármögnun á fjármagnsmörkuðum til að geta vaxið og ættu að geta aflað fjármagns án óeðlilega mikils kostnaðar. Því þykir rétt að þessi reglugerð komi á sértæku hóflegu fyrirkomulagi fyrir ESB-vaxtarlýsingu sem er aðgengilegt fyrir slík fyrirtæki. Hafa skal jafnvægi milli kostnaðarhagkvæms aðgengis að fjármálamörkuðum og vernd fjárfesta við kvörðun innihalds ESB-vaxtarlýsingar. Eins og um er að ræða fyrir aðrar tegundir lýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti ESB-vaxtarlýsing, þegar hún hefur verið samþykkt, að hafa hag af fyrirkomulaginu um Evrópupassa samkvæmt þessari reglugerð og ætti því að gilda um öll útboð á verðbréfum á almennum markaði um gervallt Sambandið.

- 52) Í þessum minni upplýsingum, sem krafist er að séu birtar í ESB-vaxtarlýsingu, ætti að leggja áherslu á upplýsingar sem eru mikilvægar og viðeigandi þegar fjárfest er í verðbréfunum sem boðin eru út og á þörfina að tryggja rétt hlutfall milli stærðar fyrirtækis og fjármögnunarþarfar þess annars vegar og kostnaðarins við gerð lýsingar hins vegar.
- 53) Hlutfallsleg upplýsingagjöf ESB-vaxtarlýsinga ætti ekki að vera aðgengileg ef fyrirtæki hefur þegar látið taka verðbréf sín til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði svo fjárfestar á skipulegum verðbréfamarkaði geti haft trú á að útgefendur verðbréfanna sem þeir fjárfesta í falli undir einar reglur um birtingu upplýsinga. Því ætti ekki að vera tveggja þrepa birtingarstaðall á skipulegum verðbréfamörkuðum sem háður er stærð útgefanda.
- 54) Helsta markmiðið með því að hafa áhættuþætti í lýsingunni er að tryggja að fjárfestar geti metið með upplýstum hætti slíka áhættu og þar með tekið fjárfestingarákvörðun byggða á þekkingu á þeim staðreyndum. Því ætti að takmarka áhættuþætti við þá sem skipta máli og eru sértækir að því er varðar útgefandann og verðbréf hans og sem eru studdir af innihaldi lýsingarinnar. Lýsing ætti ekki að innihalda áhættuþætti sem eru almennir og eru aðeins fyrirvarar þar sem þeir gætu skyggt á sértækari áhættuþætti sem fjárfestar ættu að vita af og þar með komið í veg fyrir að lýsingin setji fram upplýsingar á auðgreinanlegan, gagnorðan og skiljanlegan hátt. Meðal annars geta umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnunarþættir falið í sér sértæka og verulega áhættu fyrir útgefanda og verðbréf hans og, ef svo er, ætti að birta þá. Til að hjálpa fjárfestum að greina mestu áhættuna ætti útgefandinn að lýsa hverjum áhættuþætti með fullnægjandi hætti og setja þá fram lýsingunni. Í samantektinni ætti að vera takmarkaður fjöldi áhættuþátta að vali útgefandans.
- 55) Markaðsvenjan sem felur í sér að samþykkt lýsing innihaldi ekki endanlegt útboðsverð og/eða fjölda verðbréfa sem bjóða á út á almennum markaði, hvort sem það er sett fram sem fjöldi verðbréfa eða sem samtala nafnverðs, ætti að vera ásættanleg ef ekki er hægt að gefa upp slíkt endanlegt útboðsverð og/eða fjölda í lýsingunni að því tilskildu að vernd fjárfesta sé tryggð í slíku tilvikum. Fjárfestar ættu annað hvort að eiga uppsagnarrétt þegar endanlegt útboðsverð eða fjöldi verðbréfa er kominn í ljós eða, að öðrum kosti, þá ætti lýsingin að birta hámarksverðið sem fjárfestar gætu þurft að greiða fyrir verðbréfin, hámarksfjölda verðbréfanna, matsaðferðirnar og viðmiðin og/eða skilyrðin sem gilda um ákvörðun á verði verðbréfanna og útskýringu á öllum matsaðferðum sem notaðar eru, s.s. afvöxtuðu sjóðstreymi, hógreiningu eða öðrum viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðirnar og viðmiðanirnar ættu að vera nógu nákvæmar til að verðið sé fyrirjáanlegt og tryggja að verndarstig fjárfesta sé sambærilegt því þegar hámarksverðs útboðsins er birt. Hvað það varðar er ekki ásættanlegt að setja aðeins fram tilvísun í aðferð við áskriftarverðlagningu (e. bookbuilding) sem matsaðferð eða viðmiðun ef ekkert hámarksverð er sett fram í lýsingunni.
- 56) Það ætti að vera leyfilegt við tiltekna aðstæður að sleppa viðkvæmum upplýsingum úr lýsingu, eða í hlutum hennar, með undanþágu frá lögbæru yfirvaldi til að forðast aðstæður sem eru skaðlegar fyrir útgefanda.
- 57) Aðildarríki birta kappnóg af upplýsingum um fjárhagsstöðu sína sem eru yfirleitt aðgengilegar á opinberum vettvangi. Þegar aðildarríki ábyrgist útboð verðbréfa ætti því ekki að þurfa að veita slíkar upplýsingar í lýsingunni.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- 58) Að gera útgefendum kleift að fella upplýsingar inn í lýsingu með tilvísun í skjöl, sem innihalda upplýsingar sem birtast í lýsingu, með því skilyrði að þau skjöl hafi þegar verið birt rafrænt, mun auðvelda vinnu við samningu lýsingar og lækka kostnað fyrir útgefendur, án þess að stofna vernd fjárfesta í hættu. Markmiðinu um að einfalda og lækka kostnað við samningu lýsingar ætti þó ekki að ná fram á kostnað annarra hagsmuna sem lýsingunni er ætlað að vernda, þ.m.t. aðgengileika upplýsinganna. Tungumálið á þeim upplýsingum sem felldar eru inn með tilvísun ætti að vera í samræmi við tungumálafyrirkomulagið sem gildir um lýsingar. Upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun ættu að geta vísað til sögulegra gagna. Ef slíkar upplýsingar eiga ekki lengur við vegna verulegra breytinga ætti það þó að koma skýrt fram í lýsingunni og einnig ætti að leggja fram uppfærðu upplýsingarnar.
- 59) Allar upplýsingar sem reglur kveða á um, eins og þær eru skilgreindar í k-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB ætti að vera hægt að fella inn með tilvísun í lýsingu. Útgefendur verðbréfa sem viðskipti eru með á markaðstorgi fjármálagerninga og útgefendur sem eru undanþegnir birtingu hálfárs- og ársreikningsskila, skv. b-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2004/109/EB, ættu einnig að mega fella inn í lýsingu, með tilvísun, árlegar fjárhagsupplýsingar og fjárhagsupplýsingar árshluta, að hluta til eða í heild sinni, endurskoðunarskýrslur, reikningsskil, skýrslu framkvæmdastjórnar eða yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja, með fyrirvara um rafræna birtingu þeirra.
- 60) Ekki hafa allir útgefendur aðgang að fullnægjandi upplýsingum og leiðbeiningum um grannskoðunar- og samþykktarferlið og nauðsynleg skref til að fá lýsingu samþykkt, þar sem nálgun lögbærra yfirvalda er mismunandi milli aðildarríkja. Þessi reglugerð ætti að eyða þessum mismun með því að samræma viðmiðanir um grannskoðun lýsingar og samræma reglurnar sem gilda um samþykktarferli lögbærra yfirvalda með því að hagræða þeim. Það er mikilvægt að tryggja að öll lögbær yfirvöld beiti samleitinni nálgun við grannskoðun á heildstæðni, samræmi og skiljanleika upplýsinganna í lýsingunni, með tilliti til þarfarinnar á hóflegri nálgun við grannskoðun á lýsingu á grundvelli aðstæðna og útgáfu. Leiðbeiningar um það hvernig skal sækja um samþykki á lýsingu ættu að vera aðgengilegar öllum á vefsetrum lögbæru yfirvaldanna. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að vera í lykilhlutverki við að stuðla að samleitni eftirlits á því sviði með því að nota vald sitt samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾. Einkum ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, innan viðeigandi tímaramma, fyrir endurskoðun þessarar reglugerðar og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, að láta fara fram jafningjarýni sem nær yfir aðgerðir lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð.
- 61) Til að auðvelda aðgengi að mörkuðum aðildarríkja er mikilvægt að gjöldin sem lögbær yfirvöld innheimta vegna samþykkis og innlagningar lýsingar og tengdra gagna séu sanngjörn, hófleg og birt almenningsi.
- 62) Þar sem Netið tryggir auðvelt aðgengi að upplýsingum og til að tryggja betra aðgengi fyrir fjárfesta ætti ávallt að birta samþykktu lýsinguna á rafrænu formi. Lýsinguna ætti að birta á sérstökum hluta vefseturs útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða, eftir atvikum, á vefsetri fjármálamilliliða sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfa, þ.m.t. þær stofnanir sem annast greiðslu, eða á vefsetri skipulega verðbréfamarkaðarins þar sem óskað er eftir töku til viðskipta, eða rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga.
- 63) Allar samþykktar lýsingar, eða að öðrum kosti listi yfir þær lýsingar með tenglum í viðeigandi sérstaka hluta vefseturs, ætti að birta á vefsetri lögbærs yfirvalds aðildarríkis sem er heimaríki útgefanda og lögbæra yfirvaldið ætti að senda hverja lýsingu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ásamt viðeigandi gögnum sem gera það kleift að flokka hana. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að halda úti miðlægu geymslukerfi fyrir lýsingar með endurgjaldslausum aðgangi og viðeigandi leitarbúnaði fyrir almenningsi. Til að tryggja að fjárfestar hafi aðgang að áreiðanlegum gögnum sem unnt er að nota og greina á tímanlegan og skilvirkan hátt ættu tiltekna upplýsingar í lýsingunum, s.s. ISIN-númer sem auðkenna verðbréfin og kennimerki lögaðila (LEI) sem auðkenna útgefendurnar, tilboðsgjafana og ábyrgðaraðilana að vera tölvulesanleg, þ.m.t. þegar stuðst er við lýsigögn. Lýsingar ættu að vera aðgengilegar öllum í a.m.k. 10 ár eftir birtingu þeirra til að tryggja að aðgangur almennings að þeim sé í samræmi við aðgang að árs- og hálfársreikningsskilum samkvæmt tilskipun 2004/109/EB. Lýsingar ættu ávallt að vera aðgengilegar fyrir fjárfesta á varanlegum miðli, án endurgjalds, samkvæmt beiðni. Ef mögulegur fjárfestir setur fram sértæká

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

beiðni um eintak á pappír ætti viðkomandi fjárfestir að geta fengið prentaða útgáfu lýsingarinnar. Það hefur þó ekki í för með sér að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða fjármálamilliliðurinn þurfi að hafa prentuð eintök af lýsingunni til taks til að uppfylla slíkar mögulegar beiðnir.

- 64) Það er einnig nauðsynlegt að samræma auglýsingar til að komast hjá því að grafa undan tiltrú almennings og skaða eðlilega starfsemi fjármálamarkaða. Sanngirni og áreiðanleiki auglýsinga, sem og samræmi þeirra við innihald lýsinga, skiptir miklu máli fyrir vernd fjárfesta, þ.m.t. almennra fjárfesta. Án þess að hafa áhrif á fyrirkomulagið um Evrópuþessa samkvæmt þessari reglugerð er eftirlit með slíkum auglýsingum óaðskiljanlegur hluti hlutverks lögbærra yfirvalda. Kröfurnar í þessari reglugerð að því er varðar auglýsingar ættu ekki að hafa áhrif á önnur gildandi ákvæði löggjafar Sambandsins, einkum að því er varðar neytendavernd og óréttmæta viðskiptahætti.
- 65) Fjárfestar ættu að eiga þess kost að meta alla mikilvæga, nýja þætti, efnisleg mistök eða ónákvæmni, sem gætu haft áhrif á mat á fjárfestingu og koma fram eftir að lýsing hefur verið birt en áður en útboði lýkur eða viðskipti hefjast á skipulegum markaði, og því er þess krafist að samþykktur sé viðauki við lýsinguna og að honum sé dreift án ástæðulausrar tafar.
- 66) Til að bæta réttarvissu ætti að skýra viðkomandi tímamörk sem útgefandi skal virða við útgáfu viðauka við lýsinguna og sem fjárfestir hefur til að afturkalla samþykki á útboði eftir birtingu viðauka. Annars vegar ætti skyldan til að gera viðauka við lýsingu að gilda þegar mikilvægur nýr þáttur, efnisleg mistök eða ónákvæmni á sér stað fyrir lok útbodstímabils eða fyrir tímamörk þegar viðskipti með slík verðbréf hefjast á skipulegum verðbréfamarkaði, hvort sem á sér stað síðar. Hins vegar á rétturinn til afturköllunar samþykkis einungis við þegar lýsingin tengist útboði verðbréfa á almennum markaði, hafi mikilvægi nýi þátturinn, efnislegu mistökinn eða ónákvæmnin átt sér stað eða uppgötvast áður en útboðinu var endanlega lokið og áður en verðbréfin voru afhent. Því ætti að tengja uppsagnarréttinn við tímasetningu mikilvæga nýja þáttarins, efnislegu mistakanna eða ónákvæmninnar, sem er ástæða viðaukans, og ætti að gilda að því tilskildu að sá atburður hafi átt sér stað á meðan útboðið var opið og áður en verðbréfin voru afhent. Uppsagnarréttur sem veittur er fjárfestum vegna mikilvægs, nýs þáttar, efnislegra mistaka eða ónákvæmni, sem kom upp eða uppgötvaðist á gildistíma lýsingarinnar, verður ekki fyrir áhrifum af því að viðkomandi viðauki var birtur eftir gildistíma lýsingarinnar. Í því sérstaka tilviki þegar útboð heldur áfram samkvæmt tveimur grunnlýsingum í röð ætti sú staðreynd að útgefandinn er í þann mund að fá samþykkaðra grunnlýsingu ekki áfarna skylduna að bæta viðauka við fyrri grunnlýsinguna þar til við lok gildistíma hennar og veita tengdan uppsagnarrétt. Til að bæta réttarvissu ber að tilgreina lok uppsagnarréttar í viðaukanum við lýsinguna. Fjármálamilliliðir ættu að upplýsta fjárfesta um réttindi sín og auðvelda málsmeðferð þegar fjárfestar nýta rétt sinn til að afturkalla samþykki.
- 67) Sú skylda útgefanda að láta þýða alla lýsinguna á öll viðeigandi, opinber tungumál dregur úr útboðum yfir landamæri eða viðskiptum í fleiri aðildarríkjum. Til að stuðla að útboðum yfir landamæri ætti aðeins samantektin að vera aðgengileg á opinberu tungumáli eða á a.m.k. einu af opinberum tungumálum gístaðildarríkisins eða á öðru tungumáli sem lögbært yfirvald viðkomandi aðildarríkis hefur samþykkt.
- 68) Lögbært yfirvald gístaðildarríkisins skal eiga rétt á því að fá í hendur staðfestingu frá lögbæru yfirvaldi heimaðildarríkisins þar sem fram kemur að lýsingin hafi verið samin í samræmi við þessa reglugerð. Lögbært yfirvald heimaðildarríkisins ætti einnig að tilkynna útgefanda, eða aðilanum sem ber ábyrgð á samningu lýsingarinnar, um samþykkisvottorð lýsingarinnar sem er sent til yfirvalda gístaðildarríkisins til að veita útgefandanum eða aðilanum sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar vissu um hvort og hvenær tilkynning hefur raunverulega tekið gildi. Öll sending gagna milli lögbærra yfirvalda að því er varðar tilkynningar ætti að fara fram um tilkynningargátt sem komið er á fót af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.
- 69) Ef þessi reglugerð heimilar útgefanda að velja heimaðildarríki, að því er varðar samþykki lýsingar, þykir rétt að tryggja að slíkur útgefandi geti notað útgefandalýsingu, eða almenna útgefandalýsingu, sem þegar hefur hlotið samþykki lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, sem hluta af lýsingu sinni. Því ætti að innleiða tilkynningarkerfi milli lögbærra yfirvalda til að tryggja að slík útgefandalýsing, eða almenn útgefandalýsing, falli ekki undir grannskoðun eða samþykki

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

lögbæra yfirvaldsins sem samþykkir lýsinguna og að viðkomandi lögbært yfirvald beri áfram aðeins ábyrgð á þeim hluta lýsingar sem það hefur samþykkt, þ.m.t. ef viðauki við hana er saminn síðar.

- 70) Í því skyni að tryggja að markmiðum þessarar reglugerðar verði fullkomlega náð er einnig nauðsynlegt að undir gildissvið hennar falli verðbréf, sem gefin eru út af útgefendum sem lúta lögum þriðju landa. Til að tryggja upplýsingaskipti og samstarf við yfirvöld í þriðja landi í tengslum við skilvirka framfylgd þessarar reglugerðar ættu lögbær yfirvöld að gera samstarfssamninga við mótaðila sína í þriðju löndum. Öll sending persónuupplýsinga sem fram fer á grundvelli þessa samninga ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁾ og við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾.
- 71) Ef mörg, mismunandi lögbær yfirvöld eru í aðildarríkjunum, sem gegna mismunandi skyldustörfum, kann það að skapa óþarfa kostnað og skörun ábyrgðar en hefur ekki í för með sér nokkurn viðbótarávinning. Í hverju aðildarríki ber að tilnefna eitt lögbært yfirvald til að samþykkja lýsingar og taka að sér eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Þetta lögbæra yfirvald ætti að vera stjórnsýslulegs eðlis og með því formi að sjálfstæði þess frá rekstraraðilum sé tryggt og komið sé í veg fyrir hagsmunaaðreksa. Tilnefning lögbærs yfirvalds til að samþykkja lýsingar ætti ekki að útiloka samvinnu á milli þessa lögbæra yfirvalds og þriðju aðila, s.s. banka- og váttryggingaefirlits eða skráningaryfirvöld, í því skyni að tryggja skilvirka athugun og samþykkt lýsinga í þágu útgefenda, fjárfesta, markaðsaðila og markaðanna sjálfra. Úthlutun lögbærra yfirvalda á verkefnum til þriðju aðila ætti aðeins að vera leyfileg ef hún er í tengslum við birtingu samþykktra lýsinga.
- 72) Það myndi tryggja skilvirkt eftirlit ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum réðu yfir skilvirkum tækjum, heimildum og fjármagni. Þess vegna ætti einkum, í þessari tilskipun, að kveða á um ákveðið lágmark eftirlits- og rannsóknarvalds sem fela ætti lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í samræmi við landslög. Þessu valdi ætti að beita þegar gerð er krafa um slíkt í landslögum, með því að leita til dómsyfirvalda. Þegar lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beita valdheimildum sínum samkvæmt þessari reglugerð ættu þau að gera það á hlutlægan og óhlutdrægan hátt og vera sjálfstæð í ákvarðanatöku sinni.
- 73) Í þeim tilgangi að greina brot á þessari reglugerð er nauðsynlegt fyrir lögbær yfirvöld að geta haft aðgang að húsnæði einstaklinga, öðru en einkaheimilum, til að nálgast gögn. Nauðsynlegt er að komast inn í slíkt húsnæði þegar rökstuddur grunur er um að til séu skjöl og önnur gögn sem tengjast viðfangsefni athugunarinnar eða rannsóknarinnar og kunna að skipta máli til að sanna brot á þessari reglugerð. Til viðbótar er nauðsynlegt að komast inn í þetta húsnæði þegar aðilinn sem þegar hefur verið krafinn um upplýsingar uppfyllir ekki þá kröfu, að öllu leyti eða að hluta, eða þegar rökstuddur grunur er til að ætla að ef þeirra væri krafist yrði ekki farið að þeirri kröfu eða að skjölin eða upplýsingarnar, sem krafan um upplýsingar á við um, væru fjarlægðar, falsaðar eða þeim eytt.
- 74) Mikilvægt er að aðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að brot á þessari reglugerð falli undir viðeigandi stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2010 um eflingu fyrirkomulags um viðurlög á sviði fjármálajónustu og til að tryggja að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar. Þessi viðurlög og ráðstafanir ættu að vera skilvirk, hófleg og letjandi og tryggja sameiginlega nálgun í aðildarríkjum og hafa varnaðaráhrif. Þessi reglugerð ætti ekki að takmarka getu aðildarríkja til að kveða á um strangari stjórnsýsluviðurlög.
- 75) Til að tryggja að ákvarðanir lögbærra yfirvalda um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum hafi varnaðaráhrif á allan almennung ætti venjulega að birta þær, nema ef lögbært yfirvald, í samræmi við þessa reglugerð, telur nauðsynlegt að birta þær undir nafnleysi, fresta birtingu þeirra eða sleppa því að birta þær.
- 76) Þrátt fyrir að aðildarríki ættu að geta mælt fyrir um reglur um bæði stjórnsýslu- og refsiviðurlög við sömu brotum, ætti ekki að gera kröfu um að aðildarríki mæli fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög við brotum gegn þessari reglugerð sem falla undir landsbundinn refsirétt fyrir 21. júlí 2018. Í

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

samræmi við landslög eru aðildarríki ekki skyldug til að beita bæði stjórnsýslu- og refsiviðurlögum fyrir sama brot en þau ættu að geta gert það ef heimild er fyrir slíku í landslögum. En ef refsiviðurlögum er beitt í stað stjórnsýsluviðurlaga við brotum gegn þessari reglugerð ætti slíkt ekki að draga úr eða hafa áhrif að öðru leyti á möguleika lögbærra yfirvalda á að starfa saman, hafa aðgang að og skiptast á upplýsingum tímanlega við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum í tengslum við þessa reglugerð, einnig eftir að viðkomandi brotum hefur verið vísað til saksóknar hjá lögbærum dómsyfirvöldum.

- 77) Uppljóstrarar geta vakið athygli lögbærra yfirvalda á nýjum upplýsingum sem geta hjálpað þeim að koma upp um misfellur og leggja á viðurlög í tilvikum brota á þessari reglugerð. Þessi reglugerð ætti því að tryggja að fullnægjandi fyrirkomulag sé fyrir hendi til að gera uppljóstrurum kleift að gera lögbærum yfirvöldum viðvart um raunveruleg eða möguleg brot gegn þessari reglugerð og vernda þá fyrir refsiaðgerðum.
- 78) Framselja ætti vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í því skyni að tilgreina kröfumnar sem koma fram í þessari reglugerð, til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar í tilteknum skjölum, sem birta skal almenningi, í tengslum við yfirtöku með skiptiútboði, samruna eða uppskiptingu, grannskoðun, samþykki, innlagningu og skoðun á almennri útgefandalýsingu og öllum breytingum á henni, sem og við hvaða skilyrði staða tíðs útgefanda tapast, snið lýsingar, grunnlýsingar og endanlegra skilmála og hvaða sérstæku upplýsingar skulu vera í lýsingunni, lágmarksupplýsingar sem skulu vera í almennu útgefandalýsingunni, takmarkaðri upplýsingar sem skulu vera í einfölduðu lýsingunni ef um er að ræða síðari útgáfur og útgáfur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, takmarkaðra innihald og staðlað snið og röð í ESB-vaxtarlýsingu og sérstæka samantekt hennar, viðmiðanir við mat og framsetningu útgefanda á áhættuþáttum, grannskoðun og samþykki á lýsingum og almennar jafngildisviðmiðanir að því er varðar lýsingar útgefanda þriðja lands. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽¹⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið m.a. að taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra að hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 79) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar að því er varðar jafngildi laga þriðju landa um lýsingar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að taka ákvörðun um slíkt jafngildi. Þessu valdi ætti beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁾.
- 80) Tæknistaðlar í fjármálaþjónustu ættu að tryggja fullnægjandi vernd fjárfesta og neytenda alls staðar í Sambandinu. Þar eð Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri sérþekkingu væri skilvirkt og viðeigandi að fela stofnuninni það verkefni að útfæra drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.
- 81) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur samið, að því er varðar innihald og snið framsetningar á helstu fjárhagsupplýsingum sem skulu vera í samantektinni, tilvikin þegar unnt er að sleppa tilteknum upplýsingum úr lýsingunni, upplýsingarnar sem skulu felldar inn með tilvísun og aðrar tegundir skjala sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins, birtingu lýsingarinnar, gögnin sem nauðsynleg eru vegna flokkunar á lýsingum í geymslakerfi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, ákvæðin um auglýsingar, aðstæður þegar mikilvægur nýr þáttur, efnisleg mistök eða ónákvæmni að því er varðar upplýsingarnar í lýsingunni krefjast þess að birtur sé viðauki við lýsinguna, tæknilegt fyrirkomulag sem þörf er á fyrir virkni tilkynningargáttar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, lágmarksinnihald samstarfssamninga við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum og sniðmátin sem notuð eru í þeim tilgangi og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í tengslum við skyldu um samstarf. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(1) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlitsaðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- 82) Einnig skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur samið, að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferðir við tilkynningu á samþykkisvottorði, lýsingu, skráningarskjali, almennu útgefandalýsingunni, öllum viðaukum og þýðingum þeirra, viðauka við lýsingu og þýðingu á lýsingum og/eða samantekt, stöðluð eyðublöð, sniðmátum og málsmeðferð vegna samvinnu eða upplýsingaskipta milli lögbærra yfirvalda og málsmeðferð og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.
- 83) Við beitingu framselds valds og framkvæmdarvalds í samræmi við þessa reglugerð skal framkvæmdastjórnin virða eftirfarandi meginreglur:
- þörf á að tryggja að almennir fjárfestar og lítil og meðalstór fyrirtæki hafi tiltrú á fjármálamörkuðunum með því að stuðla að miklu gagnsæi á þessum mörkuðum,
 - þörf á að aðlaga kröfur um upplýsingagjöf í lýsingu með tilliti til stærðar útgefanda og upplýsinganna sem þegar er krafist að útgefandi skuli birta samkvæmt tilskipun 2004/109/EB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014,
 - þörf á að auðvelda aðgengi að fjármagnsmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en tryggja á sama tíma að fjárfestar hafi tiltrú á að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum,
 - þörf á að sjá fjárfestum fyrir miklu framboði á samkeppnishæfum fjárfestingarmöguleikum og upplýsingum og vernd sem er sniðin að þörfum þeirra,
 - þörf á að tryggja að óháð eftirlitsyfirvöld framfylgi reglum á samræmdan hátt, einkum í baráttunni gegn hvítflibabrotum,
 - þörf á miklu gagnsæi og samráði við alla markaðsaðila og við Evrópuþingið og ráðið,
 - þörf á að hvetja til nýsköpunar á fjármálamörkuðum til að þeir verði öflugir og skilvirkir,
 - þörf á að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins með því að hafa náð og gagnvirk eftirlit með nýsköpun á fjármálasviðinu,
 - mikilvægi þess að draga úr fjármagnskostnaði og auka aðgengi að fjármagni,
 - þörf á, þegar til lengri tíma er litið, að halda jafnvægi milli kostnaðar og ávinnings allra markaðsaðila við framkvæmdarráðstöfun,
 - þörf á að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni fjármálamarkaða Sambandsins án þess að það hafi áhrif á löngu tímabæra eflingu alþjóðlegs samstarfs,
 - þörf á að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir alla markaðsaðila með því að semja eftir þörfum löggjöf Sambandsins,
 - þörf á að tryggja samhengi við aðra löggjöf Sambandsins á þessu sviði, þar eð ósamræmi í upplýsingum og skortur á gagnsæi getur teft starfsemi markaðanna í tvísýnu og umfram allt skaðað neytendur og minni fjárfesta.
- 84) Öll vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer innan ramma þessarar reglugerðar, s.s. skipti eða sending lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum, ætti að fara fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og öll skipti eða sending Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum ætti að vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.
- 85) Framkvæmdastjórnin ætti, eigi síðar en 21. júlí 2022, að endurskoða beitingu þessarar reglugerðar og meta sérstaklega hvort fyrirkomulag birtingar fyrir síðari útgáfur og fyrir ESB-vaxtarlýsingar, almennu útgefandalýsinguna og samantekt lýsingar sé áfram viðeigandi í því skyni að uppfylla markmiðið með þessari reglugerð. Einkum ætti skýrslan að greina viðeigandi tölur og leitni að því er varðar ESB-vaxtarlýsingu og meta

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

hvort nýja fyrirkomulagið veiti viðunandi jafnvægi milli verndar fjárfesta og minnkunar á stjórnslubyrði fyrir fyrirtækin sem skylt er að nota það. Slik endurskoðun ætti einnig að meta hvort útgefendur, einkum lítill og meðalstór fyrirtæki, geti fengið kennimerki lögaðila (LEIs) og ISIN-númer á sanngjörnu verði og innan hæfilegs tíma.

- 86) Beitingu krafanna í þessari reglugerð ætti því að fresta til að gera það kleift að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir og til að gera lögbærum yfirvöldum og markaðsaðilum kleift að tileinka sér og gera áætlanir vegna beitingar nýju ráðstafanna.
- 87) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að efla vernd fjárfesta og skilvirkni markaða þegar sambandi fjármagnsmarkaða er komið á, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 88) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð í samræmi við þau réttindi og meginreglur.
- 89) Haft hefur verið samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina, í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni, gildissvið og undanþágur

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um samningu, samþykki og dreifingu lýsingar [áður: útboðs- og skráningarlýsingar], sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til viðskipta [áður: skráð] á skipulegan markað sem er staðsettur eða starfræktur innan aðildarríkis.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi tegundir verðbréfa:
- a) hlutdeildarskírteini sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, önnur en lokuð, gefa út,
- b) verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, gefin út af aðildarríki, svæðis- eða staðaryfirvaldi aðildarríkis, opinberri, alþjóðlegri stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum aðildarríkjanna,
- c) hlutabréf í seðlabönkum aðildarríkjanna,
- d) verðbréf sem aðildarríki eða svæðis- eða staðaryfirvald aðildarríkis ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega,
- e) verðbréf sem eru gefin út af samtökum með réttarstöðu lögaðila eða stofnunar sem eru ekki reknaðar í hagnaðarskyni, sem aðildarríki viðurkennir í því skyni að þær megi finna nauðsynlega fjármögnun til að ná markmiðum sínum, sem byggjast ekki á hagnaðarvon,
- f) óvirkt hlutafé þar sem meginmarkmiðið er að veita handhafa rétt til umráða yfir íbúð eða annarri tegund fasteignar eða hluta hennar og þar sem ekki er hægt að selja hlutabréfin án þess að afsala sér þessum rétti.
3. Þessi reglugerð skal, án þess að hafa áhrif á aðra undirgrein þessa liðar og 4. gr., ekki gilda um útboð á verðbréfum á almennan markað sem er í heild sinni, innan Sambandsins, minna en 1 000 000 evrur, reiknað yfir 12 mánaða tímabil.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Aðildarríki skulu ekki rýmka skylduna um að gera lýsingu í samræmi við þessa reglugerð til að hún nái yfir útboð á verðbréfum á almennum markaði sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Í þessum tilvikum ættu aðildarríki þó að geta sett aðrar kröfur um upplýsingagjöf á landsvísi að því marki sem slíkar kröfur fela ekki í sér óhóflegt eða óþarfa álag.

4. Skyldan að birta lýsingu sem sett er fram í 1. mgr. 3. gr. gildir ekki um eftirfarandi tegundir útboða á almennum markaði:
 - a) útboð verðbréfa, sem beint er eingöngu til fagfjárfesta,
 - b) útboð verðbréfa sem beint er til færri en 150 einstaklinga eða lögaðila í hverju aðildarríki, annarra en hæfra fjárfesta,
 - c) útboð verðbréfa þar sem nafnverð hverrar einingar nemur a.m.k. 100 000 evrum,
 - d) útboð verðbréfa sem beint er til fjárfesta þar sem hver fjárfestir kaupir verðbréf fyrir a.m.k. 100 000 evrum í hverju útboði fyrir sig,
 - e) hlutabréfa, sem eru gefin út í stað hlutabréfa sem þegar hafa verið gefin út í sama flokki, ef útgáfu hinna nýju hlutabréfa fylgir ekki aukning á útgefnu hlutafé,
 - f) verðbréf sem eru boðin út í tengslum við yfirtöku í skiptiútboði, að því tilskildu að fyrir liggi skjal sem gert er aðgengilegt almenningi í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 2. mgr. 21. gr., með upplýsingum um viðskiptin og áhrif þeirra á útgefandann,
 - g) verðbréf sem eru boðin út, úthlutað eða sem til stendur að úthluta í tengslum við samruna eða uppskiptingu, að því tilskildu að fyrir liggi skjal sem gert er aðgengilegt almenningi í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 2. mgr. 21. gr., með upplýsingum um viðskiptin og áhrif þeirra á útgefandann,
 - h) útgreiddan arð, til hluthafa sem fyrir eru, í formi hluta sem eru í sama flokki og hlutirnir sem arðurinn er greiddur af, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda hlutanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það,
 - i) verðbréf sem eru boðin út og úthlutað eða sem til stendur að úthluta til núverandi eða fyrirverandi stjórnenda eða starfsmanna af hálfu vinnuveitanda eða af hálfu eignatengds fyrirtækis, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda verðbréfa og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu eða úthlutuninni og ítarlegum upplýsingum um það.
 - j) verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, sem lánastofnun gefur út samfelld eða með endurteknum hætti, þar sem heildarfjárhæð útboðsins í Sambandinu er undir 75 000 000 evrum á hverja lánastofnun og miðast útreikningurinn við 12 mánaða tímabil, að því tilskildu að þessi verðbréf:
 - i. séu ekki vikjandi, breytanleg eða skiptanleg og
 - ii. veiti ekki rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa aðrar tegundir verðbréfa og að þau séu ekki tengd afleiðugerningi.
5. Skyldan um að birta lýsingu, sem sett er fram í 3. mgr. 3. gr., gildir ekki um töku eftirfarandi bréfa til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað:
 - a) verðbréf sem skiptanleg eru fyrir verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði, að því tilskildu að þau séu, yfir 12 mánaða tímabil, minna en 20% af fjölda verðbréfa sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði,
 - b) hlutabréf sem eru til komin með breytingu eða eftir skipti á öðrum verðbréfum eða með því að beita rétti sem önnur verðbréf veita, ef þessi hlutabréf eru í sama flokki og hlutabréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði, að því tilskildu að þessi hlutabréf séu, yfir 12 mánaða tímabil, minna en 20% af fjölda hlutabréfa í sama flokki sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði, með fyrirvara um aðra undirgrein þessarar málsgreinar,
 - c) hlutabréf sem eru til komin með breytingu eða eftir skipti skilavalds á öðrum verðbréfum, eiginfjárgrunni eða hæfum skuldbindingum vegna beitingar valds sem um getur í 53. gr. (2. mgr.), 59. gr. (2. mgr.) eða 63. gr. (1. eða 2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- d) hlutabréf sem eru gefin út í stað hlutabréfa í sama flokki, sem hafa þegar verið tekin til viðskipta á sama skipulega markaði, ef útgáfu slíkra hlutabréfa fylgir ekki aukning á útgefnu hlutfæ,
- e) verðbréf sem eru boðin út í tengslum við yfirtöku í skiptiútboði, að því tilskildu að fyrir liggi skjal sem gert er aðgengilegt almenningi í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 2. mgr. 21. gr., með upplýsingum um viðskiptin og áhrif þeirra á útgefandann,
- f) verðbréf sem eru boðin út, úthlutað eða sem til stendur að úthluta í tengslum við samruna eða uppskiptingu, að því tilskildu að fyrir liggi skjal sem gert er aðgengilegt almenningi í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 2. mgr. 21. gr., með upplýsingum um viðskiptin og áhrif þeirra á útgefandann,
- g) hlutabréf sem eru boðin út og úthlutað er eða sem til stendur að úthluta endurgjaldslaust til hluthafa, sem fyrir eru, og arður greiddur í formi hlutabréfa sem eru í sama flokki og hlutabréfin sem arðurinn er greiddur af, að því tilskildu að hlutabréfin séu í sama flokki og þau hlutabréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega markaði og að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda hlutabréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu eða úthlutuninni og ítarlegum upplýsingum um það,
- h) verðbréf sem eru boðin út, og úthlutað eða sem til stendur að úthluta til núverandi eða fyrrverandi stjórnenda eða starfsmanna af hálfu vinnuveitanda þeirra eða eignatengds fyrirtækis, að því tilskildu að áðurnefnd verðbréf séu í sama flokki og verðbréfin sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á sama skipulega markaði og að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda verðbréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu eða úthlutuninni og nákvæmri útlistun á því,
- i) verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, sem lánastofnun gefur út samfellt eða með endurteknum hætti, þar sem heildarfjárhæð útboðsins í Sambandinu er undir 75 000 000 evrum á hverja lánastofnun og miðast útreikningurinn við 12 mánaða tímabil, að því tilskildu að þessi verðbréf:
- i. séu ekki víkjandi, breytanleg eða skiptanleg og
 - ii. veiti ekki rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa aðrar tegundir verðbréfa og að þau séu ekki tengd afleiðugerningi,
- j) verðbréf, sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á öðrum skipulegum markaði, með eftirfarandi skilyrðum:
- i. að þessi verðbréf eða verðbréf í sama flokki hafi verið skráð á þessum skipulega markaði í meira en 18 mánuði,
 - ii. að, þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst voru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eftir 1. júlí 2005, þau hafi verið tekin til viðskipta á þeim skipulega verðbréfamarkaði með fyrirvara um samþykktu og birta lýsingu í samræmi við tilskipun 2003/71/EB,
 - iii. að, þegar um er að ræða verðbréf sem voru fyrst tekin til viðskipta eftir 30. júní 1983, nema þau tilvik sem falla undir ii. lið, skráningarlýsing hafi verið samþykkt í samræmi við kröfur tilskipunar ráðsins 80/390/EBE ⁽¹⁾ eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB ⁽²⁾,
 - iv. að áhvílandi skyldur við skráningu á hinn skipulega markað hafi verið uppfylltar,
 - v. að sá sem sækir um að verðbréf verði tekið til viðskipta á skipulegum markaði, samkvæmt undanþágunni sem sett er fram í j-lið, geri, í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 2. mgr. 21. gr., skjal aðgengilegt almenningi í aðildarríki skipulega verðbréfamarkaðarins þar sem sótt er um töku til viðskipta, með innihaldi sem uppfyllir 7. gr., nema auka skal hámarks lengdina sem sett er fram í 3. mgr. 7. gr. um tvær A4 síður til viðbótar, á tungumáli sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem sótt er um töku til viðskipta á skipulegan markað, samþykkir, og

(1) Tilskipun ráðsins 80/390/EBE frá 17. mars 1980 til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi (Stjtið. EB L 100, 17.4.1980, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf (Stjtið. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- vi. að skjalið sem um getur í v. lið tilgreini hvar hægt sé að nálgast nýjustu lýsinguna og hvar fjármálaupplýsingarnar, sem útgefandi birtir samkvæmt viðvarandi upplýsingaskyldu, eru aðgengilegar.

Krafan um að þau hlutabréf sem fást af þessu séu, yfir 12 mánaða tímabil, minna en 20% af fjölda hlutabréfa sama flokks sem þegar hefur verið tekinn til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði og um getur í b-lið fyrstu undirgreinar gildir ekki í neinu af eftirfarandi tilvikum:

- a) ef lýsing var gerð í samræmi við annað hvort þessa reglugerð eða tilskipun 2003/71/EB við útboð á verðbréfunum sem veita aðgang að hlutabréfunum á almennum markaði eða töku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,
- b) ef verðbréfin sem veita aðgang að hlutabréfunum voru gefin út fyrir 20. júlí 2017,
- c) ef flokka má hlutabréfin sem liði í almennu eigin fé þáttar 1, eins og mælt er fyrir um í 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾, sem stofnun hefur gefið út eins og skilgreint er í 3. lið 1. mgr. 4. mgr. þeirrar reglugerðar, sem eru afleiðing umbreytingar á viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 sem gefnir eru út af þeirri stofnun vegna kveikjuatburðar eins og mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 54. gr. þeirrar reglugerðar,
- d) ef hlutabréf eru tæk sem hæfur eiginfjárgrunnur eða hæfur kjarnaeginfjárgrunnur, eins og það er skilgreint í 3. þætti VI. kafla I. bólsks tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁾ og eru til komin með breytingu á öðrum verðbréfum sem hrint var af stað til að uppfylla skylduna um að fara að gjaldþolskröfunni eða kröfunni um lágmarksfjármagn, eins og mælt er fyrir um í 4. og 5. þætti VI. kafla I. bólsks tilskipunar 2009/138/EB, eða gjaldþolskröfu samstæðu eins og mælt er fyrir um í III. bólski tilskipunar 2009/138/EB.

6. Undanþágunum frá skyldu um að birta lýsingu sem eru settar fram í 4. og 5. mgr. má blanda saman. Þó skal ekki blanda saman undanþágunum í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. ef slík blöndun gæti haft í för með sér að, yfir 12 mánaða tímabil, verði yfir 20% af fjölda hlutabréfa í sama flokki og þegar hefur verið tekinn til viðskipta á sama skipulega verðbréfamarkaði, tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði tafarlaust eða töku frestað, án þess að lýsing sé birt.

7. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. í þeim tilgangi að bæta við þessa reglugerð með því að setja fram lágmarkskröfum um upplýsingar í skjölunum sem um getur í f- og g-lið 4. mgr. og e- og f-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „verðbréf“: framseljanleg verðbréf, eins og skilgreint er í 44. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB að undanskildum peningamarkaðsgerningum, eins og skilgreint er í 17. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/EBE, með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir,
- b) „hlutabréf“: hlutir og önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum í félögum ásamt hvers kyns öðrum tegundum framseljanlegra hlutabréfa sem veita rétt til að kaupa einhver hinna framangreindu verðbréfa með því að breyta þeim eða nýta þann rétt sem þau veita, að því tilskildu að verðbréf af síðarnefndu tegundinni séu gefin út af útgefanda hlutabréfanna, sem liggja til grundvallar, eða af aðila sem tilheyrir fyrirtækjahópi áður nefnds útgefanda,
- c) „verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd“: öll verðbréf sem ekki eru hlutabréf,
- d) „almenn útboð verðbréfa“: hvers kyns boð til aðila, með hvaða aðferð sem er, þar sem settar eru fram fullnægjandi upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfa sem eru boðin til kaups til að gera fjárfesti kleift að ákveða að kaupa eða að láta skrá sig fyrir þessum verðbréfum. Þessi skilgreining gildir einnig þegar verðbréf eru sett á markað fyrir milligöngu fjármálamililiða,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- e) „hæfir fjárfestar“: einstaklingar eða aðilar sem skýrt er frá í 1.–4. lið 1. þáttar II. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB og einstaklingar eða aðilar sem eru, samkvæmt beiðni, meðhöndlaðir sem fagfjárfestar í samræmi við II. þátt þess viðauka, eða teljast viðurkenndir gagnaðilar, í samræmi við 30. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, nema þeir hafi gert samkomulag um að vera ekki meðhöndlaðir sem fagfjárfestar í samræmi við fjórðu málsgrein I. þáttar þess viðauka. Við beitingu fyrsta málslíðar þessa liðar skulu fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir, samkvæmt beiðni útgefanda, tilkynna um flokkun viðskiptavina sinna til útgefanda með fyrirvara um að farið sé að viðkomandi lögum um gagnavernd,
- f) „lítill og meðalstór fyrirtæki“ merkir eitthvað eftirfarandi:
- i. fyrirtæki sem, samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi sínum, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þremur viðmiðunum: á fjárhagsárinu séu starfsmenn að meðaltali færri en 250, niðurstöðutala efnahagsreiknings hafi ekki farið yfir 43 000 000 evrur og hrein ársvelta hafi ekki farið yfir 50 000 000 evrur,
 - ii. lítill og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 13. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
- g) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- h) „útgefandi“: lögaðili sem gefur út verðbréf eða leggur til að verðbréf verði gefin út,
- i) „tilboðsgjafi“: lögaðili eða einstaklingur sem býður almenningi verðbréf til kaups,
- j) „skipulegur verðbréfamarkaður“: skipulegur verðbréfamarkaður eins og hann er skilgreindur í 21. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- k) „auglýsing“: orðsending sem hefur bæði eftirfarandi einkenni:
- i. varðar tiltekið útboð á verðbréfum á almennum markaði eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað,
 - ii. miðar að því að auglýsa sérstaklega mögulega áskrift að eða kaup á verðbréfum,
- l) „upplýsingar sem reglur kveða á um“: upplýsingar sem reglur kveða á um eins og skilgreint er í k-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/ESB,
- m) „heimaaðildarríki“:
- i. að því er varðar alla útgefendur verðbréfa með staðfestu í Sambandinu, sem eru ekki tilgreindir í ii. lið, aðildarríkið þar sem útgefandinn er með skráða skrifstofu,
 - ii. að því er varðar sérhvern útgefanda verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, þar sem nafnvirði hvernar einingar nemur a.m.k. 1 000 evrum, og sérhverja útgáfu verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, og sem veita rétt til að kaupa framseljanleg verðbréf eða fá uppgjör í reiðufé af þeirri ástæðu að þeim hafi verið breytt eða réttur sem þau veita hafi verið nýttur, að því tilskildu að útgefandi verðbréfanna, sem ekki eru hlutabréfatengd, sé ekki útgefandi verðbréfanna sem liggja þar til grundvallar eða aðili sem tilheyrir hópi síðarnefnds útgefanda, aðildarríki þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu eða þar sem verðbréfin voru eða munu verða tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða þar sem almennt útboð verðbréfa fer fram, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eftir því sem við á. Það sama gildir um verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, sem eru í öðrum gjaldmiðli en evrum, að því tilskildu að lágmarksnafnverð þeirra jafngildi nánast 1 000 evrum,
 - iii. að því er varðar alla útgefendur verðbréfa sem hafa staðfestu í þriðja landi og eru ekki tilgreindir í ii-lið, aðildarríkið þar sem ætlunin er að láta fara fram almennt útboð verðbréfa í fyrsta sinn eða þar sem fyrsta umsókn um skráningu á skipulegan markað er lögð fram, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, eftir því sem við á, með fyrirvara um síðari tíma val útgefanda, sem hafa staðfestu í þriðja landi við aðrar hvorar eftirfarandi aðstæðna:

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- ef heimaaðildarríkið var ekki ákvarðað samkvæmt vali þessara útgefanda, eða
 - í samræmi við i. lið iii. liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/109/EB,
- n) „gístaðildarríki“: aðildarríki þar sem útboð á verðbréfum á almennan markað fer fram eða þar sem sótt er um töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað ef það ríki er ekki heimaaðildarríkið,
- o) „lögbært yfirvald“: yfirvald sem sérhvert aðildarríki tilnefnir í samræmi við 31. gr. nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð,
- p) „sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, aðrir en lokaðir“: verðbréfasjóðir og fjárfestingarfélög sem hafa bæði eftirfarandi einkenni:
- i. afla fjármagns frá nokkrum fjárfestum með það að markmiði að fjárfesta það í samræmi við skilgreinda fjárfestingarstefnu í þágu þessara fjárfesta,
 - ii. sem hlutdeildarskírteini í eru beint eða óbeint endurkeypt eða innleyst að ósk eiganda gegn greiðslu af eignum þeirra,
- q) „hlutdeildarskírteini fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréf sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu gefa út sem vottorð um rétt þátttakenda til eigna fyrirtækisins,
- r) „samþykki“: jákvæð niðurstaða úr athugun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins á því hvort upplýsingarnar í lýsingunni séu heildstæðar, samræmdar og skýrar,
- s) „grunnlýsing“: lýsing sem er í samræmi við 8. gr. og, samkvæmt ákvörðun útgefanda, endanlega skilmála útboðsins,
- t) „virkir dagar“: vinnudagar viðkomandi lögbærs yfirvalds að undanskildum laugardögum, sunnudögum og opinberum frídögum, eins og það er skilgreint í landslögum sem gilda um viðkomandi lögbært yfirvald,
- u) „markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga eins og skilgreint er í 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- v) „skipulegur viðskiptavettvangur“: skipulegur viðskiptavettvangur eins og hann er skilgreindur í 23. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- w) „vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME)“: vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki eins og skilgreint er í 12. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- x) „útgefandi í þriðja landi“: útgefandi með staðfestu í þriðja landi,
- y) „útboðstímabil“: tímabilið þegar mögulegir fjárfestar geta keypt eða skráð sig fyrir viðkomandi verðbréfum,
- z) „varanlegur miðill“: hvert það tæki sem:
- i. gerir viðskiptavinum kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé í hæfilegan tíma síðar að nálgast þær til að fletta upp í þeim og
 - ii. gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru.

3. gr.

Skylda til að birta lýsingu og undanþágu

1. Með fyrirvara um 4. mgr. 1. gr. skal aðeins bjóða verðbréf út á almennum markaði í Sambandinu eftir undangengna birtingu lýsingar í samræmi við þessa reglugerð.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

2. Aðildarríki getur, með fyrirvara um 4. gr., ákveðið að undanskilja útboð á verðbréfum á almennan markað frá skyldunni um að birta lýsingu, sem sett er fram í 1. mgr., að því tilskildu að:

a) slík útboð falli ekki undir tilkynningu í samræmi við 25. gr. og

b) heildarumfang útboðsins í Sambandinu sé lægra en fjárhæð, sem reiknuð er út yfir 12 mánaða tímabil, og er ekki umfram 8 000 000 evrur.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni hvort og hvernig þau ákveða að beita undanþágunni samkvæmt fyrstu undirgrein, þ.m.t. undir hvaða fjárhæð útboð í viðkomandi aðildarríki þurfa að vera til að fá undanþágu. Þau skulu einnig tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar síðari breytingar á fjárhæðinni.

3. Með fyrirvara um 5. mgr. 1. gr. skal aðeins taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem er staðsettur eða starfar innan Sambandsins eftir undangengna birtingu lýsingar í samræmi við þessa reglugerð.

4. gr.

Lýsing að eigin frumkvæði

1. Ef útboð á verðbréfum á almennan markað eða taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er utan gildissviðs þessarar reglugerðar, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. eða undanskilin skyldunni um að birta lýsingu, í samræmi við 1. gr. (4. mgr.), 1. gr. (5. mgr.) eða 3. gr. (2. mgr.), skal útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eiga rétt á að semja að eigin frumkvæði lýsingu í samræmi við þessa reglugerð.

2. Slík lýsing sem samin er að eigin frumkvæði og lögbært yfirvald heimaaðildarríkis samþykkir, eins og ákvarðað er í samræmi við m-lið 2. gr., skal innihalda sömu réttindi og skyldur og kveðið er á um fyrir lýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð og skulu falla undir öll ákvæði þessarar reglugerðar, undir eftirliti þess lögbæra yfirvalds.

5. gr.

Síðari endursala verðbréfa

1. Öll síðari endursala verðbréfa, sem áður voru boðin út í einni eða fleiri tegundum útboða á almennum markaði sem um getur í a- til d-lið 4. mgr. 1. gr., telst sem sérstakt útboð og skal skilgreiningin, sem er sett fram í d-lið 2. gr., skera úr um hvort sú endursala teljist vera almennt útboð verðbréfa á almennum markaði. Þegar verðbréf eru sett á markað fyrir milligöngu fjármálamilliliða, skal birta lýsingu nema ein af undanþágunum, sem settar eru fram í a- til d-lið 4. mgr. 1. gr., gildi í tengslum við endanlegt útboð.

Ekki ber ekki að krefjast annarrar lýsingar í neinni síðari endursölu verðbréfa eða í endanlegu útboði verðbréfa í gegnum fjármálamilliliði svo framarlega sem gild lýsing liggur fyrir í samræmi við 12. gr. og útgefandinn eða aðili sem ber ábyrgð á að semja slíka lýsingu samþykkir notkun hennar með skriflegu samkomulagi.

2. Ef lýsing er í tengslum við töku verðbréfa til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, sem ekki eru hlutabréfatengd sem viðskipti eru aðeins með á skipulegum verðbréfamarkaði eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf, skulu verðbréfin ekki endurseld til fjárfesta sem ekki eru hæfir nema lýsing sé gerð í samræmi við þessa reglugerð sem þykir viðeigandi fyrir fjárfesta sem ekki eru hæfir.

II. KAFLI

SAMNING LÝSINGAR

6. gr.

Lýsingin

1. Með fyrirvara um 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 18. gr. skal lýsing innihalda nauðsynlegar upplýsingar sem máli skipta fyrir fjárfesti í því skyni að taka upplýsta ákvörðun um:

a) eignir og skuldir, hagnað og tap, fjárhagsstöðu og horfur að því er varðar útgefandann og alla ábyrgðaraðila,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- b) réttindin sem standa að baki verðbréfunum og
- c) ástæður fyrir útgáfunni og áhrif hennar á útgefandann.

Upplýsingarnar geta verið mismunandi eftir þessu:

- a) eðli útgefandans,
 - b) tegund verðbréfa,
 - c) aðstæðum útgefandans,
 - d) ef við á, hvort nafnverð einingar verðbréfanna sem ekki eru hlutabréfatengd sé a.m.k. 100 000 evrur eða hvort aðeins verði viðskipti með þau á skipulegum verðbréfamarkaði, eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf.
2. Upplýsingarnar í lýsingu skulu vera skriflegar og settar fram á auðgreinanlegan, hnitmiðaðan og auðskilinn hátt, að teknu tilliti til þáttanna sem settir eru fram í annarri undirgrein 1. mgr.
3. Útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þeim, sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði, er heimilt að semja lýsinguna sem eitt skjal eða fleiri aðskilin skjöl.

Með fyrirvara um 8. mgr. 8. gr. og aðra undirgrein 1. mgr. 7. gr. skal lýsing sem samanstendur af aðgreindum skjölum skipta upplýsingunum sem krafist er í útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt. Útgefandalýsing skal innihalda upplýsingar sem varða útgefandann. Verðbréfalýsingin skal hafa að geyma upplýsingar um verðbréfin, sem eru boðin í almennu útboði, eða taka skal til viðskipta á skipulegum markaði.

7. gr.

Samantekt lýsingar

1. Lýsingin skal innihalda samantekt sem veitir lykilupplýsingar sem fjárfestar þurfa til að skilja eðli og áhættu útgefanda, ábyrgðaraðila og verðbréfanna sem verið er að bjóða eða taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og sem ber að lesa ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar til að hjálpa fjárfestum þegar tekin er ákvörðun um það hvort skuli fjárfesta í slíkum verðbréfum.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal ekki krafist samantektar ef lýsingin varðar töku verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkað að því tilskildu að:

- a) aðeins skal eiga viðskipti með slík verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði, eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf eða
- b) nafnverð hverrar einingar slíkra verðbréfa skal vera a.m.k. 100 000 evrur.

2. Inntak samantektar skal vera nákvæmt, sanngjarnt og skýrt og ekki vera misvísandi. Samantektina skal lesa sem inngang að lýsingunni og hún skal vera í samræmi við aðra hluta lýsingarinnar.

3. Samantektin skal samin sem stutt skjal, með hnitmiðuðum hætti og að hámarki sjö A4 blaðsíður að lengd við prentun. Samantektin skal:

- a) sett fram og hönnuð með þeim hætti að hún sé auðveld aflestrar og skulu stafir vera af læsilegri stærð,
- b) skrifuð á tungumáli og í stíl sem auðveldar skilning á upplýsingunum, einkum, á máli sem er skýrt, ekki tæknilegt, hnitmiðað og auðskilið fjárfestum.

4. Samantektin skal samanstanda af eftirfarandi fjórum þáttum:

- a) inngangi, sem inniheldur varnaðarorð,
- b) lykilupplýsingum um útgefandann,
- c) lykilupplýsingum um verðbréfin,
- d) lykilupplýsingum um útboð á verðbréfum á almennum markaði og/eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

5. Þátturinn sem um getur í a-lið 4. mgr. skal innihalda:

- a) heiti og alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfanna (ISIN-númer),
- b) auðkenni og samskiptaupplýsingar útgefanda, þ.m.t. kennimerki lögaðila (LEI),
- c) eftir atvikum, auðkenni og samskiptaupplýsingar tilboðsgjafa, þ.m.t. kennimerki lögaðila (LEI) ef tilboðsgjafi hefur réttarstöðu lögaðila, eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,
- d) auðkenni og samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins sem samþykkir lýsinguna og, ef um annað er að ræða, lögbæra yfirvaldsins sem samþykkti útgefandalýsinguna eða almennu útgefandalýsinguna,
- e) dagsetning samþykkis lýsingar.

Hún skal innihalda eftirfarandi varnaðarorð:

- a) að þessa samantekt ætti að lesa sem inngang að lýsingunni,
- b) að ákvörðun fjárfestis um að fjárfesta í verðbréfunum skuli tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild,
- c) eftir atvikum, að fjárfestir gæti tapað öllu eða hluta af fjárfestu fjármagni og, ef bótaábyrgð fjárfestis takmarkast ekki við verðmæti fjárfestinga hans skal setja fram viðvörðun um að fjárfestir gæti tapað meiru en sem nemur fjárfestingu sinni og umfang þess háttar taps,
- d) að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu, sem varðar upplýsingar í lýsingu, gæti fjárfestirinn sem kærir, samkvæmt innlendri löggjöf, þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst,
- e) að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum,
- f) eftir atvikum, greinilega viðvörðun sem krafist er skv. b-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014,

6. Í þættinum, sem um getur í b-lið 4. mgr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) í undirþætti sem ber titilinn „Hver er útgefandi verðbréfanna?“, stutt lýsing á útgefanda verðbréfanna, þ.m.t. a.m.k. eftirfarandi:
 - i. lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, kennimerki lögaðila, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt og heiti lands þar sem útgefandi er skráður,
 - ii. aðalstarfsemi hans,
 - iii. stærstu hluthafar hans, þ.m.t. hvort hann er í beinni eða óbeinni eigu, eða undir beinni eða óbeinni stjórn, og þá hvers,
 - iv. deili á lykilstjórnendum hans,
 - v. deili á löggiltum endurskoðendum hans,
- b) í undirþætti sem ber titilinn „Hverjar eru helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann?“, valdar sögulegar lykilfjárhagsupplýsingar settar fram fyrir hvert fjárhagsár tímabilsins sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar ná yfir ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árshlutatímabil ef einhver eru ásamt samanburðargögnum fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs. Krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning skal uppfyllt með því að setja fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi. Lykilfjárhagsupplýsingar skulu, eftir atvikum, innihalda:
 - i. fjárhagsupplýsingar til bráðabirgða,
 - ii. stutta lýsingu á eðli allra fyrirvara í endurskoðunarskýrslunni í tengslum við sögulegar fjárhagsupplýsingar,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- c) í undirþætti sem ber titilinn „Hverjir eru helstu áhættuþættir sem sértækir eru fyrir útgefandann?“, stutta lýsingu á mikilvægustu áhættuþáttunum sem eru sértækir fyrir útgefandann og er að finna í lýsingunni, án þess að fara umfram heildarfjölda áhættuþátta sem settur er fram í 10. mgr.
7. Í þættinum, sem um getur í c-lið 4. mgr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- a) í undirþætti sem ber titilinn „Hverjir eru helstu eiginleikar verðbréfanna?“, stutt lýsing á verðbréfunum sem boðin eru út á almennum markaði og/eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði þ.m.t. a.m.k.:
- i. tegund þeirra, flokkur og ISIN-númer,
 - ii. eftir atvikum, gjaldmiðill þeirra, nafnvirði, bókfært verð, fjöldi útgefna verðbréfa og tímalengd verðbréfanna,
 - iii. réttindin sem fylgja verðbréfunum,
 - iv. hlutfallslegur forgangur verðbréfanna í fjármagnsuppbyggingu útgefanda ef til ógjaldfærni kæmi, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um forgangsröðun verðbréfanna og möguleg áhrif á fjárfestinguna ef til skilameðferðar kæmi skv. tilskipun 2014/59/ESB,
 - v. framsalstakmarkanir á verðbréfunum,
 - vi. eftir atvikum, arðgreiðslu- eða útgreiðslustefna,
- b) í undirþætti sem ber titilinn „Hvar munu viðskipti með verðbréfin verða stunduð?“, upplýsingar um hvort sótt hafi verið um eða sótt verði um að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga og deili á öllum mörkuðum þar sem viðskipti með verðbréfin fara fram eða munu fara fram,
- c) ef ábyrgð stendur að baki verðbréfunum, í undirþætti sem ber titilinn „Er ábyrgð að baki verðbréfunum?“, eftirfarandi upplýsingar:
- i. stutt lýsing á eðli og gildissviði ábyrgðarinnar,
 - ii. stutt lýsing á ábyrgðaraðilanum, þ.m.t. kennimerki lögaðila,
 - iii. viðkomandi lykilmálupplýsingar í þeim tilgangi að meta getu ábyrgðaraðila til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni og
 - iv. stutt lýsing á mikilvægustu þáttum að því er varðar ábyrgðaraðilann, sem er að finna í lýsingunni í samræmi við 3. mgr. 16. gr., án þess að fara umfram fjölda áhættuþátta sem settur er fram í 10. mgr.,
- d) í undirþætti sem ber titilinn „Hverjir eru helstu áhættuþættir sem sértækir eru fyrir verðbréfin?“, stutta lýsingu á mikilvægustu áhættuþáttunum sem eru sértækir fyrir verðbréfin og er að finna í lýsingunni, án þess að fara umfram heildarfjölda áhættuþátta sem settur er fram í 10. mgr.

Ef krafist er lykilupplýsingaskjals, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1286/2014, getur útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skipt inntakinu, sem sett er fram í þessari málsgrein, út fyrir upplýsingarnar sem settar eru fram í c-til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014. Þar sem reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 gildir, getur hvert aðildarríki sem kemur fram sem heimaaðildarríki að því er varðar þessa reglugerð krafist þess að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skipt inntakinu, sem sett er fram í þessari málsgrein, út fyrir upplýsingarnar sem settar eru fram í c-til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 í lýsingunum sem lögbært yfirvald þeirra samþykkir.

Ef um er að ræða útskiptingu á inntaki samkvæmt annarri undirgrein skal lengja hámarks lengdina sem sett er fram í 3. mgr. um þrjár A4-síður til viðbótar. Innihald lykilupplýsingaskjalsins skal tekið með sem sérstakur þáttur samantektarinnar. Framsetningin á þeim þætti skal með skýrum hætti sýna að það sé innihald lykilupplýsingaskjalsins eins og sett er fram í c-til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Ef ein samantekt, í samræmi við 9. mgr. 8. gr., nær yfir margs konar verðbréf sem aðeins eru frábrugðin hvert öðru að mjög takmörkuðu leiti, s.s. útgáfuverð eða gjalddaga, skal hámarks lengdin sem sett er fram í 3. mgr. lengd um tvær A4-blaðsíður til viðbótar. Ef lykilupplýsingaskjal er krafist vegna þessara verðbréfa samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 og útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað skiptir út inntakinu, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, skal hámarks lengdin þó lengd um þrjár A4-síður til viðbótar fyrir hvert viðbótarverðbréf.

Ef samantektin inniheldur upplýsingarnar sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar skal lengja hámarks lengdina sem sett er fram í 3. mgr. um eina A4-síðu til viðbótar.

8. Í þættinum, sem um getur í d-lið 4. mgr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) í undirþætti sem ber titilinn „Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?“, eftir atvikum, almennir skilmálar, skilyrði og væntanleg tímaáætlun útboðsins, upplýsingar um töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, dreifingaráætlun, fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar vegna útboðsins og mat á heildarkostnaði vegna útgáfunnar og/eða útboðsins, þ.m.t. áætlaður kostnaður sem fjárfestirinn er krafinn um af útgefandanum eða tilboðsgjafanum,
- b) ef tilboðsgjafinn er annar en útgefandinn, í undirþætti sem ber titilinn „Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta?“, stutt lýsing á tilboðsgjafa verðbréfanna og/eða aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, þ.m.t. lögheimili hans og félagsform, löggjöfin sem hann starfar samkvæmt og í hvaða landi hann er stofnaður,
- c) í undirþætti sem ber titilinn „Hvers vegna er þessi lýsing gerð?“, stutt lýsing á ástæðunum fyrir útboðinu eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað og, eftir atvikum:
 - i. notkun ágóðans og áætlað nettósöluandvirði,
 - ii. tilgreiningu á því hvort útboðið fellur undir samning um sölutryggingu á grundvelli fastrar skuldbindingar, þar sem hluti sem ekki fellur þar undir er tekinn fram,
 - iii. tilgreiningu á helstu hagsmunaárekstrum vegna útboðsins eða töku til viðskipta.

9. Í hverjum þætti sem lýst er í 6., 7. og 8. mgr. getur útgefandinn bætt við undirliðum eftir því sem þörf krefur.

10. Heildarfjöldi áhættuþátta í þeim þáttum samantektarinnar sem um getur í c-lið 6. mgr. og iv. lið c-liðar og d-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. skal ekki fara umfram 15.

11. Samantektin skal hvorki innihalda millivísanir í aðra hluta lýsingarinnar né upplýsingar með innfældri tilvísun.

12. Ef krafist er að lykilupplýsingaskjal sé gert vegna verðbréfa sem boðin eru á almennan markað samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 og heimaáildarríkið krefst þess að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skipti inntaki í lykilupplýsingaskjalinu út, í samræmi við annan málslíð annarrar undirgreinar 7. mgr. þessarar greinar, skulu aðilarnir sem veita ráðgjöf um eða selja verðbréfin fyrir hönd útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað teljast hafa uppfyllt, á útboðstímabilinu, skylduna um að leggja fram lykilupplýsingaskjal í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014, að því tilskildu að þeir leggi í stað þess fram samantekt á lýsingunum til hlutaðeigandi fjárfesta samkvæmt tímaáætluninni og skilyrðunum sem sett eru fram í 13. og 14. gr. þeirrar reglugerðar.

13. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina innihald og snið framsetningar á lykilfjárhagsupplýsingum sem um getur í b-lið 6. mgr. og viðkomandi lykilfjárhagsupplýsingum sem um getur í iii. lið c-liðar 7. mgr., með tilliti til mismunandi tegunda verðbréfa og útgefenda og til að tryggja að veittar upplýsingar séu gagnorðar og auðskildar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. júlí 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

8. gr.

Grunnlýsingin

1. Lýsing fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. áskriftarrétt í hvaða formi sem er, getur, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan markað, falist í grunnlýsingu, sem hefur að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem eru boðin í almennu útboði eða tekin skulu til viðskipta á skipulegum markaði.

2. Grunnlýsing skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) sniðmát, sem ber titilinn „Form endanlegu skilmálanna“, sem ber að fylla út fyrir hverja útgáfu og tilgreinir mögulega valkosti að því er varðar upplýsingarnar sem ákvarðaðar skulu í endanlegum skilmálum útboðsins,

b) vistfang vefseturs þar sem endanlegir skilmálar verða birtir.

3. Ef grunnlýsing hefur að geyma valkosti að því er varðar upplýsingar sem krafist er í viðkomandi verðbréfalýsingu skulu endanlegu skilmálarnir ákvarða hver þessara valkosta gildir um hverja útgáfu með því að vísa í viðeigandi þátt grunnlýsingar eða með því að endurtaka slíkar upplýsingar.

4. Endanlegu skilmálarnir skulu settir fram í sérstöku skjali eða felldir inn í grunnlýsingu eða viðauka við hana. Endanlegu skilmálarnir skulu settir fram á auðgreinanlegan og auðskilinn hátt.

Endanlegir skilmálar skulu einungis innihalda upplýsingar sem tengjast verðbréfalýsingu og ekki skal nota þær til að auka við grunnlýsingu. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 17. gr. gilda ekki í slíkum tilvikum.

5. Sé endanlega skilmála útboðsins hvorki að finna í grunnlýsingu né viðauka skal útgefandinn láta almenningi þá í té í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 21. gr. og leggja þá inn hjá lögbæru yfirvaldi í heimaáðildarríkinu, eins fljótt og unnt er við útboð verðbréfanna á almennum markaði og, ef mögulegt er, áður en útboðið hefst eða bréfin eru tekin til viðskipta.

Setja skal skýra og áberandi yfirlýsingu í endanlegu skilmálana þar sem greint er frá því:

a) að endanlegir skilmálar hafi verið gerðir að því er varðar þessa reglugerð og hafa skuli hliðsjón af grunnlýsingu og öllum viðaukum við hana til að fá allar viðeigandi upplýsingar,

b) hvar grunnlýsingin og allir viðaukar við hana eru birtir í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 21. gr.,

c) að samantekt einstöku útgáfunnar fylgi með í viðauka við endanlegu skilmálana.

6. Gera má grunnlýsingu í einu skjali eða sem aðskilin skjöl.

Ef útgefandi, tilboðsgjafi, eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hefur lagt inn útgefandalýsingu vegna verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd, eða almenna útgefandalýsingu í samræmi við 9. gr., og kýs að gera grunnlýsingu skal grunnlýsingin samanstanda af eftirfarandi:

a) upplýsingum sem er að finna í útgefandalýsingu eða í almennu útgefandalýsingu,

b) upplýsingum sem gætu annars verið í viðkomandi verðbréfalýsingu, fyrir utan endanlega skilmála ef endanlegu skilmálarnir eru ekki í grunnlýsingu.

7. Sértekur upplýsingar um mismunandi verðbréf sem er að finna í grunnlýsingu skulu aðgreindar með skýrum hætti.

8. Aðeins skal gera samantekt þegar endanlegu skilmálarnir eru komnir í grunnlýsingu, eða í viðauka, eða eru lagðir fram og skal sú samantekt vera sértæk fyrir hverja og eina útgáfu.

9. Samantektin fyrir hverja og eina útgáfu fellur undir sömu skilyrði og endanlegu skilmálarnir, eins og þeir eru settir fram í þessari grein, og skal fylgja með þeim í viðauka.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Samantekt á einstökum útgáfum skal vera í samræmi við 7. gr. og skal veita eftirfarandi:

- a) lykilupplýsingar í grunnlýsingunni, þ.m.t. lykilupplýsingar um útgefandann,
- b) lykilupplýsingar í viðeigandi endanlegum skilmálum, þ.m.t. lykilupplýsingar sem ekki var að finna í grunnlýsingunni.

Ef endanlegu skilmálarnir tengjast mörgum verðbréfum sem eru einungis mismunandi að því er varðar nokkra mjög takmarkaða þætti, svo sem útgáfuverð eða gjalddaga, má láta eina samantekt um útgáfuna fylgja að því er varðar öll þau verðbréf, að því tilskildu að upplýsingarnar sem eiga við um mismunandi verðbréf séu skýrt aðgreindar.

10. Bæta skal við upplýsingarnar í grunnlýsingunni, ef nauðsyn krefur, í samræmi við 23. gr.

11. Útboð á verðbréfum á almennum markaði getur haldið áfram eftir gildislok grunnlýsingarinnar sem það féll undir í upphafi að því tilskildu að grunnlýsingin sem tekur við sé samþykkt og birt eigi síðar en á síðasta degi gildistíma fyrri grunnlýsingar. Endanlegir skilmálar þess háttar útboðs skulu innihalda áberandi viðvörðun á fyrstu síðu sem tilgreinir síðasta gildisdag fyrri grunnlýsingar og hvar næsta grunnlýsing verður birt. Sú grunnlýsing sem á eftir kemur skal innihalda eða fella inn með tilvísun form endanlegra skilmála úr upphaflegu grunnlýsingunni og vísa til endanlegra skilmála sem skipta máli fyrir áframhaldandi útboð.

Uppsagnarréttur skv. 2. mgr. 23. gr. skal einnig gilda um fjárfesta sem hafa samþykkt að kaupa eða skrifa sig fyrir verðbréfunum á gildistíma fyrri grunnlýsingarinnar, nema verðbréfin hafi þegar verið afhent þeim.

9. gr.

Almenna útgefandalýsingin

1. Útgefandi verðbréfa, sem eru tekin til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga, getur á hverju fjárhagsári gert útgefandalýsingu á formi almennrar útgefandalýsingar sem lýsir skipulagi, starfsemi, fjárhagsstöðu, tekjum og horfum, stjórnunarháttum og hluthafaskipulagi fyrirtækis.

2. Útgefandi sem kys að gera almenna útgefandalýsingu á hverju fjárhagsári skal leggja hana fram til samþykkis fyrir lögbært yfirvald í heimaaðildarríki sínu í samræmi við málsmeðferðina sem set er fram í 2. og 4. mgr. 20. gr.

Eftir að almenn útgefandalýsing útgefanda hefur hlotið samþykki lögbæra yfirvaldsins tvö fjárhagsár í röð má leggja inn síðari almennar útgefandalýsingar til lögbæra yfirvaldsins án fyrirframsamþykkis.

Ef útgefandinn leggur ekki inn almenna útgefandalýsingu í eitt fjárhagsár eftir það þá tapast hagræðið við að leggja inn án fyrirframsamþykkis og allar síðari almennar útgefandalýsingar skulu lagðar inn til lögbærs yfirvalds til samþykkis þar til skilyrðið sem sett er fram í annarri undirgrein er uppfyllt aftur.

Útgefandinn skal gefa til kynna í umsókn sinni til lögbæra yfirvaldsins hvort almenna útgefandalýsingin sé lögð inn til samþykkis eða lögð inn án fyrirframsamþykkis.

Ef útgefandinn, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, óskar eftir tilkynningu á almennu útgefandalýsingu sinni skv. 26. gr. skal hann leggja fram almennu útgefandalýsinguna til samþykkis, þ.m.t. allar breytingar á henni sem þegar hafa verið lagðar inn.

3. Útgefendur sem hafa, fyrir 21. júlí 2019, hlotið samþykki lögbærs yfirvalds fyrir útgefandalýsingu, sem gerð var í samræmi við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 ⁽¹⁾, í a.m.k. tvö samhangandi fjárhagsár og þar á eftir lagt inn, í samræmi við 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/71/EB, eða hlotið samþykki fyrir slíkt

(1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga (Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

skráningarskjal á hverju ári, skulu eiga rétt á að leggja inn almennt skráningarskjal án fyrirframsamþykkis í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. þessarar greinar frá 21. júlí 2019.

4. Þegar almenn útgefandalýsing, eða breytingarnar á henni, sem um getur í 7. og 9. mgr. þessarar greinar, hefur verið samþykkt eða hún lögð inn án fyrirframsamþykkis, skal það gert aðgengilegt almenningi án ástæðulausrar tafar, í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 21. gr.
5. Almenna útgefandalýsingin skal vera í samræmi við tungumálakröfurnar sem mælt er fyrir um í 27. gr.
6. Fella má upplýsingar inn í almenna útgefandalýsingu með tilvísun að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 19. gr.
7. Eftir innlagningu eða samþykki á almennri útgefandalýsingu getur útgefandinn hvenær sem er uppfært upplýsingarnar sem hún inniheldur með því að leggja inn breytingu á henni hjá lögbæra yfirvaldinu. Með fyrirvara um fyrstu og aðra undirgrein 3. mgr. 10. gr. skal innlagning breytinganna hjá lögbæra yfirvaldinu ekki krefjast samþykkis.
8. Lögbæra yfirvaldið getur hvenær sem er endurskoðað innihald hvaða almennu útgefandalýsingar sem er, sem hefur verið lögð inn án fyrirframsamþykkis, sem og innihald allra breytinga á þeim.

Endurskoðun lögbærs yfirvalds felst í grannskoðun á heildstæðni, samræmi og skiljanleika upplýsinganna sem veittar eru í almennu útgefandalýsingunni og öllum breytingum á henni.

9. Ef lögbært yfirvald kemst að því við endurskoðunina að almenna útgefandalýsingin uppfyllir ekki staðla um heildstæðni, skiljanleika og samræmi eða að þörf er á breytingum eða viðbótarupplýsingum, skal það tilkynna útgefandanum um það.

Útgefandi þarf ekki að taka tillit til óska lögbærs yfirvalds til útgefanda um breytingu eða viðbótarupplýsingar fyrr en við næstu innlagningu á almennri útgefandalýsingu fyrir næsta fjárhagsár, nema útgefandinn óski eftir að nota almennu útgefandalýsinguna sem einn hluta lýsingar sem lögð er fram til samþykkis. Ef svo er skal útgefandinn leggja fram breytingu á almennu útgefandalýsingunni eigi síðar en við framlagningu umsóknarinnar sem um getur í 6. mgr. 20. gr.

Þrátt fyrir aðra undirgrein skal útgefandinn leggja inn breytingu á almennu útgefandalýsingunni án ástæðulausrar tafar, ef lögbært yfirvald tilkynnir honum að ósk hans um breytingu eða viðbótarupplýsingar varði upplýsingar sem var sleppt, efnisleg mistök eða ónákvæmni sem líkur eru á að geti villt um fyrir almenningi að því er varðar staðreyndir og aðstæður sem skipta verulegu máli fyrir upplýst mat á útgefandanum.

Lögbært yfirvald getur óskað eftir því að útgefandi geri samsteypta útgáfu af breyttu, almennu útgefandalýsingunni ef slík samsteypt útgáfa er nauðsynleg til að tryggja skiljanleika upplýsinganna sem veittar eru í því skjali. Útgefandi getur að eigin vali látið samsteypta útgáfu fylgja með breyttu almennu útgefandalýsingunni í viðauka við breytingu.

10. Ákvæði 7. og 9. gr. gilda aðeins ef almenna útgefandalýsingin er ekki í notkun sem einn hluti lýsingar. Þegar almenn útgefandalýsing er í notkun sem einn hluti lýsingar gildir aðeins 23. gr. um viðauka við lýsingu milli þess tíma þegar lýsingin hlýtur samþykki og útböðinu á verðbréfunum lýkur eða, eftir atvikum, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefst, hvort sem á sér stað síðar.

11. Útgefandi sem uppfyllir skilyrðin, sem sett eru fram í fyrstu eða annarri undirgrein 2. mgr. eða í 3. mgr. þessarar greinar, skal hafa stöðu tíðs útgefanda og skal njóta góðs af hraðara samþykktarferli í samræmi við 6. mgr. 20. gr. að því tilskildu að:

- a) útgefandinn veiti lögbæru yfirvaldi, við innlagningu á hverri almennri útgefandalýsingu til skráningar eða samþykkis, skriflega staðfestingu á því að samkvæmt hans bestu vitund hafi allar upplýsingar sem reglur kveða á um, og krafist var að hann birti samkvæmt tilskipun 2004/109/EB, ef við á, og reglugerð (ESB) nr. 596/2014, verið lagðar fram og birtar í samræmi við þessar gerðir á síðastliðnum 18 mánuðum eða á tímabilinu frá því að skyldan til að birta þær upplýsingar, sem reglur kveða á um, tók gildi, hvort sem skemmra er, og
- b) útgefandinn hafi breytt almennu útgefandalýsingunni í samræmi við 9. mgr. ef lögbært yfirvald hefur framkvæmt endurskoðun eins og um getur í 8. mgr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Ef einhver af ofangreindum skilyrðum hefur ekki verið uppfyllt af útgefandanum tapast staða hans sem tíður útgefandi.

12. Ef almenna útgefandalýsingin, sem lögð var inn til lögbæra yfirvaldsins eða samþykkt af því, er gerð aðgengileg almenningi eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok fjárhagsársins og inniheldur upplýsingarnar sem krafist er að séu birtar í árlegum reikningsskilum, sem um getur í 4. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal útgefandinn teljast hafa uppfyllt skyldu sína um að birta árleg reikningsskil sem krafist er samkvæmt þeirri grein.

Ef almenna útgefandalýsingin, eða breyting á henni, sem lögð var inn til lögbæra yfirvaldsins eða samþykkt af því, er gerð aðgengileg almenningi eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok fyrstu sex mánaða fjárhagsársins og inniheldur upplýsingarnar sem krafist er að séu birtar í hálfársreikningsskilum, sem um getur í 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB, skal útgefandinn teljast hafa uppfyllt skyldu sína um að birta hálfársreikningsskilin sem krafist er samkvæmt þeirri grein.

Í tilvikunum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skal útgefandinn:

- a) láta fylgja í almennu útgefandalýsingunni millivísunarskrá sem tilgreinir hvar í almenna skráningarskjalinu finna má hvern lið sem krafist er í árlegum reikningsskilum og hálfársreikningsskilum,
- b) leggja inn almenna útgefandalýsingu, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/109/EB, og gera hana aðgengilega opinbera kerfinu sem um getur í 2. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar,
- c) hafa í almennu útgefandalýsingunni yfirlýsingu um ábyrgð þar sem notaðir eru skilmálarnir sem krafist er skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. og c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

13. Ákvæði 12. mgr. gilda aðeins ef heimaaðildarríki útgefandans, að því er varðar þessa reglugerð, er einnig heimaaðildarríki að því er varðar tilskipun 2004/109/EB og ef tungumál almennu útgefandalýsingarinnar uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 20. gr. þeirrar tilskipunar.

14. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. janúar 2019, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til stuðnings við þessa reglugerð með því að tilgreina viðmiðanir fyrir grannskoðun og endurskoðun á almennu útgefandalýsingunni og breytingum á henni og málsmeðferðarreglur við samþykki og innlagningu á þessum skjölum sem og skilyrðunum sem gilda um tap á stöðu sem tíður útgefandi.

10. gr.

Lýsingar sem samanstanda af fleiri en einu skjali

1. Útgefandi, sem hefur þegar undir höndum lýsingu á útgefanda sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og samantekt, eftir atvikum, þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Ef svo er skulu verðbréfalýsingin og samantektin samþykktar hvor í sinu lagi.

Ef fram hefur komið nýtt atriði sem máli skiptir, efnisleg mistök eða ónákvæmni að því er varðar upplýsingarnar í útgefandalýsingunni, síðan útgefandalýsingin var samþykkt, sem gæti haft áhrif á mat á verðbréfunum skal leggja fram viðauka við útgefandalýsinguna til samþykktar, eigi síðar en á sama tíma og verðbréfalýsingin og samantektin eru lagðar fram. Réttur til að afturkalla samþykki í samræmi við 2. mgr. 23. gr. gildir ekki í því tilviki.

Útgefandalýsingin og, eftir atvikum, viðauki við hana, ásamt verðbréfalýsingunni og samantektinni, skulu teljast mynda lýsingu þegar þær hafa verið samþykktar af lögbæru yfirvaldi.

2. Þegar útgefandalýsingin hefur hlotið samþykki skal hún gerð aðgengileg almenningi án ástæðulausrar tafar og í samræmi við fyrirkomulagið sem sett er fram í 21. gr.

3. Útgefandi, sem hefur þegar undir höndum almenna útgefandalýsingu sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða sem hefur lagt inn almenna útgefandalýsingu án fyrirframsamþykkis skv. annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr., þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og samantekt þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Ef almenna útgefandalýsingin hefur þegar hlotið samþykki eru verðbréfalýsingin, samantektin og allar breytingar á almennu útgefandalýsingunni, sem lagðar hafa verið inn frá því að almenna útgefandalýsingin var samþykkt, með fyrirvara um sérstakt samþykki.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Ef útgefandi hefur lagt inn almenna útgefandalýsingu án fyrirframsamþykkis eru öll gögnin, þ.m.t. breytingar á almennu útgefandalýsingunni, með fyrirvara um samþykki, þrátt fyrir að þessi gögn séu aðskilin.

Almenna útgefandalýsingin, breytt í samræmi við 7. eða 9. mgr. 9. gr., ásamt verðbréfalýsingunni og samantektinni, skulu teljast mynda lýsingu þegar þær hafa verið samþykktar af lögbæru yfirvaldi.

11. gr.

Ábyrgð sem stofnað er til vegna lýsingarinnar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ábyrgð vegna upplýsinganna, sem gefnar eru í lýsingunni og viðaukum við hana, hvíli a.m.k. á útgefanda eða stjórnunar-, framkvæmdar- eða eftirlitsstofnun hans, tilboðsgjafa, þeim, sem óskar eftir skráningu á skipulegan markað eða ábyrgðaraðila, eftir því sem við á. Þeir, sem bera ábyrgð á lýsingunni og viðaukum við hana, skulu tilgreindir með skýrum hætti í lýsingunni með nafni og stöðuheiti eða, ef um er að ræða lögaðila, heiti og skráðri skrifstofu, auk þess sem fylgja skal yfirlýsing frá þeim þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að ekki sé neinum upplýsingum sleppt í lýsingunni sem kynnu að skipta máli varðandi innihald hennar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lög og stjórnsýslufyrirmæli þeirra um einkaréttarábyrgð taki til þeirra sem bera ábyrgð á upplýsingunum í lýsingunni.

Aðildarríki skulu þó tryggja að engin einkaréttarábyrgð tengist aðila eingöngu á grundvelli samantektar skv. 7. gr. eða sértækri samantekt á ESB-vaxtarlýsingu skv. annarri undirgrein 1. mgr. 15. gr., þ.m.t. þýðingu á henni, nema:

- hún sé misvísandi, ónákvæm eða í ósamræmi þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar eða
 - hún veiti ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að hjálpa fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í verðbréfunum.
3. Ábyrgðin á upplýsingum sem veittar eru í útgefandalýsingu eða í almennri útgefandalýsingu skulu aðeins tengjast aðilunum sem um getur í 1. mgr. í þeim tilvikum sem útgefandalýsingin eða almenna útgefandalýsingin er í notkun sem einn hluti samþykktu lýsingarinnar.

Fyrsta málsgreinin gildir með fyrirvara um 4. og 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB þegar upplýsingarnar samkvæmt þeim greinum eru í almennu útgefandalýsingunni.

12. gr.

Gildistími lýsingar, útgefandalýsingar og almennrar útgefandalýsingar

1. Lýsing, hvort sem hún er eitt skjal eða samanstendur af mörgum skjölum, skal gilda í 12 mánuði frá samþykki að því er varðar almennt útboð eða töku til viðskipta á skipulegum markaði, að því tilskildu að við hana sé bætt öllum þeim viðaukum sem krafist er skv. 23. gr.

Ef lýsing samanstendur af aðskildum skjölum skal gildistími hefjast þegar verðbréfalýsingin er samþykkt.

2. Útgefandalýsing sem hefur verið samþykkt fyrirfram er gild til notkunar sem einn hluti lýsingar í 12 mánuði eftir samþykki hennar.

Lok gildistíma slíkrar útgefandalýsingar skal ekki hafa áhrif á gildistíma lýsingar sem hún er hluti af.

3. Almenn útgefandalýsing skal vera gild sem einn hluti lýsingar í 12 mánuði eftir að hún hefur hlotið samþykki, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 9. gr., eða eftir innlagningu hennar eins og um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr.

Lok gildistíma slíkrar almennrar útgefandalýsingar skal ekki hafa áhrif á gildistíma lýsingar sem hún er hluti af.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

III. KAFLI

INNIHALD OG SNIÐ Á LÝSINGAR

13. gr.

Lágmarksupplýsingar og snið

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til stuðnings við þessa reglugerð að því er varðar snið lýsingar, grunnlýsingar og endanlegra skilmála og grunnskjöl sem skilgreina hvaða upplýsingar lýsingin skuli innihalda, þ.m.t. kennimerki lögaðila og alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer), til að forðast að tvítaka upplýsingar þegar lýsing samanstendur af aðgreindum skjólum.

Við gerð ýmiss konar grunnskjala lýsinga skal tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- a) ýmissa tegunda upplýsinga sem fjárfestar þurfa að því er varðar hlutabréfatengd verðbréf í samanburði við verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd; beita skal samræmdri nálgun að því er varðar upplýsingar sem krafist er í lýsingu fyrir verðbréf sem hafa svipaðar efnahagslegar grunnforsendur, einkum afleiðuverðbréf,
- b) ólíkra tegunda og eiginleika útböð og töku verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, á skipulegan markað,
- c) sniðs sem er notað og upplýsinga sem þurfa að koma fram í lýsingu fyrir verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd, þ.m.t. allar tegundir áskriftarréttar,
- d) eftir atvikum, opinberrar stöðu útgefandans,
- e) eftir atvikum, sérstaks eðlis starfsemi útgefandans,

Að því er varðar b-lið annarrar undirgreinar skal framkvæmdastjórnin, við framsetningu á hinum ýmsu grunnskjólum lýsinga, setja fram sértækar kröfur um upplýsingar fyrir lýsingar sem varða töku verðbréfa sem ekki eru hlutabréfatengd til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem:

- a) aðeins skal eiga viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði, eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf eða
- b) eru að nafnverði a.m.k. 100 000 evrur hver eining.

Þessar kröfur um upplýsingar skulu vera viðeigandi að teknu tilliti til upplýsingaþarfar hlutaðeigandi fjárfesta.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. janúar 2019, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. í þeim tilgangi að bæta við þessa reglugerð með því að setja fram grunnskjalið þar sem skilgreindar eru þær lágmarksupplýsingar sem skulu vera í almennu útgefandalýsingunni.

Slíkt grunnskjal skal tryggja að almenna útgefandalýsingin innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefandann svo að nota megi sömu almennu útgefandalýsinguna jafnt fyrir síðari útböð á almennum markaði eða töku til viðskipta á skipulegum markaði með hlutabréfatengd verðbréf eða verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd. Að því er varðar fjárhagsupplýsingarnar, greinargerð um rekstur og fjárhag og horfur og stjórnarhætti fyrirtækja skal samræma slíkar upplýsingar eins mikið og mögulegt er við upplýsingamar sem krafist er að verði birtar í árlegum reikningsskilum og hálfársreikningsskilum sem um getur í 4. og 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB, þ.m.t. skýrsla framkvæmdastjórnar og yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækis.

3. Framseldu gerðirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu byggjast á stöðlum á sviði fjárhagslegra upplýsinga og annarra upplýsinga sem settar hafa verið af alþjóðlegum verðbréfaeftirlitsstofnunum, einkum Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO), og á I., II. og III. viðauka við þessa reglugerð.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

14. gr.

Einfaldara fyrirkomulag birtingar upplýsinga vegna síðari útgáfa

1. Eftirtaldir aðilar geta valið að gera einfaldaða lýsingu samkvæmt einfaldara fyrirkomulagi um birtingu upplýsinga fyrir síðari útgáfu, ef um er að ræða útboð á verðbréfum á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði:

- útfendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samfleytt a.m.k. síðastliðna 18 mánuði og sem gefa út verðbréf sem skiptanleg eru fyrir gildandi verðbréf sem þegar hafa verið gefin út,
- útfendur hlutabréfatengdra verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samfleytt a.m.k. síðastliðna 18 mánuði og sem gefa út verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd,
- tilboðsgjafar verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samfleytt a.m.k. síðastliðna 18 mánuði.

Einfaldaða lýsingin skal samanstanda af samantekt, í samræmi við 7. gr., sérstakri útfendalýsingu, sem aðilar sem um getur í a- b- og c-liðum fyrstu undirgreinar geta notað, og sérstakri verðbréfalýsingu sem aðilar sem um getur í a- og c-lið þeirrar undirgreinar geta notað.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 6. gr. og með fyrirvara um 1. mgr. 18. gr. skal einfaldaða lýsingin innihalda viðkomandi minni upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að gera fjárfestum kleift að skilja:

- lýsingu á útfendanum og verulegar breytingar á starfsemi og fjárhagsstöðu útfandans og ábyrgðaraðilans sem hafa orðið síðan síðasta fjárhagsári lauk, ef einhverjar eru,
- réttindin sem fylgja verðbréfunum,
- ástæðurnar fyrir útgáfunni og áhrif hennar á útfandann, þ.m.t. fjármagnsuppbyggingu hans í heild sinni, og notkun ágóðans.

Upplýsingarnar í einfölduðu lýsingunni skulu vera skriflegar og settar fram á auðgreinanlegan, gagnorðan og auðskilinn hátt og gera fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun. Hún skal einnig taka tillit til upplýsinga, sem reglur kveða á um, sem þegar hafa verið birtar almenn- ingi samkvæmt tilskipun 2004/109/EB, eftir atvikum, og reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. janúar 2019, samþykka framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. í þeim tilgangi að bæta við þessa reglugerð með því að setja fram grunnskjöl sem tilgreina þær minni upplýsingar sem skulu hafðar með í einfaldaða birtingarfyrirkomulaginu sem um getur í 1. mgr.

Í grunnskjölnum skal einkum koma fram:

- árleg reikningsskil og hálfársreikningsskil sem birt voru á næstliðnum 12 mánuðum fyrir samþykki lýsingarinnar,
- eftir atvikum, spá og mat á hagnaði,
- hnitmiðuð samantekt á viðkomandi upplýsingum sem birtar voru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 á næstliðnum 12 mánuðum fyrir samþykki lýsingarinnar,
- áhættuþættir,
- fyrir hlutabréfatengd verðbréf, yfirlýsing um veltufé, yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu, birting upplýsinga um viðkomandi hags- munaáreikstra og viðskipti við tengda aðila, helstu hluthafar og, eftir atvikum, fjárhagsupplýsingar til bráðabirgða.

Við tilgreiningu á þeim minni upplýsingum sem hafa skal með samkvæmt einfaldaða fyrirkomulaginu um birtingu upplýsinga skal framkvæmda- stjórnin taka tillit til þess að þörf er á að auðvelda fjármögnun á fjármagnsmörkuðum og mikilvægi þess að draga úr fjármagnskostnaði. Til að komast hjá því að leggja óþarfa byrði á útfendur þegar tilgreint er um minni upplýsingar skal framkvæmdastjórnin einnig taka tillit til upplýs- inganna sem þegar er krafist að útfendandi birti samkvæmt tilskipun 2004/109/EB, eftir atvikum, og reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Framkvæmda- stjórnin skal einnig aðlaga þessar minni upplýsingar svo í þeim sé lögð áhersla á þær upplýsingar sem skipta máli fyrir síðari útgáfu og séu í réttu hlutfalli við hana.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

15. gr.

ESB-vaxtarlýsing

1. Eftirfarandi aðilar geta valið að gera ESB-vaxtarlýsingu samkvæmt hlutfallslegu upplýsingagjöfni sem sett er fram í þessari grein ef um er að ræða útboð á verðbréfum á almennan markað að því tilskildu að verðbréf þeirra hafi ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfa-markaði:

- a) lítil og meðalstór fyrirtæki,
- b) útgefendur verðbréfa, aðrir en lítil og meðalstór fyrirtæki, sem viðskipti eru með eða stefnt er á að viðskipti verði með á vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, að því tilskildu að þessir útgefendur hafi meðalmarkaðsverðmæti sem er minna en 500 000 000 evrur á grundvelli uppgöfninga tilboða í lok árs síðustu þrjú almanaksár,
- c) aðrir útgefendur en þeir sem um getur í a- og b-lið ef útboð á verðbréfum á almennum markaði er í heild sinni innan Sambandsins ekki yfir 20 000 000 evrur, reiknað á grundvelli 12 mánaða tímabils, og að því tilskildu að slíkir útgefendur hafi ekki gefið út verðbréf sem viðskipti eru með á markaðstorgi fjármálagerninga og að meðalstarfsmannafjöldi á næstliðnu fjárhagsári sé ekki meiri en 499,
- d) tilboðsgjafar verðbréfa sem gefin eru út af útgefendum sem um getur í a- og b-lið.

ESB-vaxtarlýsing samkvæmt hlutfallslegri upplýsingagjöf skal vera skjal á stöðluðu formi, skrifað á einföldu máli og sem er auðvelt fyrir útgefendur að klára. Hún skal samanstanda af sérstakri samantekt á grundvelli 7. gr., sérstakri útgefandalýsingu og sérstakri verðbréfalýsingu. Upplýsingarnar í ESB-vaxtarlýsingu skulu settar fram í staðlaðri röð í samræmi við framseldu gerðina eins og um getur í 2. mgr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. janúar 2019, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til stuðnings við þessa reglugerð með því að tilgreina minnkað innihald og staðlað form og röð fyrir ESB-vaxtarlýsingu, sem og minna innihald og staðlað form sérstöku samantektarinnar.

Sérstaka samantektin skal hvorki leggja viðbótarbyrði né -kostnað á útgefendur að því marki sem hún skal aðeins krefjast viðeigandi upplýsinga sem þegar er að finna í ESB-vaxtarlýsingu. Þegar staðlað form sérstöku samantektarinnar er tilgreint skal framkvæmdastjórnin aðlaga kröfum til að tryggja að hún sé styttri en samantektin sem kveðið er á um í 7. gr.

Þegar tilgreint er minnkað innihald og staðlað form og röð ESB-vaxtarlýsingar skal framkvæmdastjórnin aðlaga kröfum svo að í þeim sé lögð áhersla á:

- a) upplýsingar sem eru mikilvægar og skipta máli fyrir fjárfesta þegar þeir taka ákvörðun um fjárfestingu,
- b) þörfina á að tryggja að kostnaður við gerð lýsingarinnar sé í samræmi við stærð fyrirtækisins.

Við það skal framkvæmdastjórnin taka tillit til eftirfarandi:

- a) þarfarinnar á að tryggja að ESB-vaxtarlýsing sé umtalsvert léttari en hefðbundin lýsing að því er varðar stjórnsýslubyrði og kostnað útgefanda,
- b) þarfarinnar á að auðvelda aðgengi að fjármagnsmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og lágmarka kostnað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en tryggja á sama tíma að fjárfestar hafi tilrú á að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum,
- c) ýmissa tegunda upplýsinga um hlutabréfatengd verðbréf og verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd sem fjárfestar þurfa á að halda.

Þessar framseldu gerðir ættu að byggjast á IV. og V. viðauka.

16. gr.

Áhættuþættir

1. Áhættuþættirnir sem fram koma í lýsingu skulu takmarkast við áhættu sem er sértæk að því er varðar útgefandann og/eða verðbréfin og sem skipta máli til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun, eins og stutt er með innihaldi útgefandalýsingar og verðbréfalýsingar.

Við gerð lýsingar skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði meta mikilvægi áhættuþátta á grundvelli þess hversu líklegt er að þeir eigi sér stað og vænts umfangs neikvæðra áhrifa þeirra.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Lýsa skal hverjum áhættuþætti með fullnægjandi hætti og skýra hvernig hann hefur áhrif á útgefandann eða verðbréfin sem verið er að bjóða út eða taka til viðskipta. Matið á mikilvægi áhættuþátta, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, má einnig birta með því að nota eiginlegan kvarða sem sýnir lítið, í meðallagi eða mikið.

Setja skal fram áhættuþættina í takmörkuðum fjölda flokka eftir eðli þeirra. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp mikilvægasta áhættuþáttinn samkvæmt matinu sem kveðið er á um í annarri undirgrein.

2. Til áhættuþátta skal einnig telja þá sem leiða af forgangsörðun verðbréfs og áhrif af væntanlegri stærð eða tímasetningu greiðslna til eigenda verðbréfanna ef um er að ræða gjaldþrot, eða aðra sambærilegra meðferð, þ.m.t., ef við á, ógjaldfærni lánastofnunar eða skilameðferð eða endurskipulagning í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB.

3. Ef ábyrgð er á bakvið verðbréfin skal lýsingin innihalda sérstaka og mikilvæga áhættuþætti sem eiga við ábyrgðaraðilann að því marki sem þeir skipta máli að því er varðar getu ábyrgðaraðilans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt ábyrgðinni.

4. Til að hvetja til viðeigandi og hnitmiðaðrar birtingar upplýsinga um áhættuþætti skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þróa viðmiðunarreglur til að hjálpa lögbærum yfirvöldum við endurskoðun þeirra á sértæki og mikilvægi áhættuþátta og við framsetningu á áhættuþáttum þvert á flokka með hliðsjón af eðli þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til að styðja við þessa reglugerð með því að tilgreina viðmiðanir fyrir mat á sértæki og mikilvægi áhættuþátta og framsetningu á áhættuþáttum þvert á flokka með hliðsjón af eðli þeirra.

17. gr.

Endanlegt útboðsverð og fjöldi verðbréfa

1. Ef ekki er hægt að gefa upp endanlegt útboðsverð og/eða fjölda verðbréfa sem bjóða skal út á almennum markaði, hvort sem það er sett fram sem fjöldi verðbréfa eða sem samtala nafnverðs:

a) verður hægt að afturkalla kaup eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að lagt hefur verið inn endanlegt útboðsverð og/eða endanlegur fjöldi verðbréfa, sem verða boðin í almennu útboði eða

b) skal birta eftirfarandi í lýsingunni:

i. hámarksverð og/eða hámarksfjölda verðbréfa, eftir því sem það er tiltækt, eða

ii. matsaðferðir og viðmiðanir og/eða skilyrði, sem stuðst er við þegar endanlegt útboðsverð er ákveðið og skýringu á þeim matsaðferðum sem er beitt.

2. Leggja skal inn endanlegt útboðsverð og endanlegan fjölda verðbréfa hjá lögbæru yfirvaldi heimaáðildarríkisins og birta opinberlega í samræmi við tilhögunina sem kveðið er á um í 2. mgr. 21. gr.

18. gr.

Upplýsingum sleppt

1. Lögbæru yfirvaldi heimaáðildarríkisins er heimilt að leyfa að tilteknum upplýsingum, sem skulu vera í lýsingunni, sé sleppt úr henni eða einstökum hlutum hennar, ef það telur að eitthvert eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

a) að birting slíkra upplýsinga myndi stríða gegn almannahagsmunum,

b) að birting slíkra upplýsinga væri verulega skaðleg fyrir útgefandann eða ábyrgðaraðilann, ef einhver er, að því tilskildu að ekki sé líklegt að það að sleppa slíkum upplýsingum villi um fyrir almenningi að því er varðar staðreyndir og aðstæður sem skipta verulegu máli fyrir upplýst mat á útgefandanum eða ábyrgðaraðilanum, ef einhver er, og réttindunum sem fylgja verðbréfunum sem lýsingin varðar,

c) að slíkar upplýsingar séu léttvægar fyrir tiltekið útboð eða töku til viðskipta á skipulegan markað og ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á mat á fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur útgefanda eða ábyrgðaraðila, ef einhver er.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Lögbært yfirvald skal árlega leggja fram skýrslu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að því er varðar upplýsingarnar sem það hefur heimilað að sé sleppt.

2. Ef, í sérstökum tilvikum, upplýsingar, sem krafist er að séu í lýsingu eða hlutum hennar, eiga ekki við um starfssvið eða rekstrarform útgefandans eða ábyrgðaraðilans, ef einhver er, eða verðbréfin, sem lýsingin varðar, skal lýsingin eða hlutar hennar, með fyrirvara um að fullnægjandi upplýsingar séu veittar fjárfestum, innihalda upplýsingar sem eru jafngildar umbeðnum upplýsingum, nema engar slíkar upplýsingar séu til staðar.

3. Þegar aðildarríki ábyrgist verðbréf hefur útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði rétt á að sleppa upplýsingum um viðkomandi aðildarríki, við gerð lýsingar í samræmi við 4. gr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur gert, eða er skylt að gera þegar framkvæmdastjórnin óskar eftir því, frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli til að tilgreina tilvikin þegar má sleppa upplýsingum í samræmi við 1. mgr., að teknu tilliti til skýrslna lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

19. gr.

Upplýsingar felldar inn með tilvísun

1. Fella má upplýsingar inn í lýsingu með tilvísun ef þær hafa áður eða samtímis verið birtar rafrænt, eru gerðar á tungumáli sem uppfyllir kröfurnar í 27. gr. og ef þær eru í einu af eftirfarandi skjölum:

- a) skjölum sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða tekið við, í samræmi við þessa reglugerð eða tilskipun 2003/71/EB,
- b) skjölum sem um getur í f- til i-liðar 4. mgr. 1. gr. og e- til h-liðar og v. lið j-liðar fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.,
- c) upplýsingum sem reglur kveða á um,
- d) árlegum fjárhagsupplýsingum og fjárhagsupplýsingum árshluta,
- e) endurskoðunarskýrslum og reikningsskilum,
- f) skýrslu framkvæmdastjórnar eins og um getur í 5. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽¹⁾,
- g) yfirlýsingum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og um getur í 20. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,
- h) skýrslum um ákvörðun á virði eignar eða fyrirtækis,
- i. skýrslum um starfskjör eins og um getur í 9. gr. b tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB ⁽²⁾,
- j) ársskýrslum eða öðrum birtingum upplýsinga sem krafist er skv. 22. og 23. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽³⁾,
- k) stofnsamþykktum.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjttíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (Stjttíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Slíkar upplýsingar skulu vera nýjustu upplýsingar sem útgefandi hefur aðgang að.

Ef aðeins tilteknir hlutar skjals eru felldir inn með tilvísun skal lýsingin innihalda yfirlýsingu þess efnis að þeir hlutar sem ekki eru felldir inn skipti hvorki máli fyrir fjárfestinn né að fjallað sé um þá annarsstaðar í lýsingunni.

2. Þegar upplýsingar eru felldar inn með tilvísun skulu útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem óska eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði tryggja aðgengileika upplýsinganna. Einkum ætti að setja fram lista yfir millivísanir í lýsingunni til að gera fjárfestum kleift að greina auðveldlega sérstaka upplýsingaliði og lýsingin skal innihalda tengla í öll skjöl sem innihalda upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun.

3. Útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal leggja fram á leitarbæru sniði, með fyrstu drögum að lýsingunni sem lögð eru fram til lögbærs yfirvalds, ef mögulegt er, og í síðasta lagi í endurskoðunarferli lýsingar, allar upplýsingar sem felldar eru inn í lýsingu með tilvísun, nema slíkar upplýsingar hafi þegar verið samþykktar af eða lagðar inn hjá sama lögbæra yfirvaldi og samþykkir lýsinguna.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur gert, eða er skylt að gera þegar framkvæmdastjórnin óskar eftir því, frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli til að uppfæra listann yfir skjöl sem settur er fram í 1. mgr. þessarar greinar með því að bæta við fleiri tegundum af skjölum sem krafist er, samkvæmt lögum Sambandsins, að skilað sé inn til opinbers yfirvalds eða samþykkt af því.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

IV. KAFLI

FYRIRKOMULAG SAMÞYKKIS OG BIRTING LÝSINGAR

20. gr.

Grannskoðun og samþykki lýsingar

1. Ekki skal birta lýsingu nema viðkomandi lögbært yfirvald hafi samþykkt hana eða alla hluta hennar í samræmi við 10. gr.
2. Þetta lögbæra yfirvald skal tilkynna útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað um ákvörðun sína varðandi samþykkt lýsingarinnar innan tíu virkra daga frá því að drög að lýsingunni voru lögð fram.

Ef lögbæra yfirvaldið lætur hjá líða að tilkynna um ákvörðun sína varðandi lýsinguna innan frestsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og 3. og 6. mgr., gildir það ekki sem samþykki umsóknarinnar.

Lögbært yfirvald skal, eftir því sem við á, tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um samþykki á lýsingu og viðaukum við hana, eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en í lok fyrsta virka dags eftir að samþykktin er tilkynnt útgefandanum, tilboðsgjafanum eða aðilanum sem óskaði eftir að töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

3. Fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., skal lengdur í 20 virka daga ef verðbréfin, sem boðin eru í almenna útboðinu, eru gefin út af útgefanda sem ekki hefur nein verðbréf skráð á skipulegum markaði og hefur ekki áður boðið verðbréf í almennu útboði.

Þessi 20 virka daga frestur skal aðeins gilda um fyrstu framlagningu draga að lýsingu. Ef síðari framlagning er nauðsynleg í samræmi við 4. mgr. gildir fresturinn sem settur var fram í fyrstu undirgrein 2. mgr.

4. Ef lögbært yfirvald telur að drög að lýsingu uppfylli ekki staðla um heildstæðni, skiljanleika og samræmi sem nauðsynlegir eru til að hún hljóti samþykki og/eða að breytinga eða viðbótarupplýsinga er þörf:

- a) skal það upplýsa útgefandann, tilboðsgjafann eða aðilann sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað um það eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en innan þess frests sem settur er fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. eða, eftir því sem við á, 3. mgr., eins og hann er reiknaður frá framlagningu draga að lýsingu og/eða viðbótarupplýsinga og

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- b) tilgreina með skýrum hætti breytingarnar eða viðbótarupplýsingarnar sem þörf er á.

Í slíkum tilvikum gildir fresturinn sem settur er fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. aðeins frá þeim degi sem endurskoðuð drög að lýsingu eða þær viðbótarupplýsingar sem óskað er eftir eru lagðar fram til lögbæra yfirvaldsins.

5. Ef útgefandi, tilboðsgjafi, eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað getur ekki, eða vill ekki, gera nauðsynlegar breytingar eða veita viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir í samræmi við 4. mgr. skal lögbært yfirvald hafa heimild til að synja um samþykki lýsingarinnar og binda enda á endurskoðunarferlið. Í slíku tilviki skal lögbært yfirvald tilkynna útgefandanum, tilboðsgjafanum eða aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað um ákvörðun sína og tilgreina ástæðurnar fyrir synjuninni.

6. Þrátt fyrir 2. og 4. mgr. skal stytta frestinn sem settur er fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. og 4. mgr. niður í fimm virka daga vegna lýsingar sem samanstendur af aðgreindum skjölum sem tíðir útgefendur, sem um getur í 11. mgr. 9. gr., hafa gert, þ.m.t. tíðir útgefendur sem nota tilkynningaraðferðina sem kveðið er á um í 26. gr. Tíður útgefandi skal upplýsa lögbært yfirvald a.m.k. fimm virkum dögum fyrir daginn sem fyrirhugað er að leggja fram umsókn um samþykki.

Tíður útgefandi skal leggja fram umsókn til lögbærs yfirvalds sem inniheldur nauðsynlegar breytingar á almennu útgefandalýsingunni, eftir atvikum, verðbréfalýsingunni og samantektinni sem lögð er fram til samþykkis.

7. Lögbær yfirvöld skulu á vefsetri sínu veita leiðbeiningar um grannskoðun og samþykktarferli til að auðvelda skilvirkt og tímanlegt samþykki lýsinga. Slíkar leiðbeiningar skulu innihalda samskiptaupplýsingar vegna samþykkis. Útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingar skal hafa möguleika á að hafa beint samband og samskipti við starfsfólk lögbæra yfirvaldsins á meðan á samþykktarferli lýsingar stendur.

8. Lögbæru yfirvaldi heimaðildarríkis er heimilt, að ósk útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, að flytja samþykki á lýsingu til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, með fyrirvara um fyrirframtilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og með fyrirvara um að lögbæra yfirvaldið fallist á það. Lögbært yfirvald heimaðildarríkisins skal senda gögnin sem lögð eru inn, ásamt ákvörðun sinni um að leyfa yfirfærsluna, á rafrænu formi, til lögbærs yfirvalds hins aðildarríkisins daginn sem það tekur ákvörðun. Enn fremur skal tilkynna slíkan flutning til útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað, innan þriggja virkra daga frá því að lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins tóku ákvörðunina. Fresturinn sem settur er fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. gildir frá deginum sem lögbært yfirvald heimaðildarríkisins tekur ákvörðunina. Ákvæði 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 gilda ekki um flutning á samþykki lýsingar í samræmi við þessa málsgrein. Þegar yfirfærsla samþykkis er lokið telst lögbæra yfirvaldið sem tekur við samþykkinu á lýsingunni vera lögbært yfirvald heimaðildarríkis fyrir þessa lýsingu að því er varðar þessa reglugerð.

9. Reglugerð þessi hefur engin áhrif á ábyrgð lögbærs yfirvalds sem eftir sem áður ákvarðast eingöngu af landslögum.

Aðildarríkin skulu tryggja að ákvæði landslaga þeirra um bótaábyrgð lögbæra yfirvalda gildi einungis um samþykkt lýsinga af hálfu þeirra eigin lögbæra yfirvalds.

10. Umfang gjalda sem lögbært yfirvald heimaðildarríkis innheimtir fyrir samþykki lýsinga, gagna sem ætlað er að verða hlutar af lýsingu í samræmi við 10. gr. eða viðauka við lýsingar og fyrir innlagningu almennra útgefandalýsinga, breytinga á þeim og endanlegra skilmála, skulu vera sanngjörn og hófleg og birt almenningi a.m.k. á vefsetri lögbæra yfirvaldsins.

11. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. janúar 2019, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 44. gr. til stuðnings við þessa reglugerð með því að tilgreina viðmiðanir fyrir grannskoðun á lýsingum, einkum heildstæðni, skiljanleika og samræmi upplýsinganna í henni og málsmeðferð við samþykki lýsinga.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal nota vald sitt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 til að stuðla að samleitni eftirlits að því er varðar grannskoðun og samþykktarferli lögbæra yfirvalda við mat á heildstæðni, samræmi og skiljanleika upplýsinganna í lýsingu. Í því skyni skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þróa viðmiðunarreglur fyrir

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

lögbær yfirvöld um eftirlit og framfylgd að því er varðar lýsingar, sem ná yfir athugun á því hvort farið sé að þessari reglugerð og að öllum framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni. Einkum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stuðla að samleitni að því er varðar skilvirkni, aðferðir og tímasetningu grannskoðunar lögbærra yfirvalda á upplýsingunum sem veittar eru í lýsingunni, einkum með því að beita jafningjarýni skv. 13. gr.

13. Án þess að hafa áhrif á 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skipuleggja og framkvæma a.m.k. eina jafningjarýni á grannskoðun og samþykktarferli lögbærra yfirvalda, þ.m.t. tilkynningum á samþykki milli lögbærra yfirvalda. Jafningjarýnin skal einnig meta áhrif mismunandi nálgunar að því er varðar grannskoðun og samþykki lögbærra yfirvalda á getu útgefenda til að afla fjármagns í Sambandinu. Skýrsluna um jafningjarýni ætti að birta eigi síðar en 21. júlí 2022. Í tengslum við jafningjarýnina skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til álits eða ráðlegginga frá hagsmunahópnum á verðbréfamarkaði sem um getur í 37.°gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

21. gr.

Birting lýsingar

1. Þegar lýsing hefur verið samþykkt skal hún gerð aðgengileg almenningi af hálfu útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegan markað, með eðlilegum fyrirvara og í síðasta lagi við upphaf almenns útboðs eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað.

Ef um er að ræða fyrsta útboð á almennum markaði á flokki hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í fyrsta sinn skal lýsingin gerð aðgengileg almenningi ekki síðar en sex virkum dögum fyrir lok útboðsins.

2. Lýsingin, hvort sem hún er eitt skjal eða samanstendur af aðgreindum skjölum, telst aðgengileg almenningi þegar hún hefur verið birt með rafrænum hætti á einhverju eftirfarandi vefsetra:

- a) vefsetri útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem sækir um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði,
- b) vefsetri fjármálamililiða sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfa, þ.m.t. greiðsluaðila,
- c) vefsetri skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem óskað er eftir töku til viðskipta, eða þar sem engin ósk er um töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, vefsetri rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga.

3. Lýsinguna skal birta á til þess gerðum hluta vefseturs sem auðvelt aðgengi er að þegar farið er inn á vefsetrið. Hún skal vera á formi sem unnt er að hala niður, er prentanlegt og á leitarbæru rafrænu formi sem ekki er mögulegt að breyta.

Skjölín sem innihalda upplýsingar sem felldar eru með tilvísun inn í lýsinguna, viðauka við hana og/eða endanlega skilmála í tengslum við lýsinguna og aðskilið afrit af samantektinni skulu vera aðgengileg undir sama hluta ásamt lýsingunni, þ.m.t. með tenglum ef nauðsyn krefur.

Aðskilda afritið af samantektinni skal með skýrum hætti tilgreina hvaða lýsingu hún á við.

4. Aðgengi að lýsingunni skal ekki vera með fyrirvara um að ljúka skráningarferli, samþykkja fyrirvara sem takmarkar lagalega bótaábyrgð eða greiða gjald. Varnaðarorð sem tilgreina lögsögu(r) þar sem útboð eða taka til viðskipta fer fram skal ekki teljast vera fyrirvari sem takmarkar lagalega bótaábyrgð.

5. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal birta á vefsetri sínu allar lýsingar sem samþykktar hafa verið eða a.m.k. skrá yfir lýsingar sem hafa verið samþykktar, ásamt tengli á til þess gerðan hluta vefseturs sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar sem og tilgreiningu á heimaaðildarríki eða -ríkjum þar sem tilkynnt er um lýsingar í samræmi við 25. gr. Uppfæra skal birtu skrána, þ.m.t. tenglana í henni, og skal hver þáttur hennar vera aðgengilegur á vefsetrunum í þann tíma sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar hið minnsta.

Lögbært yfirvald skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um samþykki á lýsingu og viðaukum við hana samtímis því að það veitir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni rafrænt afrit af lýsingunni og viðbótum við hana og gögn sem nauðsynleg eru fyrir flokkun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í geymslakerfinu sem um getur í 6. mgr. og skýrsluna sem um getur í 47. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Lögbært yfirvald gístaðildarríkisins skal birta upplýsingar um allar tilkynningar sem það fær í samræmi við 25. gr. á vefsetri sínu.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án ástæðulausrar tafar, birta allar lýsingar sem hún fær frá lögbærum yfirvöldum á vefsetri sínu, ásamt öllum viðaukum við þær, endanlegum skilmálum og tengdum þýðingum eftir atvikum, sem og upplýsingar um gístaðildarríkið eða -ríkin þar sem tilkynnt er um lýsingarnar í samræmi við 25. gr. Birting skal tryggð fyrir milligöngu geymslakerfis sem veitir almenningi aðgengi án endurgjalds og er leitarbært.

7. Allar samþykktar lýsingar skulu vera aðgengilegar öllum á rafrænu formi í a.m.k. 10 ár eftir birtingu á vefsetrunum sem um getur í 2. og 6. mgr.

Ef tenglar eru notaðir vegna upplýsinga sem felldar eru inn með tilvísun í lýsingunni og viðaukum og/eða endanlegum skilmálum sem varða lýsinguna, skulu slíkir tenglar vera virkir í þann tíma sem um getur í fyrstu undirgrein.

8. Samþykkt lýsing skal innihalda skýra viðvörðun sem tekur fram hvenær gildistíma lýsingar lýkur. Viðvörðunin skal einnig taka fram að skyldan til að bæta við lýsingu, ef um er að ræða mikilvæga nýja þætti, efnisleg mistök eða ónákvæmni, gildi ekki þegar lýsingin er ekki lengur í gildi.

9. Ef um er að ræða lýsingu sem samanstendur af nokkrum skjölum og/eða þar sem felldar eru inn upplýsingar með tilvísun má birta skjölin og upplýsingarnar sem mynda lýsinguna og dreifa þeim hverju fyrir sig, að því tilskildu að fyrrnefnd skjöl séu gerð aðgengileg almenningi í samræmi við 2. mgr. Ef lýsing samanstendur af aðgreindum skjölum, í samræmi við 10. gr., skal hvert þessara skjala, nema skjölin sem felld eru inn með tilvísun, tilgreina að þetta sé aðeins einn hluti af lýsingunni og hvar unnt er að nálgast önnur skjöl lýsingarinnar.

10. Texti og framsetning lýsingarinnar og viðauka við hana, sem eru gerð aðgengileg almenningi, skulu í öllum tilvikum vera nákvæmlega eins og upprunalega útgáfan sem lögbært yfirvald heimaáðildarríkisins samþykkti.

11. Útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða fjármálamilliliðurinn sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfanna skal afhenda öllum mögulegum fjárfestum afrit af lýsingunni á varanlegum miðli, að ósk þeirra og án endurgjalds. Ef mögulegur fjárfestir gerir sérstaka kröfu um eintak á pappír skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða fjármálamilliliðurinn sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfanna afhenda prentaða útgáfu af lýsingunni. Afhendingin skal takmarkast við lögsögu þar sem útboðið á verðbréfum á almennan markað eða taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fer fram samkvæmt þessari reglugerð.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur samið, eða skal semja ef framkvæmdastjórnin mælir fyrir um það, frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli til að tilgreina nánar kröfurnar að því er varðar birtingu lýsingarinnar.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

13. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina gögnin sem nauðsynleg eru til að flokka lýsingar sem um getur í 5. mgr. og hagnýtt fyrirkomulag til að tryggja að slík gögn, þ.m.t. ISIN-númer verðbréfanna og kennimerki lögaðila fyrir útgefanda, tilboðsgjafa og ábyrgðaraðila, séu tölvulesanleg.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. júlí 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

22. gr.

Auglýsingar

1. Allar auglýsingar, sem varða annaðhvort almennt útboð verðbréfa eða töku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skulu uppfylla meginreglurnar í 2.–5. mgr. Ákvæði 2.–4. mgr. og b-liðar 5. mgr. skulu aðeins gilda um tilvik þar sem útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili, sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, fellur undir þá skyldu að semja lýsingu.

2. Í auglýsingum skal koma fram að lýsing hafi verið eða muni verða birt og hvar fjárfestar geti eða muni geta nálgast hana.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

3. Það skal koma skýrt fram að um auglýsingu er að ræða. Upplýsingarnar í auglýsingunni skulu ekki vera ónákvæmar eða villandi og einnig vera í samræmi við upplýsingarnar í lýsingunni, ef búið er að birta hana, eða þær upplýsingar sem krafist er að séu í lýsingunni ef eftir á að birta hana.

4. Allar upplýsingar sem veittar eru munnlega eða skriflega um útboð á verðbréfum á almennum markaði eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, jafnvel þó það sé ekki í auglýsingaskyni, skulu vera í samræmi við upplýsingar sem er að finna í lýsingunni.

5. Ef um er að ræða mikilvægar upplýsingar sem útgefandi eða tilboðsgjafi veitir einum eða fleiri útvöldum fjárfestum, munnlega eða skriflega, skulu slíkar upplýsingar, eftir því sem við á, annað hvort:

a) birtar öllum öðrum fjárfestum sem útboðinu er beint að, ef ekki er krafist þess að lýsing sé birt í samræmi við 4. og 5. mgr. 1. gr. eða

b) hafðar með í lýsingunni eða viðauka við lýsinguna í samræmi við 1. mgr. 23. gr., ef þess er krafist að lýsingin sé birt.

6. Lögbært yfirvald heimaáildarríkis þar sem auglýsingum er dreift skal hafa heimild til þess að hafa eftirlit með því að auglýsingar, í tengslum við almennt útboð verðbréfa eða töku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, séu í samræmi við 2.–4. mgr.

Ef nauðsyn krefur skal lögbært yfirvald heimaáildarríkisins aðstoða lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem auglýsingum er dreift við að meta hvort auglýsingarnar séu í samræmi við upplýsingarnar í lýsingunni.

Án þess að hafa áhrif á 1. mgr. 32. gr. skal grannskoðun lögbærs yfirvalds á auglýsingunum ekki vera skilyrði fyrir því að útboð á verðbréfum á almennum markaði eða taka þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði geti farið fram í gístiaðildarríki.

Beiting eftirlitsheimilda og rannsóknarheimilda, sem settar eru fram í 32. gr., í tengslum við framfylgd þessarar greinar af hálfu lögbærs yfirvalds gístiaðildarríkis, skal án ástæðulausrar tafar tilkynnt til lögbærs yfirvalds heimaáildarríkis útgefandans.

7. Lögbært yfirvald gístiaðildarríkis getur aðeins innheimt gjöld sem eru í tengslum við framkvæmd eftirlitsverkefna sinna samkvæmt þessari grein. Umfang gjalda skal birt á vefsetrum lögbæru yfirvaldanna. Gjöld skulu vera án mismununar, sanngjörn og í réttu hlutfalli við eftirlitsverkefnið. Lögbær yfirvöld gístiaðildarríkja skulu ekki gera neinar kröfur eða beita stjórnáslu meðferð til viðbótar við þá sem er krafist til að framkvæma eftirlitsverkefni samkvæmt þessari grein.

8. Þrátt fyrir 6. mgr. geta tvö lögbær yfirvöld gert með sér samning um eftirlit með því hvort auglýsingar séu í samræmi við reglur við aðstæður sem ná yfir landamæri, þar sem lögbært yfirvald heimaáildarríkis skal áfram hafa slíkt eftirlit með höndum. Tilkynna ber Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um alla slíka samninga. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta skrá yfir slíka samninga og uppfæra hana reglulega.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli til að tilgreina nánar ákvæðin um dreifingu auglýsinga, sem mælt er fyrir um í 2.–4. mgr., þ.m.t. til að tilgreina ákvæðin um dreifingu auglýsinga og til að koma á málsmæðferðarreglum um samvinnu milli lögbærra yfirvalda heimaáildarríkisins og aðildarríkisins þar sem auglýsingum er dreift.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. júlí 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. Samkvæmt 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja viðmiðunarreglur og tilmæli sem beint er til lögbærra yfirvalda í tengslum við eftirlit sem framkvæmt er skv. 6. mgr. þessarar greinar. Þessar viðmiðunarreglur og tilmæli skulu taka tillit til þess að þörf er á að tryggja að slíkt eftirlit hamli ekki virkni tilkynningaraðferðarinnar sem sett er fram í 25. gr. á sama tíma og stjórnsýslubyrði á útgefendur sem bjóða út yfir landamæri í Sambandinu er lágmarkuð.

11. Þessi grein er með fyrirvara um önnur gildandi ákvæði í löggerðum Sambandsins.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

23. gr.

Viðauki við lýsingu

1. Í viðauka við lýsingu skal, án ótilhlýðilegrar tafar, geta um sérhvert nýtt atriði sem máli skiptir, efnisleg mistök eða ónákvæmni í upplýsingum lýsingar, sem getur haft áhrif á mat á verðbréfunum og á sér stað eða uppgötvast frá samþykkt lýsingar þar til almennu útboði er lokið eða þar til viðskipti hefjast með verðbréf á skipulegum markaði, hvort sem gerist síðar.

Slíkur viðauki skal samþykktur á sama hátt og lýsingar innan fimm virkra daga og birtur í samræmi við a.m.k. sama fyrirkomulag og gildi þegar upprunalega lýsingin var birt í samræmi við 21. gr. Einnig skal bæta við samantektina og þýðingar hennar, ef nauðsyn krefur, til að taka tillit til nýju upplýsinganna í viðaukanum.

2. Þegar lýsingin tengist útboði verðbréfa til almennings skulu fjárfestar, sem hafa þegar samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfunum áður en viðaukinn er birtur, hafa rétt til að afturkalla samþykki sitt innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans, að því tilskildu að nýi þátturinn, efnislegu mistökin eða ónákvæmnin sem um getur í 1. mgr. hafi átt sér stað, eða uppgötvast fyrir lok almenna útboðsins og afhendingu verðbréfanna, hvort sem átti sér stað fyrr. Það tímabil geta útgefandinn eða tilboðsgjafinn framlengt. Tilgreina ber lokadagsetningu réttarins til afturköllunar samþykkis í viðaukanum.

Viðaukinn skal innihalda áberandi yfirlýsingu um uppsagnarrétt sem tilgreinir með skýrum hætti:

- a) að uppsagnarréttur er aðeins veittur þeim fjárfestum sem hafa þegar samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfunum áður en viðaukinn var birtur og ef verðbréfin hafa ekki verið afhent fjárfestunum á þeim tíma þegar mikilvægi nýi þátturinn, efnislegu mistökin eða ónákvæmnin átti sér stað eða uppgötvadist,
- b) á hvaða tímabili fjárfestar geta neytt uppsagnarréttar síns og
- c) hverja fjárfestar geta haft samband við ef þeir vilja neyta uppsagnarréttar síns.

3. Ef verðbréfin eru keypt eða ef einhver skrifar sig fyrir þeim fyrir milligöngu fjármálamililiðar skal sá fjármálamililiður upplýsa fjárfesta um möguleikann á að viðauki verði birtur, hvar og hvenær hann verði birtur og að fjármálamililiðurinn myndi aðstoða þá við að neyta réttar síns til að afturkalla samþykki í slíku tilviki.

Fjármálamililiðurinn skal hafa samband við fjárfesta daginn sem viðaukinn er birtur.

Ef verðbréfin eru keypt eða ef einhver skrifar sig fyrir þeim beint hjá útgefanda skal sá útgefandi upplýsa fjárfesta um möguleikann á að viðauki verði birtur og hvar hann yrði birtur og að í slíku tilviki gætu þeir átt rétt til að afturkalla samþykkið.

4. Ef útgefandi gerir viðauka, vegna upplýsinga í grunnlýsingunni, sem tengjast aðeins einu eða nokkrum tilteknum útgáfum, gildir réttur fjárfesta til að afturkalla samþykki sitt skv. 2. mgr. aðeins um viðkomandi útgáfu(r) og ekki um aðrar verðbréfaútgáfur samkvæmt grunnlýsingunni.

5. Ef um er að ræða mikilvægan nýjan þátt, efnisleg mistök eða ónákvæmni sem um getur í 1. mgr. sem á aðeins við um upplýsingarnar sem eru í útgefandalýsingu eða almennri útgefandalýsingu og sé útgefandalýsingin eða almenna útgefandalýsingin notuð samtímis sem hluti margra lýsinga skal aðeins gera og samþykkja einn viðauka. Ef svo er skal í viðaukanum minnst á allar lýsingar sem hann tengist.

6. Við grannskoðun á viðauka fyrir samþykki getur lögbært yfirvald óskað eftir því að viðaukinn innihaldi í viðauka samsteypta útgáfu af lýsingunni, útgefandalýsingunni eða almennu útgefandalýsingunni ef slík samsteypt útgáfa er nauðsynleg til að tryggja skiljanleika upplýsinganna sem veittar eru í lýsingunni. Slík ósk telst vera ósk um viðbótarupplýsingar skv. 4. mgr. 20. gr. Útgefandi getur, í öllu falli, að eigin vali látið samsteypta útgáfu af viðbættu lýsingunni, útgefandalýsingunni eða almennu útgefandalýsingunni fylgja með í viðauka.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina aðstæður þar sem mikilvægur nýr þáttur, efnisleg mistök eða ónákvæmni í tengslum við upplýsingarnar sem er að finna í lýsingunni krefst birtingar á viðauka við lýsinguna.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. júlí 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

V. KAFLI

ÚTBOÐ YFIR LANDAMÆRI OG TAKA TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM VERÐBRÉFAMARKAÐI OG NOTKUN TUNGUMÁLA

24. gr.

Gildi samþykkis lýsinga innan Sambandsins

1. Þegar almennt útboð á verðbréfum eða taka til viðskipta á skipulegum markaði er skipulagt í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu skal lýsing, sem heimaaðildarríkið hefur samþykkt og allir viðaukar við hana, með fyrirvara um 37. gr., gilda fyrir almennt útboð verðbréfa eða skráningu þeirra í hvaða gístiaðildarríkjum sem er, að því tilskildu að Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbæru yfirvaldi hvers gístiaðildarríkis sé tilkynnt um það í samræmi við 25. gr. Lögbær yfirvöld gístiaðildarríkja skulu ekki hefja neins konar samþykktarferli eða stjórnsýslumeðferð vegna lýsinga og viðauka sem lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja hafa samþykkt og varða endanlega skilmála.

2. Ef ný atríði, efnisleg mistök eða ónákvæmni á sér stað eða uppgötvast innan tímarammans sem um getur í 1. mgr. 23. gr., skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins krefjast þess að birtur sé viðauki, sem samþykkja ber eins og kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði og lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkisins er heimilt að vekja athygli lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins á því ef þörf er á nýjum upplýsingum.

25. gr.

Tilkynning um lýsingar og viðauka og tilkynning á endanlegum skilmálum

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, að beiðni útgefanda, tilboðsgjafa, aðilans, sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, eða aðilans, sem er ábyrgur fyrir samningu lýsingarinnar, og innan eins virks dags frá því að slík beiðni er lögð fram eða, ef beiðnin er lögð fram ásamt drögum að lýsingu, innan eins virks dags frá því að lýsingin var samþykkt, gera lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkisins viðvart með vottorði um samþykki, sem staðfestir að lýsingin sé samin í samræmi við þessa reglugerð, og með rafrænu afriti af viðkomandi lýsingu.

Þýðing á lýsingunni og öllum viðaukum við hana, sem gerð er á ábyrgð útgefandans, tilboðsgjafans, aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða aðilans sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar skal, eftir atvikum, fylgja tilkynningunni sem um getur í fyrstu undirgrein.

Sömu verklagsreglu skal fylgt vegna allra viðauka við lýsinguna.

Einnig þarf að tilkynna útgefandanum, tilboðsgjafanum, aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða aðilanum, sem er ábyrgur fyrir samningu lýsingarinnar um vottorðið um samþykki á sama tíma og lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkisins.

2. Ef ákvæðum 1. og 2. mgr. 18. gr. er beitt skal það koma fram í vottorðinu um samþykki ásamt rökstuðningi þar að lútandi.

3. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal tilkynna Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði um vottorð um samþykki lýsingar eða viðauka við hana á sama tíma og lögbæru yfirvaldi og gístiaðildarríkinu er tilkynnt um það.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

4. Ef endanlegir skilmálar grunnlýsingar sem þegar hefur verið tilkynnt um eru hvorki í grunnlýsingu né í viðauka skal lögbært yfirvald heimaáildarríkisins senda þá rafrænt til lögbærs yfirvalds gístaáildarríkisins eða gístaáildarríkjanna og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eins fljótt og auðið er eftir að þær eru lagðar inn.

5. Lögbær yfirvöld skulu hvorki innheimta gjöld fyrir tilkynningar né viðtöku tilkynninga, lýsinga og viðauka við hana eða tengda eftirlitsstarfsemi, hvort sem það er í heimaáildarríki eða gístaáildarríki eða -ríkjum.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á tilkynningargátt sem hvert lögbært yfirvald skal nota til að hala upp vottorðum um samþykki og rafrænum afritum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og 2. mgr. 26. gr. og endanlegum skilmálum grunnlýsingar, fyrir tilkynningar og sendingar sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar og 26. gr.

Öll yfirfærsla á þessum gögnum milli lögbærra yfirvalda skal fara fram um þessa tilkynningargátt.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli til að tilgreina tæknilegt fyrirkomulag sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi tilkynningargáttar sem um getur í 6. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. júlí 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu á þessari reglugerð og til að taka til greina tækniþróun á fjármálamörkuðum, er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að útfæra frumvarp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir tilkynningar um samþykkisvottorð, lýsingu, viðaukum við hana og þýðingu á lýsingu og/eða samantekt.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

26. gr.

Tilkynning á útgefandalýsingum eða almennum útgefandalýsingum

1. Þessi grein gildir aðeins um útgáfur á verðbréfum sem ekki eru hlutabréfatengd sem um getur í ii. lið m-liðar 2. gr. og um útgefendur með staðfestu í þriðja landi sem um getur í iii. lið m-liðar 2. gr., ef heimaáildarríkið sem valið er til að samþykkja lýsinguna samkvæmt þessum ákvæðum er annað en aðildarríki lögbæra yfirvaldsins sem hefur samþykkt útgefandalýsinguna eða almennu útgefandalýsinguna sem gerð er af útgefandanum, tilboðsgjafanum eða aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað.

2. Lögbært yfirvald sem hefur samþykkt útgefandalýsingu, eða almenna útgefandalýsingu, og allar breytingar á henni, skal, að ósk útgefanda, tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða aðila, sem ber ábyrgð á gerð þess háttar skjals, tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaáildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingar, með vottorði um samþykki sem staðfestir að útgefandalýsingin, eða almenna útgefandalýsingin, og allar breytingar á henni hafi verið gerð í samræmi við þessa reglugerð og með rafrænu afriti af því skjali. Tilkynningin skal send innan eins virks dags frá viðtöku beiðninnar eða, ef beiðnin er lögð fram ásamt drögum að útgefandalýsingu eða drögum að almennri útgefandalýsingu, innan eins virks dags frá því að lýsingin var samþykkt.

Þýðing á útgefandalýsingunni, eða almennu útgefandalýsingunni, og öllum breytingum á henni, sem gerð er á ábyrgð útgefandans, tilboðsgjafans, aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða aðilans sem ber ábyrgð á gerð slíkra gagna, skal, eftir atvikum, fylgja tilkynningunni sem um getur í fyrstu undirgrein.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Einnig þarf að tilkynna útgefandanum, tilboðsgjafanum, aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða aðilanum, sem er ábyrgur fyrir gerð útgefandalýsingarinnar, almennu útgefandalýsingarinnar og öllum breytingum á henni, um vottorðið um samþykki á sama tíma og lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingarinnar.

Ef ákvæðum 1. og 2. mgr. 18. gr. er beitt skal það koma fram í vottorðinu ásamt rökstuðningi þar að lútandi.

Lögbært yfirvald sem hefur samþykkt útgefandalýsingu, eða almenna útgefandalýsingu, og allar breytingar á henni skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um vottorð um samþykki þessara skjala á sama tíma og tilkynnt er um það til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingarinnar.

Lögbæru yfirvöldin skulu hvorki innheimta gjald fyrir tilkynninguna né viðtöku tilkynningar um útgefandalýsingar eða almennar útgefandalýsingar og breytingar á þeim, né heldur fyrir tengda eftirlitsstarfsemi.

3. Nota má útgefandalýsingu eða almenna útgefandalýsingu sem tilkynnt er skv. 2. mgr. sem hluta lýsingar sem lögð er fram til samþykkis til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingar.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingar skal hvorki framkvæma grannskoðun né gefa samþykki í tengslum við tilkynnta útgefandalýsingu, eða almenna útgefandalýsingu, og breytingar á henni og skal aðeins samþykkja verðbréfalýsingu og samantekt eftir viðtöku tilkynningarinnar.

4. Útgefandalýsing eða almenn útgefandalýsing, sem tilkynnt er um skv. 2. mgr., skal innihalda viðbæti þar sem settar eru fram lykilupplýsingar um útgefandann sem um getur í 6. mgr. 7. gr. Samþykki útgefandalýsingar eða almennrar útgefandalýsingar skal ná yfir viðbættinn.

Tilkynningunni skal, eftir atvikum, skv. annarri undirgrein 2. mgr. 27. gr. og annarri undirgrein 3. mgr., fylgja þýðing á viðbættinum við útgefandalýsingu eða almenna útgefandalýsingu sem gerð er á ábyrgð útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem ber ábyrgð á gerð útgefandalýsingarinnar eða almennu útgefandalýsingarinnar.

Við gerð samantektarinnar skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar endurtaka innihald viðbættisins án breytinga í þættinum sem um getur í b-lið 4. mgr. 7. gr. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingar skal ekki grannskoða þann þátt samantektarinnar.

5. Ef mikilvæg ný atriði, efnisleg mistök eða ónákvæmni á sér stað eða uppgötvast innan tímarammans sem um getur í 1. mgr. 23. gr., sem varðar upplýsingar sem er að finna í útgefandalýsingunni eða almennu útgefandalýsingunni skal leggja viðaukann, sem krafist er skv. 23. gr., fram til samþykkis hjá lögbæra yfirvaldinu sem samþykkti útgefandalýsinguna eða almennu útgefandalýsinguna. Sá viðbættir skal tilkynntur til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins að því er varðar samþykki lýsingarinnar innan eins virks dags eftir samþykki hennar, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem sett er fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Ef útgefandalýsing eða almenn útgefandalýsing er notuð á sama tíma sem hluti margra lýsinga, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 23. gr., skal viðbættirinn tilkynntur hverju lögbæru yfirvaldi sem hefur samþykkt slíkar lýsingar.

6. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar reglugerðar og til að taka til greina tækniþróun á fjármálamörkuðum er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að útfæra drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublaðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir tilkynningar um samþykkisvottorð í tengslum við útgefandalýsinguna eða almennu útgefandalýsinguna, viðauka við hana og þýðinguna á henni.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

27. gr.

Notkun tungumáls

1. Þegar almennt útboð á verðbréfum fer fram eða sótt er um skráningu á skipulegan markað einungis í heimaaðildarríkinu skal lýsing samin á því tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins samþykkir.

2. Þegar almennt útboð á verðbréfum fer fram eða sótt er um skráningu á skipulegan markað í einu eða fleiri aðildarríkjum, öðrum en heimaaðildarríkinu, skal lýsing annaðhvort samin á tungumáli, sem lögbær yfirvöld þessara aðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem sækir um töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, eftir því sem við á.

Lögbært yfirvald í hverju gístiaðildarríki skal krefjast þess að samantektin, sem um getur í 7. gr., verði tiltæk á opinberu tungumáli þess, eða a.m.k. á einu af opinberum tungumálum þess, eða á öðru tungumáli sem lögbært yfirvald þess aðildarríkis hefur samþykkt, en skal ekki krefjast þýðingar á neinum á öðrum hlutum lýsingarinnar.

Með hliðsjón af umfjöllun og samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal lýsingin samin annaðhvort á tungumáli sem það yfirvald samþykkir eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um töku til viðskipta á skipulegan markað.

3. Þegar almennt útboð á verðbréfum fer fram eða sótt er um skráningu á skipulegan markað í fleiri en einu aðildarríki, þar á meðal heimaaðildarríkinu, skal lýsingin samin á tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins samþykkir og einnig gerð aðgengileg annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld í hverju gístiaðildarríkjana hafa samþykkt eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað.

Lögbært yfirvald í hverju gístiaðildarríki skal krefjast þess að samantektin, sem um getur í 7. gr., verði tiltæk á opinberu tungumáli þess, eða a.m.k. á einu af opinberum tungumálum þess, eða á öðru tungumáli sem lögbært yfirvald þess aðildarríkis hefur samþykkt, en skal ekki krefjast þýðingar á neinum á öðrum hlutum lýsingarinnar.

4. Endanlegir skilmálar og samantekt hverrar útgáfu skal samin á sama tungumáli og samþykkt grunnlýsingin er á.

Þegar endanlegu skilmálarnir eru sendir lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkisins í samræmi við 4. mgr. 25. gr. eða, ef um fleiri en eitt gístiaðildarríki er að ræða, til lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkjana, gilda eftirfarandi reglur um tungumál um endanlegu skilmálana og samantektina sem fylgir með í viðauka:

a) samantekt hverrar útgáfu sem fylgir með í viðauka við endanlega skilmála skal vera aðgengileg á opinberu tungumáli eða a.m.k. einu af opinberum tungumálum gístiaðildarríkisins, eða á öðru tungumáli sem lögbært yfirvald gístiaðildarríkisins samþykkir í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. eða aðra undirgrein 3. mgr., eftir því sem við á,

b) ef þýða skal grunnlýsinguna skv. 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, falla endanlegu skilmálarnir og samantekt einstöku útgáfunnar, sem fylgir með í viðauka við þá, undir sömu kröfur um þýðingu og grunnlýsingin.

5. Ef lýsing varðar töku verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd, til viðskipta á skipulegan markað í einu eða fleiri aðildarríkjum skal lýsingin samin annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld heima- og gístiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, samkvæmt vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, að því tilskildu að annað hvort:

a) skuli viðskipti aðeins stunduð með slík verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði, eða tilteknum hluta hans, sem aðeins hæfir fjárfestar geta haft aðgengi að í þeim tilgangi að eiga viðskipti með slík verðbréf eða

b) nafnverð hverrar einingar slíkra verðbréfa skuli vera a.m.k. 100 000 evrur.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

VI. KAFLI

SÉRTÆKAR REGLUR Í TENGLUM VIÐ ÚTGEFENDUR MEÐ STAÐFESTU Í ÞRIÐJU LÖNDUM

28. gr.

Útboð á verðbréfum á almennum markaði eða taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt lýsingu sem gerð er í samræmi við þessa reglugerð

Ef útgefandi í þriðja landi fyrirhugar að bjóða út verðbréf á almennum markaði í Sambandinu eða sækja um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem hefur staðfestu í Sambandinu samkvæmt lýsingu sem gerð er í samræmi við þessa reglugerð, skal hann fá lýsingu sína samþykkt, í samræmi við 20. gr., hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu.

Þegar lýsing hefur hlotið samþykki í samræmi við fyrstu undirgrein skal henni fylgja sömu réttindi og skyldur og kveðið er á um fyrir lýsingar samkvæmt þessari reglugerð og lýsingin og útgefandinn í þriðja landi skal falla undir öll ákvæðin í þessari reglugerð undir eftirliti lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins.

29. gr.

Útboð á verðbréfum á almennum markaði eða taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt lýsingu sem gerð er í samræmi við lög þriðja lands

1. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki útgefenda í þriðja landi getur samþykkt lýsingu fyrir útboð á verðbréfum á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, sem gerð er í samræmi við og fellur undir landslög útgefanda þriðja lands, að því tilskildu að:

- kröfurnar um upplýsingar samkvæmt lögum þriðja lands séu jafngildar kröfunum samkvæmt þessari reglugerð og
- lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins hafi gert samstarfssamninga við viðkomandi eftirlitsyfirvöld útgefenda þriðja lands í samræmi við 30. gr.

2. Ef um er að ræða útboð á almennan markað á verðbréfum sem útgefandi þriðja lands hefur gefið út eða töku slíkra bréfa til viðskipta á skipulegum markaði í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu, skulu kröfur 24., 25. og 27. gr. gilda.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 44. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að koma á almennum jafngildisviðmiðunum á grundvelli krafanna sem mælt er fyrir um í 6., 7., 8. og 13. gr.

Á grundvelli framangreindra viðmiðana getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdarákvörðun sem segir að kröfurnar um upplýsingar sem gerðar eru í landslögum þriðja lands jafngildi kröfunum samkvæmt þessari reglugerð. Slík framkvæmdarákvörðun skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 45. gr.

30. gr.

Samstarf við þriðju lönd

1. Að því er varðar 29. gr. og, þegar þörf krefur, að því er varðar 28. gr. skulu lögbær yfirvöld aðildarríkja gera samstarfssamninga við eftirlitsyfirvöld þriðju landa um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum og framfylgd skuldbindinga samkvæmt þessari reglugerð í þriðju löndum, nema það þriðja land, í samræmi við gildandi, framselda gerð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽¹⁾, sé á skrá yfir lögsagnarumdæmi sem hafa annmarka í stefnu í landsbundnu fyrirkomulagi sínu hvað varðar baráttu gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem fjármálakerfi Sambandsins stafar umtalsverð hætta af. Þessir samstarfssamningar skulu a.m.k. tryggja skilvirk upplýsingaskipti sem gera lögbæru yfirvöldunum kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjttð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Lögbært yfirvald skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og hin lögbæru yfirvöldin ef það fyrirhugar að gera slíkan samning.

2. Að því er varðar 29. gr. og, ef þörf krefur, að því er varðar 28. gr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stuðla að og samræma þróun samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þriðju landa.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einnig, þegar nauðsynlegt er, stuðla að og samræma skiptin milli lögbærra yfirvalda á upplýsingum sem þau fá frá eftirlitsyfirvöldum í þriðju löndum sem geta skipt máli við gerð ráðstafana skv. 38. og 39. gr.

3. Lögbær yfirvöld skulu aðeins gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum ef um upplýsingarnar ríkir þagnarskylda sem er að lágmarki jafngild þeirri sem sett er fram í 35. gr. Slík upplýsingaskipti verða að eiga sér stað við framkvæmd verkefna þessara lögbæru yfirvalda.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur, eða skal þegar framkvæmdastjórnin skipar fyrir um það, samið frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða lágmarksinnihald samstarfssamninga sem um getur í 1. mgr. og sniðmátið sem skal nota í þeim tilgangi.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

VII. KAFLI

EVROPSKA VERDBRETFAMARKADSEFTIRLITSSTOFNUNIN OG LOGBAER YFIRVOLD

31. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt lögbært stjórnvald til að framfylgja þeim skyldum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og til að tryggja að ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, sé beitt. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjum til samræmis við það.

Þetta lögbæra yfirvald skal vera algjörlega óháð öllum markaðsaðilum.

2. Aðildarríki geta heimilað lögbærum yfirvöldum sínum að úthluta til þriðju aðila verkefnum á sviði rafrænnar birtingar samþykktra lýsinga og tengdra skjala.

Öll slík úthlutun skal gerð með sérstakri ákvörðun sem tilgreinir eftirfarandi:

- verkefnin sem skal framkvæma og skilyrðin sem gilda um hvernig þau skulu innt af hendi,
- ákvæði sem skyldar viðkomandi þriðja aðila til að haga starfsemi sinni og skipulagningu þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra og að upplýsingar, sem fást þegar verið er að sinna úthlutuðum verkefnum séu ekki notaðar á óréttmætan hátt eða til að hindra samkeppni og
- alla samninga sem gerðir eru milli lögbærs yfirvalds og þriðja aðila sem fær úthlutað verkefnum.

Endanleg ábyrgð á eftirliti með að farið sé að þessari reglugerð og á að samþykkja lýsinguna skal hvíla á lögbæru yfirvaldi sem er tilnefnt í samræmi við 1. mgr.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja um allar ákvarðanir um að úthluta verkefnum eins og um getur í annarri undirgrein, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíka úthlutun.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkis til að gera sérstakar laga- og stjórnvaldsráðstafanir fyrir evrópsk yfirráðasvæði handan hafsins þar sem viðkomandi aðildarríki ber ábyrgð á samskiptum þeirra við önnur ríki

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

32. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda

1. Til að lögbær yfirvöld geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, skulu þau, í samræmi við landslög, hafa a.m.k. eftirfarandi eftirlits- og rannsóknarheimildir:

- a) að fara fram á það við útgefendur, tilboðsgjafa eða aðila, sem sækja um skráningu á skipulegan markað, að þeir láti viðbótarupplýsingar fylgja lýsingunni, ef þörf er á, í því skyni að vernda fjárfestinn,
- b) að fara fram á það við útgefendur, tilboðsgjafa eða þá, sem sækja um skráningu á skipulegan markað, sem og þá, sem hafa eftirlit með þeim eða eru undir eftirliti þeirra, að þeir leggi fram upplýsingar og skjöl,
- c) að fara fram á það við endurskoðendur og stjórnendur hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim, sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, sem og við fjármálamilliliði sem taka að sér að sjá um almenn útbod á verðbréfum eða að óska eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað að þeir leggi fram upplýsingar,
- d) að fresta útbodi verðbréfa á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað í að hámarki 10 virka daga samfellt í hvert skipti sem gild ástæða er til að gruna að brotið sé gegn þessari reglugerð,
- e) að banna eða stöðva tímabundið auglýsingar eða krefjast þess að útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem óska eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað, eða viðkomandi fjármálamilliliðir, hætti eða hætti tímabundið að auglýsa í að hámarki 10 virka daga samfellt í hvert skipti sem gild ástæða er til að gruna að brotið sé gegn þessari reglugerð,
- f) að setja bann við útbodi verðbréfa á almennan markað eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað ef þau telja að brotið sé gegn þessari reglugerð eða ef gild ástæða er til að gruna að brotið yrði gegn henni,
- g) að fresta eða fara fram á það við viðkomandi skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulagða viðskiptavettvanga að þeir fresti viðskiptum á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulögðum viðskiptavettvangi um 10 virka daga samfellt að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar reglugerðar,
- h) að banna viðskipti á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulögðum viðskiptavettvangi ef þau komast að því að brotið hafi verið gegn þessari reglugerð,
- i) að birta opinberlega að útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði uppfylli ekki að skuldbindingar sínar,
- j) að fresta grannskoðun lýsingar sem lögð er fram til samþykkis eða fresta eða takmarka útbod á verðbréfum á almennum markaði eða töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað ef lögbært yfirvald beitir heimild sinni um að leggja á bann eða takmörkun skv. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾, þar til slíku banni eða takmörkun er lokið,
- k) að synja um samþykki lýsingar sem gerð er af tilteknum útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað í að hámarki fimm ár, ef sá útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað hefur brotið ítrekað og illa gegn þessari reglugerð,
- l) að birta eða að fara fram á það við útgefandann að hann birti allar mikilvægar upplýsingar sem kynnu að hafa áhrif á mat á verðbréfum sem eru boðin út á almennum markaði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum í því skyni að tryggja vernd fjárfesta eða eðlilega starfsemi markaðarins,
- m) að fresta eða krefjast þess að viðkomandi skipulegur verðbréfamarkaður, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulagður viðskiptavettvangur fresti viðskiptum með verðbréf ef það telur að aðstæður útgefandans séu þannig að skráning myndi skaða hagsmuni fjárfesta,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- n) að framkvæma vettvangsskoðanir eða -athuganir á öðrum stöðum en einkaheimilum einstaklinga og í þeim tilgangi að fara inn á athafna-
svæði til að hafa aðgang að skjölum og öðrum gögnum á hvaða formi sem er, ef gild ástæða er til að halda að skjölin eða önnur gögn í
tengslum við málefni skoðunarinnar eða rannsóknarinnar gætu skipt máli til að sýna fram á brot gegn þessari reglugerð.

Ef gerð er krafa um það í landslögum er lögbæru yfirvaldi heimilt að óska eftir því við viðkomandi dómsyfirvald að það úrskurði um beitingu
þeirra heimilda sem um getur í fyrstu undirgrein.

Ef synjað hefur verið um samþykki lýsingar samkvæmt k-lið fyrstu undirgreinar skal lögbæra yfirvaldið upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunina um það, sem skal síðan upplýsa lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja.

Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði skal hafa rétt til, í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, að taka þátt í vettvangs-
skoðunum sem um getur í n-lið fyrstu undirgreinar þegar þær eru framkvæmdar sameiginlega á vegum tveggja eða fleiri lögbærra yfirvalda.

2. Lögbær yfirvöld skulu rækja hlutverk sitt og beita valdheimildum sínum, sem um getur í 1. mgr., með einhverjum eftirfarandi hætti:

- a) beint,
- b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
- c) á ábyrgð þeirra með framsali til slíkra yfirvalda,
- d) með því að leita til dómsyfirvalda.

3. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu fyrir hendi þannig að lögbær yfirvöld hafi allar eftirlits- og rannsóknarheimildir sem
þau þurfa til að uppfylla skyldur sínar.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á lög og reglugerðir um yfirtökutilboð, samruna og önnur viðskipti sem hafa áhrif á eignarhald eða stjórn
á félögum, sem lögleiða tilskipun 2004/25/EB og sem setja kröfur til viðbótar við kröfurnar í þessari reglugerð.

5. Aðili sem gerir upplýsingar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi í samræmi við þessa reglugerð telst ekki brjóta gegn ákvæðum um takmörkun
á birtingu upplýsinga, sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnvísunákvæðum, og skal ekki falla undir bótaábyrgð í tengslum við slíka
tilkynningu.

6. Ákvæði 1. til 3. gr. skulu ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkis til að gera sérstakar laga- og stjórnvaldsráðstafanir fyrir evrópsk yfirráða-
svæði handan hafsins þar sem viðkomandi aðildarríki ber ábyrgð á samskiptum þeirra við önnur ríki.

33. gr.

Samvinna milli lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu vinna saman og með Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að því er varðar þessa reglugerð. Þau skulu
skiptast á upplýsingum án ótilhlýðilegrar tafar og vinna saman á sviði rannsókna, eftirlits og framfylgdar.

Ef aðildarríki hafa kosið, í samræmi við 38. gr., að mæla fyrir um refsivíðurlög við brotum á þessari reglugerð, skulu þau tryggja að viðeigandi
ráðstafanir séu fyrir hendi til að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi allar nauðsynlegar heimildir til samráðs við dómsyfirvöld innan lögsögu þeirra
til að taka við tilgreindum upplýsingum sem tengjast rannsókn sakamála eða hafningu máls vegna hugsanlegra brota á þessari reglugerð, og útvegi
öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sömu upplýsingar til að þau geti uppfyllt skuldbindingar sínar
um samstarf hvert við annað og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar þessa reglugerð.

2. Lögbært yfirvald getur eingöngu neitað að verða við beiðni um upplýsingar eða beiðni um samstarf við rannsókn í eftirfarandi undantekn-
ingartilvikum:

- a) ef það að verða við beiðninni er líklegt til að hafa skaðleg áhrif á rannsókn þess, framfylgdarstarfsemi eða rannsókn sakamáls,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- b) ef dómssál er þegar hafið að því er varðar sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum fyrir yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis,
- c) ef þessir aðilar hafa hlotið endanlegan dóm fyrir sömu aðgerðir í viðkomandi aðildarríki.

- 3. Lögbær yfirvöld skulu tafarlaust veita, samkvæmt beiðni, upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þessarar reglugerðar.
- 4. Lögbært yfirvald getur beiðið um aðstoð lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis að því er skoðun á staðnum eða rannsóknir varðar.

Lögbært yfirvald, sem leggur fram beiðni, skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um hverja þá beiðni sem um getur í fyrstu undirgrein. Ef um er að ræða vettvangsskoðun eða rannsókn sem hefur áhrif yfir landamæri skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samræma skoðunina eða rannsóknina ef eitt af lögbæru yfirvöldunum óskar eftir því.

Ef lögbært yfirvald fær beiðni frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis um að framkvæma skoðun á staðnum eða rannsókn má það gera hvað sem er af eftirfarandi:

- a) sjálfst annast skoðunina á staðnum eða rannsóknina,
- b) leyfa lögbæra yfirvaldinu, sem lagði fram beiðnina, að taka þátt í skoðun á staðnum eða rannsókn,
- c) leyfa lögbæra yfirvaldinu, sem lagði fram beiðnina, að framkvæma sjálfst skoðun á staðnum eða rannsókn,
- d) tilnefna endurskoðendur eða sérfræðinga til að annast skoðun á staðnum eða rannsókn,
- e) deila tilteknum verkefnum í tengslum við eftirlitsstarfsemi með öðrum lögbærum yfirvöldum.

5. Lögbæru yfirvöldin geta vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar aðstæðum þar sem beiðni um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt, í aðstæðum sem um getur í fyrsta málslið þessara málsgreinar, með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að nýta sér valdheimild sem henni er falin skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur, eða skal þegar framkvæmdastjórnin skipar fyrir um það, gera frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli til að tilgreina upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur samið frumvarp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og verklagsreglum fyrir samvinnu og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

34. gr.

Samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina

1. Lögbær yfirvöld skulu vinna með Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að því er varðar þessa reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

2. Lögbær yfirvöld skulu án tafar veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nauðsynlegar upplýsingar til að uppfylla skyldur sínar í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu þessarar greinar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samið frumvarp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða verklag og form vegna upplýsingaskipta eins og um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

35. gr.

Þagnarskylda

- Allar upplýsingar sem lögbær yfirvöld skiptast á sín á milli samkvæmt þessari reglugerð er varða viðskipta- eða rekstrarskilyrði og önnur efnahagsleg málefni eða einkamálefni teljast vera trúnaðarupplýsingar og um þær skulu gilda skilyrði um þagnarskyldu, nema lögbæra yfirvaldið lýsi því yfir þegar samskiptin fara fram að slíkar upplýsingar megi birta eða ef slík birting upplýsinga er nauðsynleg vegna málarekstrar.
- Þagnarskylda gildir um alla einstaklinga sem vinna eða hafa unnið fyrir lögbært yfirvald eða hvern þann þriðja aðila sem lögbæra yfirvaldið hefur falið umboð sitt. Upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu er ekki heimilt að afhenda öðrum aðila eða yfirvaldi nema með skírskotun til ákvæða sem sett eru með lögum Sambandsins eða landslögum.

36. gr.

Gagnavernd

Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar reglugerðar skulu lögbær yfirvöld sinna verkefnum sínum að því er varðar þessa reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

Að því er varðar vinnslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum innan ramma þessarar reglugerðar skal hún fara að reglugerð (EB) nr. 45/2001.

37. gr.

Varúðarráðstafanir

- Lögbært yfirvald í gístaðildarríki skal, þegar það hefur skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða fjármálamililíðurinn, sem stýrir útboði verðbréfa á almennan markað, hafi gerst sekur um brot eða að þessir aðilar hafi brotið í bága við skyldur sínar, samkvæmt þessari reglugerð, skal það vísa þeim niðurstöðum til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkisins og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
- Ef útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað eða fjármálamililíðurinn sem annast útboð verðbréfa á almennan markað, heldur áfram að brjóta gegn þessari reglugerð, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald heimaðildarríkis hefur gert, skal lögbært yfirvald gístaðildarríkisins, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald heimaðildarríkisins og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um það, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta og skal það upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina þar að lútandi við fyrsta tækifæri.
- Ef lögbært yfirvald er ósammála ráðstöfunum sem annað lögbært yfirvald gerir skv. 2. mgr. getur það beint málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur nýtt sér valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

VIII. KAFLI

STJÓRNSÝSLUVIÐURLÖG OG AÐRAR STJÓRNSÝSLURÁÐSTAFANIR

38. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

- Án þess að hafa áhrif á eftirlits- og rannsóknarheimildir lögbæra yfirvalda skv. 32. gr. og réttindi aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríki, í samræmi við landslög, kveða á um að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita stjórnsýsluviðurlögum og gera aðrar viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir sem skulu vera skilvirkar, hóflegar og letjandi. Þessi stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir skulu gilda a.m.k. um:
 - brot gegn 3. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr. (1.–11. mgr.), 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr. (1. og 3. mgr.), 14. gr. (1. og 2. mgr.), 15. gr. (1. mgr.), 16. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 17. gr., 18. gr., 19. gr. (1.–3. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1.–4. mgr. og 7.–11. mgr.), 22. gr. (2.–5. mgr.), 23. gr. (1., 2., 3. og 5. mgr.) og 27. gr.,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- b) skort á samstarfsvilja eða á að uppfylla skuldbindingar sínar við rannsókn eða beiðni sem fellur undir 32. gr.

Aðildarríki geta ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsluviðurlög, eins og um getur í fyrstu undirgrein, ef brotin sem um getur í a- eða b-lið í þeirri undirgrein falla þegar undir refsiviðurlög í landslögum þeirra þann 21. júlí 2018. Ákveði aðildarríkin svo skulu þau gera framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ítarlega grein fyrir viðkomandi þáttum í refsirétti þeirra.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 21. júlí 2018, tilkynna reglurnar sem um getur í fyrstu og annari undirgrein til framkvæmdastjórnarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði, án tafar, um hvers konar síðari breytingar á reglunum.

2. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög, tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita a.m.k. eftirfarandi stjórnsluviðurlögum og öðrum stjórnsluráðstöfunum í tengslum við brotin sem um getur í a-lið fyrstu l. mgr.:

- a) opinberri yfirlýsingu sem gefur til kynna einstaklinginn eða lögaðilann sem ber ábyrgð á brotinu og eðli brotsins í samræmi við 42. gr.,
- b) fyrirmælum sem krefjast þess að einstaklingurinn eða lögaðilinn sem ber ábyrgðina hætti brotlega framferðinu,
- c) hámarks fjárhagslegum stjórnsluviðurlögum sem eru allt að tvöföld fjárhæð þess hagnaðar sem fæst eða taps sem komist er hjá, vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða það,
- d) ef um er að ræða lögaðila, hámarks fjárhagslegum stjórnsluviðurlögum sem eru a.m.k. 5 000 000 evrur, eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis þann 20. júlí 2017, eða 3% af heildarveltu viðkomandi lögaðila á ári samkvæmt síðustu tiltæku reikningsskilum sem samþykkt eru af stjórninni.

Ef lögaðilinn er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags, sem krafa er gerð um að geri samstæðureikningsskil í samræmi við tilskipun 2013/34/ESB, skal viðkomandi heildarvelta á ári vera heildarvelta á ári eða samsvarandi tekjur í samræmi við viðkomandi lög Sambandsins á sviði reikningsskila í samræmi við síðustu tiltæku samstæðureikningsskil sem stjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt,

- e) þegar um er að ræða einstakling, hámarks fjárhagslegum stjórnsluviðurlögum sem eru a.m.k. 700 000 evrur eða, í aðildarríkjum sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli þess þann 20. júlí 2017.

3. Aðildarríki geta kveðið á um frekari viðurlög eða ráðstafanir og um hærri fjárhagsleg stjórnsluviðurlög en þau sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

39. gr.

Nýting eftirlitsheimilda og valdheimilda til að beita viðurlögum

1. Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund og umfang stjórnsluviðurlaga og annarra ráðstafana, þ.m.t., eftir því sem við á:

- a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,
- b) hlutfalls ábyrgðar hvers þess sem ábyrgur er fyrir brotinu,
- c) fjárhagslegs styrks hvers þess sem ber ábyrgð á brotinu, eins og er tilgreint með heildarveltu lögaðilans sem ber ábyrgðina eða árstekna eða hreinnar eignar einstaklingsins sem ábyrgur er,
- d) áhrifa brotsins á hagsmuni almennra fjárfesta,
- e) mikilvægis hagnaðar, taps sem hver sá sem ábyrgur er fyrir brotinu kemst hjá eða taps þriðja aðila sem leiðir af brotinu, svo fremi sem hægt er að ákvarða það,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- f) umfangs samstarfs þess sem ber ábyrgð á brotinu við lögbæra yfirvaldið, án þess að hafa áhrif á þörfina fyrir að tryggja að sá hinn sami endurgreiði áunninn hagnað eða tap sem komist var hjá,
- g) fyrri brota aðilans sem ábyrgur er fyrir brotinu,
- h) ráðstafana sem aðilinn sem ber ábyrgð á brotinu gerir eftir brotið til að koma í veg fyrir endurtekið brot.

2. Þegar lögbær yfirvöld beita heimildum sínum til að beita stjórnsluviðurlögum og öðrum stjórnsluráðstöfunum skv. 38. gr. skulu þau hafa náð samstarf til að tryggja að eftirlits- og rannsóknarheimildirnar og stjórnsluviðurlögin, sem þau beita, og aðrar stjórnsluráðstafanir sem þau gera, séu skilvirkar og viðeigandi samkvæmt þessari reglugerð. Þau skulu samræma aðgerðir sínar til að forðast tvítekingu og skörun þegar eftirlits- og rannsóknarheimildum og stjórnsluviðurlögum öðrum ráðstöfunum er beitt í tilvikum sem ná þvert yfir landamæri.

40. gr.

Réttur til áfrýjunar

Aðildarríki skulu tryggja að ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari reglugerð séu rökstuddar á tilhlýðilegan hátt og falli undir rétt til áfrýjunar fyrir dómstóli.

Að því er varðar 20. gr. skal réttur til áfrýjunar einnig gilda ef lögbært yfirvald hefur hvorki tekið ákvörðun um að samþykkja eða synja umsókn um samþykki né beðið um breytingar eða viðbótarupplýsingar innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 2., 3. og 6. mgr. 20. gr. að því er varðar þá umsókn.

41. gr.

Tilkynning um brot

- Lögbær yfirvöld skulu koma á skilvirku fyrirkomulagi sem hvetur til og gerir kleift að tilkynna raunveruleg eða hugsanleg brot á þessari reglugerð til þeirra.
- Fyrirkomulagið, sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. taka til:
 - sérstakra reglna um móttöku skýrslna um möguleg eða raunveruleg brot og eftirfylgni þeirra, þ.m.t. um að koma á öruggum samskiptaleiðum í tengslum við slíkar skýrslur,
 - fullnægjandi verndunar starfsfólks sem starfar samkvæmt ráðningarsamningi sem tilkynnir um brot gegn a.m.k. refsiaðgerðum, mismunum og annars konar ósanngjarnri meðferð af hálfu vinnuveitanda þeirra eða þriðja aðila,
 - verndar á auðkennum og persónuupplýsingum, bæði á aðilanum sem tilkynnir brotin og einstaklingnum sem ber meinta ábyrgð á broti, á öllum stigum málsmeðferðarinnar nema slíkar birtingar sé krafist að landslögum í tengslum við frekari rannsókn eða síðari dómsmeðferðir.
- Aðildarríki geta kveðið á um fjárhagslega hvata fyrir þá aðila sem veita viðeigandi upplýsingar um raunveruleg eða möguleg brot gegn þessari reglugerð, í samræmi við landslög, ef slíkir aðilar hafa ekki aðrar fyrirliggjandi lagalegar eða sammingsbundnar skyldur um að skýra frá slíkum upplýsingum og að því tilskildu að upplýsingarnar séu nýjar og að þær leiði til beitingar stjórnslu- eða refsivíðurlaga eða að gripið sé til annarra stjórnsluráðstafana, vegna brots á þessari reglugerð.
- Aðildarríki geta krafist vinnuveitendur, sem stunda starfsemi sem fellur undir eftirlit sem fjármálaþjónusta, um að hafa yfir viðeigandi verklagsreglum að ráða fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innanhúss um raunveruleg eða hugsanleg brot eftir tiltekinni, óháðri og sjálfstæðri boðleið.

42. gr.

Birting ákvarðana

- Lögbær yfirvöld skulu birta á opinberu vefsetri sínu sérhverja ákvörðun um að leggja á stjórnsluviðurlög eða beita annarri stjórnsluráðstöfun, án ástæðulausrar tafar, eftir að hver sá sem beittur er viðurlögum er upplýstur um þá ákvörðun. Birtingin skal innihalda a.m.k. upplýsingar um gerð og eðli brotsins og deili á aðilanum sem bera ábyrgð á brotinu. Sú skylda gildir ekki um ákvarðanir um að gera ráðstafanir sem eru rannsóknarlegs eðlis.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

2. Ef lögbært yfirvald telur að birting á auðkennum lögaðilanna eða á persónuupplýsingum einstaklingsins sé ekki í réttu hlutfalli við tilefnið, í framhaldi af mati á einstökum tilvikum út frá meðalhófsreglu fyrir birtingu á slíkum gögnum, eða ef birtingin teflir stöðugleika fjármálamarkaðarins eða áframhaldandi rannsókn í tvísýnu, skulu aðildarríki tryggja að lögbær yfirvöld geri eitt af eftirfarandi:

- fresti birtingu ákvörðunar um að beita viðurlögum eða ráðstöfunum þar til ástæður fyrir því að birta hana ekki eru ekki lengur fyrir hendi,
- birti ákvörðun um að leggja á viðurlög eða beita annarri ráðstöfun undir nafnleynd á þann hátt sem er í samræmi við landslög, ef slík birting undir nafnleynd tryggir skilvirka vernd viðkomandi persónuupplýsinga,
- birti ekki ákvörðunina um að beita viðurlögum eða ráðstöfun í þeim tilvikum þegar valkostirnir sem settir eru fram í a- og b-lið eru álitnir vera ófullnægjandi til að tryggja:
 - að stöðugleika fjármálamarkaða verði ekki stofnað í hættu,
 - meðalhóf birtingarinnar á slíkum ákvörðunum að því er varðar ráðstafanir sem taldar eru minniháttar.

Þegar um er að ræða ákvörðun um að birta viðurlög eða ráðstöfun undir nafnleynd, eins og um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, er heimilt að veita hæfilegan frest fyrir birtingu á viðkomandi gögnum ef fyrirséð er að ástæður fyrir nafnlausri birtingu séu ekki lengur fyrir hendi þegar hann rennur út.

3. Þegar ákvörðun um að beita viðurlögum eða ráðstöfun er skotið til þar til bærs dómsvalds eða annarra yfirvalda skulu lögbær yfirvöld án tafar einnig birta á opinberu vefsetri sínu slíkar upplýsingar og allar upplýsingar í kjölfarið um niðurstöðu þessa málskots. Þar að auki skal einnig birta sérhverja ákvörðun um að ógilda fyrri ákvörðun um að leggja á viðurlög eða ráðstöfun.

4. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að sérhver birting, í samræmi við þessa grein, sé áfram á opinberu vefsetri þeirra í a.m.k. fimm ár eftir birtingu. Persónuupplýsingar, sem birtingin tekur til, skulu eingöngu vera á opinberu vefsetri lögbæru yfirvaldanna svo lengi sem nauðsynlegt er samkvæmt viðeigandi reglum um gagnavernd.

43. gr.

Tilkynning um viðurlög til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Lögbæra yfirvaldið skal árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samanteknar upplýsingar um öll stjórnsluviðurlög og aðrar stjórnsluráðstafanir sem beitt er skv. 38. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal birta þessar upplýsingar í ársskýrslu sinni.

Lögbær yfirvöld aðildarríkja, sem hafa kosið að mæla fyrir um refsiviðurlög, í samræmi við 1. mgr. 38. gr., vegna brota á ákvæðunum sem um getur í þeirri málsgrein, skulu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni árlega í té samantekin nafnlaus gögn sem varða alla rannsókn sakamálsins sem hafist er handa við og refsiviðurlögin sem kveðið er á um. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal birta upplýsingar um refsiviðurlög sem lögð eru á í ársskýrslu sinni.

2. Hafi lögbært yfirvald birt upplýsingar um stjórnsluviðurlög, aðrar stjórnsluráðstafanir eða refsiviðurlög opinberlega skal það samtímis tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

3. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um öll stjórnsluviðurlög eða aðrar stjórnsluráðstafanir sem lögð eru á en ekki birt í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 42. gr., þ.m.t. hverja áfrýjun í tengslum við þau og niðurstöðuna af henni. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld fái upplýsingar og endanlegan dóm í tengslum við öll refsiviðurlög sem lögð eru á og leggja þær fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal viðhalda miðlægu gagnasafni yfir viðurlög sem tilkynnt er um til hennar, eingöngu í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli lögbærra yfirvalda. Gagnasafnið skal eingöngu vera aðgengilegt lögbærum yfirvöldum og uppfært á grundvelli upplýsinga sem lögbæru yfirvöldin veita.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

IX. KAFLI

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

44. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Valdið til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 1. gr. (7. mgr.), 9. gr. (14. mgr.), 13. gr. (1. og 2. mgr.), 14. gr. (3. mgr.), 15. gr. (2. mgr.), 16. gr. (5. mgr.), 20. gr. (11. mgr.) og 29. gr. (3. mgr.) skal falið framkvæmdastjórninni til óákveðins tíma frá 20. júlí 2017.
3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 1. gr. (7. mgr.), 9. gr. (14. mgr.), 13. gr. (1. og 2. mgr.), 14. gr. (3. mgr.), 15. gr. (2. mgr.), 16. gr. (5. mgr.), 20. gr. (11. mgr.) og 29. gr. (3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópu-sambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1. gr. (7. mgr.), 9. gr. (14. mgr.), 13. gr. (1. og 2. mgr.), 14. gr. (3. mgr.), 15. gr. (2. mgr.), 16. gr. (5. mgr.), 20. gr. (11. mgr.) og 29. gr. (3. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Framlengja skal þennan frest um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

45. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB⁽¹⁾. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

X. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

46. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 2003/71/EB er felld úr gildi frá og með 21. júlí 2019 nema:
 - a) a- og g-liður 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/71/EB, sem felldir eru niður frá og með 20. júlí 2017 og

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

b) h-liður 2. mgr. 1. gr. og e-liður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB, sem felldir eru niður frá og með 21. júlí 2018.

2. Líta ber á tilvísanir í tilskipun 2003/71/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka þessarar reglugerðar.

3. Lýsingar sem samþykktar eru í samræmi við landslög sem leiða í lög tilskipun 2003/71/EB fyrir 21. júlí 2019 skulu áfram falla undir þau landslög þar til þær falla úr gildi, eða þar til tólf mánuðir eru liðnir frá 21. júlí 2019, hvort sem á sér stað fyrr.

47. gr.

Skýrsla Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um lýsingar

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal á grundvelli skjala sem um getur í 6. mgr. 21. gr. birta á hverju ári skýrslu sem inniheldur tölfræðilegar upplýsingar um lýsingar sem hafa verið samþykktar og tilkynntar í Sambandinu og greiningu á þróun með tilliti til:

a) tegunda útgefenda, einkum þeim flokkum aðila sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 15. gr., og

b) tegunda útgáfa, einkum heildarfjárhæð útboðanna, tegunda framseljanlegra verðbréfa, tegunda viðskiptavettvanga og nafnverðseininga.

2. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skal einkum koma fram:

a) greining á því að hvaða marki birtingarfyrirkomulagið, sem sett var fram í 14. og 15. gr., og almenna útgefandalýsingin sem um getur í 9. gr. eru notuð í Sambandinu,

b) tölfræðilegar upplýsingar um grunnlýsingar og endanlega skilmála og um lýsingar sem gerðar eru sem sérstök skjöl eða sem eitt skjal,

c) tölfræðilegar upplýsingar um meðaltal og heildarfjárhæð útboða óskráðra félaga, félaga sem hafa látið taka verðbréf sín til viðskipta á markaðstorgum fjármálagerninga, þ.m.t. á vaxtarmörkuðum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og félaga sem hafa látið taka verðbréf sín til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum, á verðbréfum á almannan markað sem falla undir þessa reglugerð. Slíkar tölfræðilegar upplýsingar skulu, eftir atvikum, sundurliða upphafleg almenn útboð og síðari útboð og sundurliða hlutabréfatengd verðbréf og verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd,

d) tölfræðilegar upplýsingar um notkun tilkynningaraðferða í 25. og 26. gr., þ.m.t. sundurliðun eftir aðildarríkum á fjölda samþykkisvottorða sem tilkynnt er um í tengslum við lýsingar, útgefandalýsingar og almennar útgefandalýsingar.

48. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 21. júlí 2022, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar ásamt tillögum að viðeigandi löggjöf ef þörf krefur.

2. Í skýrslunni skal m.a. meta hvort samantekt lýsingar, birtingarfyrirkomulagið sem sett er fram í 14. og 15. gr. og almenna útgefandalýsingin sem um getur í 9. gr. séu áfram viðeigandi í ljósi markmiða þeirra. Skýrslan skal einkum innihalda eftirfarandi:

a) fjölda ESB-vaxtarlýsinga aðila í hverjum þeirra fjögurra flokka sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 15. gr. og greiningu á þróun þess fjölda og leitni í vali aðila, sem hafa rétt á að nota ESB-vaxtarlýsingar, á viðskiptavettvangi,

b) greiningu á því hvort ESB-vaxtarlýsingar tryggi eðlilegt jafnvægi milli verndar fjárfesta og þess að draga úr stjórnsýslubyrði aðilanna sem eiga rétt á að nota þær.

3. Í skýrslunni skal, á grundvelli greiningarinnar sem um getur í 2. mgr., meta hvort breytingar á þessari reglugerð séu nauðsynlegar til að auðvelda enn frekar fjármögnun lítilla fyrirtækja, á sama tíma og þær tryggja fullnægjandi vernd fjárfesta, þ.m.t. hvort þurfi að leiðrétta viðkomandi viðmiðunarmörk.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

4. Þar að auki skal í skýrslunni meta hvort útgefendum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sé unnt að fá kennimerki lögaðila (LEIs) og alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) á sanngjörnu verði innan hæfilegs tíma. Skýrslan skal taka mið af niðurstöðum jafningjarninnar sem um getur í 13. mgr. 20. gr.

49. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Án þess að hafa áhrif á 2. mgr. 44. gr. skal þessi reglugerð gilda frá 21. júlí 2019, nema 3. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. sem skulu gilda frá 21. júlí 2018 og a- b- og c-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr. og önnur undirgrein 5. mgr. 1. gr. sem skulu gilda frá 20. júlí 2017.
3. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að 11. gr., 20. gr. (9. mgr.), 31. gr., 32. gr. og 38.–43. gr. fyrir 21. júlí 2019. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar. Gjört í Strassborg 14. júní 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
A. TAJANI
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
H. DALLI
forseti.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

I. VIÐAUKI

LÝSING

I. Samantekt

II. Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda

Tilgangurinn er að tilgreina fulltrúa fyrirtækisins og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða skráningu fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu lýsingarinnar og á endurskoðun ársreikninga.

III. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð og væntanleg tímaáætlun

Tilgangurinn er að veita helstu upplýsingar um framkvæmd útboða og tilgreina mikilvægar dagsetningar sem tengjast þeim.

A. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð

B. Aðferð og væntanleg tímaáætlun

IV. Helstu upplýsingar

Tilgangurinn er að gera í stuttu máli grein fyrir helstu upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun og áhættuþætti. Ef ársreikningar í skjalinu eru verðleiðréttir til að endurspeglar veigamiklar breytingar á uppbyggingu fyrirtækjahóps fyrirtækisins eða reikningsskilastefnu skal einnig verðleiðrétta valin fjármálagögn.

A. Valin fjármálagögn

B. Fjármögnun og skuldsetning (eingöngu vegna hlutabréfatengdra verðbréfa)

C. Ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans

D. Áhættuþættir

V. Upplýsingar um fyrirtækið

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um atvinnurekstur fyrirtækisins, afurðir sem það framleiðir eða þjónustu sem það veitir og þá þætti sem hafa áhrif á reksturinn. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um það hvort eignir fyrirtækisins, tækjakostur og búnaður séu viðunandi og hagkvæm og um framtíðaráætlanir varðandi aukningu eða minnkun afkasta.

A. Saga og þróun fyrirtækisins

B. Yfirlit yfir atvinnurekstur

C. Stjórnskipulag

D. Varanlegir rekstrarfjármunir

VI. Yfirlit yfir rekstur og fjármál og framtíðarhorfur

Tilgangurinn er að koma á framfæri skýringu yfirstjórnarinnar á þáttum sem hafa haft áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins samkvæmt fyrri ársreikningum og mati hennar á þáttum og horfum sem búist er við að hafi veigamikil áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins í framtíðinni.

A. Afkoma fyrirtækisins

B. Lausafé og eignarhlutar í hlutafélagi

C. Rannsóknir og þróun, einkaleyfi og leyfi o.s.frv.

D. Horfur

VII. Stjórnarmenn, æðstu stjórnendur og launamenn

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækisins sem gera fjárfestum kleift að meta reynslu þeirra, menntun og hæfi og launakjör ásamt tengslum þeirra við fyrirtækið.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- A. Stjórnarmenn og æðstu stjórnendur
 - B. Starfskjör
 - C. Starfsvenjur
 - D. Starfsmenn
 - E. Hlutabréfaeign
- VIII. Stærstu hluthafar og viðskipti tengdra aðila
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stærstu hluthafa og aðra sem kunna að geta stjórnað eða haft áhrif á fyrirtækið. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins við aðila í eignatengslum við fyrirtækið og hvort skilmálar slíkra viðskipta eru sanngjörn fyrir fyrirtækið.
- A. Stærstu hluthafar
 - B. Viðskipti tengdra aðila
 - C. Hagsmunir sérfræðinga og ráðgjafa
- IX. Fjárhagsupplýsingar
Tilgangurinn er að tilgreina hvaða ársreikningar skuli vera hluti af skjalinu ásamt því til hvaða tímabila upplýsingarnar skuli taka, aldri ársreikninganna og öðrum upplýsingum fjármálalegs eðlis. Reikningsskila- og endurskoðunarreglur sem verða samþykktar til nota við undirbúning og endurskoðun á ársreikningum verða ákvarðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskila- og endurskoðunarstaðla.
- A. Samstæðureikningsskil og aðrar fjárhagslegar upplýsingar
 - B. Mikilvægar breytingar
- X. Ítarlegar upplýsingar um útboð og skráningu
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um útboð og skráningu verðbréfa, áætlun um dreifingu verðbréfa og tengd málefni.
- A. Útboð og skráning
 - B. Áætlun um dreifingu
 - C. Markaðir
 - D. Verðbréfaeigendur sem vilja selja
 - E. Þynning (einungis hlutabréf)
 - F. Útgáfukostnaður
- XI. Viðbótarupplýsingar
Tilgangurinn er að veita upplýsingar sem flestar eru lögboðnar og ekki finnast annars staðar í lýsingunni.
- A. Hlutfé
 - B. Stofnsamþykktir
 - C. Mikilvægir samningar
 - D. Gjaldeyriseftirlit
 - E. Viðvörðun um skattalegar afleiðingar
 - F. Arður og stofnanir sem annast greiðslur
 - G. Yfirlýsing frá sérfræðingum
 - H. Skjöl til sýnis
 - I. Aðrar upplýsingar
-

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

II. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING

I. Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda

Tilgangurinn er að tilgreina fulltrúa fyrirtækisins og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða skráningu fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu lýsingarinnar og á endurskoðun ársreikninga.

II. Helstu upplýsingar um útgefandann

Tilgangurinn er að gera í stuttu máli grein fyrir helstu upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun og áhættuþætti. Ef ársreikningar í skjalinu eru verðleiðréttir til að endurspeglar veigamiklar breytingar á uppbyggingu fyrirtækjahóps fyrirtækisins eða reikningskilastefnu skal einnig verðleiðrétt valin fjármálagögn.

A. Valin fjármálagögn

B. Fjármögnun og skuldsetning (eingöngu vegna hlutabréfatengdra verðbréfa)

C. Áhættuþættir í tengslum við útgefandann

III. Upplýsingar um fyrirtækið

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um atvinnurekstur fyrirtækisins, afurðir sem það framleiðir eða þjónustu sem það veitir og þá þætti sem hafa áhrif á reksturinn. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um það hvort eignir fyrirtækisins, tækjakostur og búnaður séu viðunandi og hagkvæm og um framtíðaráætlanir varðandi aukningu eða minnkun afkasta.

A. Saga og þróun fyrirtækisins

B. Yfirlit yfir atvinnurekstur

C. Stjórnskipulag

D. Eignir, tækjakostur og búnaður

IV. Yfirlit yfir rekstur og fjármál og framtíðarhorfur

Tilgangurinn er að koma á framfæri skýringu yfirstjórnarinnar á þáttum sem hafa haft áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins samkvæmt fyrri ársreikningum og mati hennar á þáttum og horfum sem búist er við að hafi veigamikil áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins í framtíðinni.

A. Afkoma fyrirtækisins

B. Lausafé og eignarhlutar í hlutafélagi

C. Rannsóknir og þróun, einkaleyfi og leyfi o.s.frv.

D. Horfur

V. Stjórnarmenn, æðstu stjórnendur og launamenn

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækisins sem gera fjárfestum kleift að meta reynslu þeirra, menntun og hæfi og launakjör ásamt tengslum þeirra við fyrirtækið.

A. Stjórnarmenn og æðstu stjórnendur

B. Starfskjör

C. Starfsvenjur

D. Starfsmenn

E. Hlutabréfaeign

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- VI. Stærstu hluthafar og viðskipti tengdra aðila
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stærstu hluthafa og aðra sem kunna að geta stjórnað eða haft áhrif á fyrirtækið. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins við aðila í eignatengslum við fyrirtækið og hvort skilmálar slíkra viðskipta eru sanngjörn fyrir fyrirtækið.
- A. Stærstu hluthafar
 - B. Viðskipti tengdra aðila
 - C. Hagsmunir sérfræðinga og ráðgjafa
- VII. Fjárhagsupplýsingar
Tilgangurinn er að tilgreina hvaða ársreikningar skuli vera hluti af skjalinu ásamt því til hvaða tímabila upplýsingarnar skuli taka, aldri ársreikninganna og öðrum upplýsingum fjármálalegs eðlis. Reikningsskila- og endurskoðunarreglur sem verða samþykktar til nota við undirbúning og endurskoðun á ársreikningum verða ákvarðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskila- og endurskoðunarstaðla.
- A. Samstæðureikningsskil og aðrar fjárhagslegar upplýsingar
 - B. Mikilvægar breytingar
- VIII. Viðbótarupplýsingar
Tilgangurinn er að veita upplýsingar sem flestar eru lögboðnar og ekki finnast annars staðar í lýsingunni.
- A. Hlutfé
 - B. Stofnsamþykktir
 - C. Mikilvægir samningar
 - D. Yfirlýsing frá sérfræðingum
 - E. Skjöl til sýnis
 - F. Aðrar upplýsingar
-

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

III. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING

I. Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda

Tilgangurinn er að tilgreina fulltrúa fyrirtækisins og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða skráningu fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu lýsingarinnar og á endurskoðun ársreikninga.

II. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð og væntanleg tímaáætlun

Tilgangurinn er að veita helstu upplýsingar um framkvæmd útboða og tilgreina mikilvægar dagsetningar sem tengjast þeim.

A. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð

B. Aðferð og væntanleg tímaáætlun

III. Helstu upplýsingar um útgefandann

Tilgangurinn er að gera í stuttu máli grein fyrir helstu upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun og áhættuþætti. Ef ársreikningar í skjalinu eru verðleiðréttir til að endurspeglar veigamiklar breytingar á uppbyggingu fyrirtækjahóps fyrirtækisins eða reikningskilastefnu skal einnig verðleiðrétta valin fjármálagögn.

A. Fjármögnun og skuldsetning (eingöngu vegna hlutabréfatengdra verðbréfa)

B. Upplýsingar um rekstrarfé (eingöngu vegna hlutabréfatengdra verðbréfa)

C. Ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans

D. Áhættuþættir

IV. Helstu upplýsingar um verðbréfin

Tilgangurinn er að veita nauðsynlegar upplýsingar um verðbréfin sem bjóða skal út á almennum markaði og/eða taka til viðskipta.

A. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta

B. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út

C. Hlutfallslegur forgangur verðbréfa í fjármagnsuppbyggingu útgefanda ef um er að ræða ógjaldfærni hans, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um forgangsroðun verðbréfanna og möguleg áhrif á fjárfestinguna ef um er að ræða skilameðferð skv. tilskipun 2014/59/ESB

D. Arðgreiðslustefna, ákvæði um vaxtagjöld eða lýsing á undirliggjandi þætti, þ.m.t. aðferðin sem notuð er til að tengja undirliggjandi þáttinn og vextina, ásamt því hvar upplýsingar sé að finna um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flókt hans

E. Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra

V. Hagsmunir sérfræðinga

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins við sérfræðinga eða ráðgjafa sem eru ráðnir gegn þóknun.

VI. Ítarlegar upplýsingar um útboð og skráningu

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um útboð og skráningu verðbréfa, áætlun um dreifingu verðbréfa og tengd málefni.

A. Útboð og skráning

B. Áætlun um dreifingu

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- C. Markaðir
 - D. Verðbréfaeigendur sem vilja selja
 - E. Þynning (einungis hlutabréf)
 - F. Útgáfukostnaður
- VII. Viðbótarupplýsingar
- Tilgangurinn er að veita upplýsingar sem flestar eru lögboðnar og ekki finnast annars staðar í lýsingunni.
- A. Gjaldeyriseftirlit
 - B. Viðvörðun um skattalegar afleiðingar
 - C. Arður og stofnanir sem annast greiðslur
 - D. Yfirlýsing frá sérfræðingum
 - E. Skjöl til sýnis
-

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

IV. VIÐAUKI

ÚTGEFANDALÝSING FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGUNA

- I. Ábyrgð á útgefandalýsingunni
Tilgangurinn er að tilgreina útgefandann og fulltrúa hans og aðra einstaklinga sem tengjast útboði fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu útgefandalýsingarinnar.
 - II. Stefnuáætlun, árangur og viðskiptaumhverfi
Tilgangurinn er að upplýsa um stefnuáætlun og markmið fyrirtækis í tengslum við þróun og framtíðarárangur og að veita upplýsingar um starfsemi fyrirtækis, afurðir þess eða þjónustuna sem það veitir, fjárfestingar þess og þættina sem hafa áhrif á starfsemina. Þar að auki skal fjalla um áhættuþættina sem varða fyrirtækið sérstaklega og viðeigandi upplýsingar um leitni.
 - III. Stjórnarhættir fyrirtækja
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækisins sem gera fjárfestum kleift að meta reynslu þeirra, menntun og hæfi og launakjör ásamt tengslum þeirra við fyrirtækið.
 - IV. Reikningsskil og helstu frammistöðuvisar
Tilgangurinn er að tilgreina hvaða reikningsskil og helstu frammistöðuvisar skuli vera í skjalinu sem nær yfir síðastliðin tvö fjárhagsár (fyrir hlutabréfatengd verðbréf) eða síðastliðið fjárhagsár (fyrir verðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd) eða slíkan skemmri tíma sem útgefandinn hefur verið starfræktur.
 - V. Greinargerð um rekstur og fjárhag (aðeins fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem gefin eru út af félögum sem eru að markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrur)
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu og rekstrarárangur ef skýrslurnar, sem eru settar fram og gerðar í samræmi við 19. og 29. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, fyrir tímabilin sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til, eru ekki í ESB-vaxtarlýsingunni.
 - VI. Upplýsingar hluthafa
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um lagalega meðferð og málsmeðferð fyrir gerðardómi, hagsmunaaðrekstra og viðskipti tengdra aðila sem og upplýsingar um hlutafé.
-

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

V. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING FYRIR ESB-VAXTARLÝSINGUNA

- I. Ábyrgð á verðbréfalýsingunni
Tilgangurinn er að tilgreina útgefandann og fulltrúa hans og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða töku fyrirtækisins til viðskipta. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu lýsingarinnar.
 - II. Yfirlýsing um veltufé og yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu (aðeins fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem gefin eru út af félögum sem eru að markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrur)
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um fjármögnun og skuldsetningu útgefanda og upplýsingar um það hvort veltufé nægi til að uppfylla núverandi skuldbindingar hans eða ef sú er ekki reyndin skal hann gera grein fyrir því hvernig útgefandinn hyggist útvega nauðsynlegt viðbótarveltufé.
 - III. Skilmálar og skilyrði fyrir útboðinu
Tilgangurinn er að veita nauðsynlegar upplýsingar um skilmála og skilyrði verðbréfanna og lýsingu á öllum réttindum sem þeim fylgja. Þar að auki skal tiltaka áhættuþættina sem varða verðbréfin sérstaklega.
 - IV. Upplýsingar um útboðið og væntanleg tímaáætlun
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um útboðið og, eftir atvikum, töku til viðskipta á markaðstorg fjármálagerninga, þ.m.t. endanlegt útboðsverð og fjölda verðbréfa (hvort sem það er gefið upp sem fjöldi verðbréfa eða samtala nafnverðs) sem bjóða á út, ástæður fyrir útboðinu, dreifingaráætlun verðbréfanna, notkun ágóðans af útboðinu, útgjöld vegna útgáfunnar og útboðsins og þynning (aðeins vegna hlutabréfatengdra verðbréfa).
 - V. Upplýsingar um ábyrgðaraðila
Tilgangurinn er að veita upplýsingar um ábyrgðaraðila verðbréfanna eftir atvikum, þ.m.t. nauðsynlegar upplýsingar um ábyrgðina sem fylgir verðbréfunum, áhættuþættina og fjárhagsupplýsingar sem eru sértækar að því er varðar ábyrgðaraðilann.
-

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

VI. VIÐAUKI SAMSVÖRUNARTAFLA (sem um getur í 46. gr.)

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
a-liður 2. mgr. 1. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
b-liður 2. mgr. 1. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
c-liður 2. mgr. 1. gr.	c-liður 2. mgr. 1. gr.
d-liður 2. mgr. 1. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.
e-liður 2. mgr. 1. gr.	e-liður 2. mgr. 1. gr.
f-liður 2. mgr. 1. gr.	—
g-liður 2. mgr. 1. gr.	f-liður 2. mgr. 1. gr.
h-liður 2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
i-liður 2. mgr. 1. gr.	—
j-liður 1. mgr. 2. gr.	j-liður 4. mgr. 1. gr. og i-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	4. gr.
4. mgr. 1. gr.	—
a-liður 1. mgr. 2. gr.	a-liður 2. gr.
b-liður 1. mgr. 2. gr.	b-liður 2. gr.
c-liður 1. mgr. 2. gr.	c-liður 2. gr.
d-liður 1. mgr. 2. gr.	d-liður 2. gr.
e-liður 1. mgr. 2. gr.	e-liður 2. gr.
f-liður 1. mgr. 2. gr.	f-liður 2. gr.
g-liður 1. mgr. 2. gr.	g-liður 2. gr.
h-liður 1. mgr. 2. gr.	h-liður 2. gr.
i-liður 1. mgr. 2. gr.	i-liður 2. gr.
j-liður 1. mgr. 2. gr.	j-liður 2. gr.
k-liður 1. mgr. 2. gr.	—

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
l-liður 1. mgr. 2. gr.	—
m-liður 1. mgr. 2. gr.	m-liður 2. gr.
n-liður 1. mgr. 2. gr.	n-liður 2. gr.
o-liður 1. mgr. 2. gr.	p-liður 2. gr.
p-liður 1. mgr. 2. gr.	q-liður 2. gr.
q-liður 1. mgr. 2. gr.	r-liður 2. gr.
r-liður 1. mgr. 2. gr.	s-liður 2. gr.
s-liður 1. mgr. 2. gr.	—
t-liður 1. mgr. 2. gr.	—

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
4. mgr. 2. gr.	—
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
a-liður 2. mgr. 3. gr.	a-liður 4. mgr. 1. gr.
b-liður 2. mgr. 3. gr.	b-liður 4. mgr. 1. gr.
c-liður 2. mgr. 3. gr.	d-liður 4. mgr. 1. gr.
d-liður 2. mgr. 3. gr.	c-liður 4. mgr. 1. gr.
e-liður 2. mgr. 3. gr.	—
Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 3. gr.	1. mgr. 5. gr.
3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	—
a-liður 1. mgr. 4. gr.	e-liður 4. mgr. 1. gr.
b-liður 1. mgr. 4. gr.	f-liður 4. mgr. 1. gr.
c-liður 1. mgr. 4. gr.	g-liður 4. mgr. 1. gr.
d-liður 1. mgr. 4. gr.	h-liður 4. mgr. 1. gr.
e-liður 1. mgr. 4. gr.	i-liður 4. mgr. 1. gr.
Önnur til fimmta undirgrein 1. mgr. 4. gr.	—
a-liður 2. mgr. 4. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.
b-liður 2. mgr. 4. gr.	d-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr.
c-liður 2. mgr. 4. gr.	e-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.
d-liður 2. mgr. 4. gr.	f-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.
e-liður 2. mgr. 4. gr.	g-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.
f-liður 2. mgr. 4. gr.	h-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr.
g-liður 2. mgr. 4. gr.	b- og c-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr.
h-liður 2. mgr. 4. gr.	j-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr.
3. mgr. 4. gr.	7. mgr. 1. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. og 2. mgr. 6. gr, 2. mgr. 14. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
2. mgr. 5. gr.	7. gr.
3. mgr. 5. gr.	3. mgr. 6. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 5. gr.	1. mgr. 8. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 5. gr.	10. mgr. 8. gr.
Fyrsti málslíður þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr.	5. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 25. gr.
Annar málslíður þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr.	4. mgr. 8. gr.
5. mgr. 5. gr.	1. mgr. 13. gr. og 13. mgr. 7. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 11. gr.
1. mgr. 7. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.
a-liður 2. mgr. 7. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
b-liður 2. mgr. 7. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.
c-liður 2. mgr. 7. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.
d-liður 2. mgr. 7. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.
e-liður 2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 15. gr
f-liður 2. mgr. 7. gr.	d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.
g-liður 2. mgr. 7. gr.	3. mgr. 14. gr
3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 13. gr.
4. mgr. 7. gr.	—
a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 8. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 17. gr.
b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 8. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 17. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 8. gr.	2. mgr. 17. gr
2. mgr. 8. gr.	1. mgr. 18. gr.
3. mgr. 8. gr.	2. mgr. 18. gr.
3. mgr. a í 8. gr.	3. mgr. 18. gr.
4. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 18. gr.
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 8. gr.	—
Önnur undirgrein 5. mgr. 8. gr.	—
1. mgr. 9. gr	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 9. gr.	1. mgr. 12. gr.
3. mgr. 9. gr.	1. mgr. 12. gr.
4. mgr. 9. gr.	2. mgr. 12. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 19. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 19. gr.
3. mgr. 11. gr.	4. mgr. 19. gr.
1. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 10. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
2. mgr. 12. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 10. gr.
3. mgr. 12. gr.	—
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 20. gr.
3. mgr. 13. gr.	3. mgr. 20. gr.
4. mgr. 13. gr.	4. mgr. 20. gr.
5. mgr. 13. gr.	8. mgr. 20. gr.
6. mgr. 13. gr.	9. mgr. 20. gr.
7. mgr. 13. gr.	—
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 21. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 21. gr.
3. mgr. 14. gr.	—
4. mgr. 14. gr.	5. mgr. 21. gr.
4. mgr. a 14. gr.	6. mgr. 21. gr.
5. mgr. 14. gr.	9. mgr. 21. gr.
6. mgr. 14. gr.	10. mgr. 21. gr.
7. mgr. 14. gr.	11. mgr. 21. gr.
8. mgr. 14. gr.	12. mgr. 21. gr.
1. mgr. 15. gr.	1. mgr. 22. gr.
2. mgr. 15. gr.	2. mgr. 22. gr.
3. mgr. 15. gr.	3. mgr. 22. gr.
4. mgr. 15. gr.	4. mgr. 22. gr.
5. mgr. 15. gr.	5. mgr. 22. gr.
6. mgr. 15. gr.	6. mgr. 22. gr.
7. mgr. 15. gr.	9. mgr. 22. gr.
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 23. gr.
2. mgr. 16. gr.	2. mgr. 23. gr.
3. mgr. 16. gr.	7. mgr. 23. gr.
1. mgr. 17. gr.	1. mgr. 24. gr.
2. mgr. 17. gr.	2. mgr. 24. gr.
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 25. gr.
2. mgr. 18. gr.	2. mgr. 25. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 18. gr.	3. mgr. 25. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 18. gr.	5. mgr. 21. gr.
4. mgr. 18. gr.	8. mgr. 25. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 27. gr.
2. mgr. 19. gr.	2. mgr. 27. gr.
3. mgr. 19. gr.	3. mgr. 27. gr.
4. mgr. 19. gr.	5. mgr. 27. gr.
1. mgr. 20. gr.	1. mgr. 29. gr.
2. mgr. 20. gr.	2. mgr. 29. gr.
3. mgr. 20. gr.	3. mgr. 29. gr.
1. mgr. 21. gr.	1. mgr. 31. gr.
1. mgr. a 21. gr.	1. mgr. 34. gr.
1. mgr. b í 21. gr.	2. mgr. 34. gr.
2. mgr. 21. gr.	2. mgr. 31. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
a-liður 3. mgr. 21. gr.	a-liður 1. mgr. 32. gr.
b-liður 3. mgr. 21. gr.	b-liður 1. mgr. 32. gr.
c-liður 3. mgr. 21. gr.	c-liður 1. mgr. 32. gr.
d-liður 3. mgr. 21. gr.	d-liður 1. mgr. 32. gr.
e-liður 3. mgr. 21. gr.	e-liður 1. mgr. 32. gr.
f-liður 3. mgr. 21. gr.	f-liður 1. mgr. 32. gr.
g-liður 3. mgr. 21. gr.	g-liður 1. mgr. 32. gr.
h-liður 3. mgr. 21. gr.	h-liður 1. mgr. 32. gr.
i-liður 3. mgr. 21. gr.	i-liður 1. mgr. 32. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 21. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 32. gr.
a-liður 4. mgr. 21. gr.	l-liður 1. mgr. 32. gr.
b-liður 4. mgr. 21. gr.	m-liður 1. mgr. 32. gr.
c-liður 4. mgr. 21. gr.	—
d-liður 4. mgr. 21. gr.	n-liður 1. mgr. 32. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 21. gr.	Fjórða undirgrein 1. mgr. 32. gr.
5. mgr. 21. gr.	3. mgr. 31. gr. og 6. mgr. 32. gr.
1. mgr. 22. gr.	2. mgr. 35. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 22. gr.	1. mgr. 33. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 22. gr.	—
Þriðja undirgrein 2. mgr. 22. gr.	5. mgr. 33. gr.
3. mgr. 22. gr.	—
4. mgr. 22. gr.	6. og 7. mgr. 33. gr.
1. mgr. 23. gr.	1. mgr. 37. gr.
2. mgr. 23. gr.	2. mgr. 37. gr.
1. mgr. 24. gr.	1. mgr. 45. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
2. mgr. 24. gr.	2. mgr. 45. gr.
2. mgr. a í 24. gr.	—
3. mgr. 24. gr.	—
24. gr. a	44. gr.
24. gr. b	44. gr.
24. gr. c	44. gr.
1. mgr. 25. gr.	1. mgr. 38. gr.
2. mgr. 25. gr.	42. gr.
26. gr.	40. gr.
27. gr.	—
28. gr.	46. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Tilskipun 2003/71/EB	Þessi reglugerð
29. gr.	—
30. gr.	—
31. gr.	48. gr.
31. gr. a	—
32. gr.	49. gr.
33. gr.	—